

**SKOÐUN** Nægur tími verður til að leiðrétta nokkur aukakíló síðar, skrifar Teitur Guðmundsson læknir. 23



**MENNING** Birgit Guðjónsdóttir hlaut verðlaun á Women's International Film & Television Showcase. 48



**SPORT** Man. City og Arsenal fengu gríðarlega erfið verkefni í Meistaradeildinni. 52







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
17. desember 2013
296. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ráðuneyti varnarlaus gegn sérhagsmunapoti** Íslensk ráðuneyti eru berskjölduð fyrir þrýstingi hagsmunaaðila, segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði. 16

**Fáir faglærðir í Reykjavík** Í höfuðborginni eru 30 prósent starfsmanna leikskóla menntuð leikskólakennarar, en tæp 70 prósent á Akureyri. 2

**Sjúkra- eða iðjuþjálfun skorin niður** Formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu segir að heilbrigðisráðuneytið verði að taka af skarið um niðurskurð. 4

**Nýjar aðferðir skila árangri** Nýjar aðferðir til að sinna bráðatilvikum hjá alvarlega geðveikum eru sagðar skila árangri. 12




| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SA | 8 |
| Akureyri | -3° | S | 5 |
| Egilsstaðir | -2° | S | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | A | 6 |
| Reykjavík | 0° | SA | 5 |

**Vaxandi SA-átt** í dag, víða strekkingur eða allhvass vindur í kvöld. Hlýnar, hiti að 7 stigum syðst í kvöld en kólnar svo aftur í framhaldinu. Él í fyrstu S- og V-til en rigning síðdegis. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Gjafakörfur | Fólk




# Segir jólapakkann tóman

Slitnað hefur upp úr kjaraviðræðum á almenna markaðnum. Samtök atvinnulífsins lögðu fram nýtt tilboð í gær en verkalýðshreyfingin segir það alltof lágt. SA lýsa eftir tillögum sem ekki hleypa verðbólgunni af stað.

**KJARAVIÐRÆÐUR** Kjaraviðræður á almennum vinnumarkaði eru strand eftir að launþegahreyfingin hafnaði tilboði Samtaka atvinnulífsins í gær. „Við buðum ákveðna útfærslu sem er sambland krónutöluhækkunar og annarra aðgerða til að styðja við hækkun lægstu launa," segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Tilboðið hljóðaði upp á að þeir sem eru með mánaðarlaun á milli 191 þúsund króna og upp í 225 þúsund fengju 7.250 króna hækkun, þeir sem fá laun á bilinu 225 til 265 þúsund fengju 5.500 króna hækkun en þeir sem eru með mánaðarlaun yfir 265 þúsundum áttu að fá tveggja prósenta hækkun. Þessu til viðbótar átti lágmarkstekjutrygging að hækka um tæpar tíu þúsund krónur.

Meðallaun eru 402 þúsund krónur. Samkvæmt tilboði SA myndu þau hækka upp í 410.040 krónur. Að frádregnum sköttum og lífeyrissjóðsgreiðslum fær meðaljóninn í dag útborgaðar 283.377 þúsund krónur. Samkvæmt tilboði SA myndi það hækka upp í 288.337 þúsund, eða um fimm þúsund krónur á mánuði. Það dugar tæpast fyrir bíóferð hjá vísitölufjölskyldunni og þessi hækkun myndi tæplega duga fyrir jólahangikjötinu.

„Við fengum tilboð í gærmorgun. Ég hélt að ég væri að fá jólapakka en pakkinn var tómur. Tilboðið var lakara en tilboð sem við fengum í síðustu viku," segir Björn Snæbjörnsson, formaður samninganefndar Starfsgreinasambandsins.

Sigurður Bessason, talsmaður Flóabandalagsins, tekur í svipaðan streng og segir ekki nokkra leið að ganga að tilboðinu.

Þorsteinn Víglundsson segir að samtökin hafi verið reiðubúin að koma til móts við kröfuna um hækkun lægstu launa. Þau hafi talið að tilboðið gæti orðið til að leysa deiluna.

„Við kölluðum eftir mótspili frá verkalýðshreyfingunni sem myndi ekki ógna verðstöðugleikanum en þeir treystu sér ekki til að leggja fram neinar hugmyndir þar að lútandi," segir Þorsteinn.

Kjaradeilan er nú hjá ríkissáttasemjara en litlar líkur eru á að samningar takist fyrir jól úr því sem komið er.

johanna @frettabladid.is

### ➜ Nægir tveggja prósenta launahækkun?



„Nei. Það þyrfti að fækka aðeins millistjórnendum og koma betur fram við fólkið á gólfinu."

*Sigurjón Arnar Jónsson, bílstjóri.*



„Nei, það er ekkert rosalega mikil hækkun. Hún gerir ósköp lítið fyrir fólkið. Ég myndi ekki telja þetta vera mikla launauppbót."

*Ellen Magnúsdóttir, heimavinnandi húsmóðir.*



„Nei, en það fer eftir því hvernig þessu er stillt upp. Tvö prósent er hógvært."

*Arnar Friðriksson, starfsmaður Norlandair.*



**JÓLASTEMNING** Margir leggja leið sína í miðbæinn fyrir jólin og var sérstaklega jólalegt um að litast í Bankastræti í gær. Jólaljósin í fallegri snjókomu bjuggu til hátíðlega stemningu sem gangandi vegfarendur virtust njóta vel. Sjá síðu 18

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Halla Vilhjálms klífur tinda:

## Á suðurskauti á aðfangadag

**ÆVINTÝRI** Leik- og söngkonan Halla Vilhjálmsdóttir heldur til Suðurskautslandsins í dag til að ganga á tindinn Vinson Massif.



HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR

„Þetta verður þriðji tindurinn af tindunum sjö, þeim hæstu í hverri heimsálfu, sem ég geng á á einu ári. Ég er bæði búin að ná toppnum á Aconcagua og Kilimanjaro," segir Halla og útilokar ekki að klára tindana sjö.

„Það getur verið að ég klári tindana fyrst ég er nánast hálfnuð en ég tek eitt skref í einu og reyni að njóta hvers þrekraunaævintýris fyrir sig."

- lkg / sjá síðu 58






Fyrirtækið Arctic Trucks útbýr bíla fyrir sérsveit norsku lögreglunnar:

# Ellefu brynjeppar fyrir Noreg

**BÍLAR** Íslenska fyrirtækið Arctic Trucks hefur afhent norsku lögreglunni ellefu brynvarða Toyota Land Cruiser-jeppa.

Herjólfur Guðbjartsson, framkvæmdastjóri viðskipta- og þróunarsviðs hjá Arctic Trucks, segir í samtali við Fréttablaðið að þarna sé lögreglan að mæta ákveðinni þörf með því að koma inn í rammasamning milli norska hersins og Arctic Trucks. Sá samningur hljóðar upp á jafngildi hátt í fimm milljarða íslenskra króna og felur í sér að breyta 200 til 300 bílum fyrir herinn næstu tvö til þrjú ár.

Herjólfur segist vegna trúnaðar ekki geta farið náið út í tæknilega lýsingu á búnaðinum í bílunum, en játar aðspurður að þeir séu gerðir til að þola byssuskot og sprengingar. „Þessir bílar verða svo notaðir af sérsveit lögreglunnar í öllum umdæmum."

**5** Rammasamningur Arctic Trucks og norska hersins hljóðar upp á sem svarar fimm milljörðum íslenskra króna og felur í sér breytingu á 2-300 bílum.

- þj / sjá síðu 6







## SPURNING DAGSINS



Brynjar, er þetta einhvers konar póst-módernismi?

**„Pósturinn er nútímalegur og þar kemur A á undan B."**

Brynjar Smári Rúnarsson er markaðsstjóri Póstsins, sem er gagnrýndur á Vík í Mýrdal fyrir að senda innanbæjarpóst fyrst til Reykjavíkur til flokkunar ef hann er sendur í B-pósti.

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar, gagnrýndi ríkisstjórnina vegna álversins í Helguvík í gær:

# Sagði að ríkisstjórnin ástundaði lýðskrum

**STJÓRNMÁL** Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra, sakaði núverandi stjórnarflokka um lýðskrum á Alþingi í gær þegar þeir héldu því fram á síðasta kjörtímabili að vonda vinstristjórnin hefði staðið í vegi álvers í Helguvík. Hún spurði hvernig nýrri ríkisstjórn hefði tekist að klúðra málinu á aðeins sex mánuðum.

„Eitt af því fyrsta sem hún segir þegar hún kemur í stól ráðherra er að hún ætli að ryðja öllum hindrunum úr vegi til að tryggja það að þetta verkefni verði að veruleika. Sex mánuðum síðar, bingó, búið bless," sagði Katrín og átti þar við Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðarráðherra.

Ragnheiður svaraði því til að ekki væri búið að slá verkefnið af. „Þær hindranir sem voru í tíð síðustu ríkisstjórnar voru algjörlega þannig að það var ekki pólitískur stuðningur við þetta verkefni. Það liggur í augum uppi og hefur verið öllum ljóst."

Fyrsta skóflustungan að álverinu var tekin árið 2008, meðal annars af ráðherrum úr þáverandi stjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Ummæli sem voru höfð eftir Michael Bless, forstjóra móðurfélags Norðuráls, benda til þess að hann sé svartsýnn á framhaldið þar sem ekki hefur tekist að semja um orkuna. - kmu



**DEILDU UM ÁLVERIÐ** Katrín Júlíusdóttir og Ragnheiður Elín Árnadóttir deildu hart í ræðustól Alþingis í gær.



**KRÖFUGANGA** Mótmælendur kyrjuðu níðsöngva um lögreglu auk baráttusöngva í Kaíró í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúdentar í Egyptalandi kröfðust í gær úrbóta í landinu:

# Egypskir nemar slást við lögreglu

**EGYPTALAND, AP Lögregla í Kaíró beitti táragasi og vegatálmum til að koma í veg fyrir að kröfuganga stúdenta næði dyrum varnarmálaráðuneytis landsins. Átök brutust út á stöku stað þar sem hópar stúdenta grýttu lögreglumenn.**

**Samkvæmt upplýsingum frá egypsku lögreglunni voru 25 stúdentar handteknir fyrir að trufla umferð. Tugir stúdenta í smærri hópum hentu grjóti í lögreglumenn og tóku upp táragasdósir og grýttu til baka. Einhverjir bjuggu til götuvígi úr ruslatunnum og járnstöngum. Mótmælin voru til stuðnings fyrrverandi forseta Egyptalands, Mohammed Morsi, sem var settur af.** - óká

Níu bátar tóku þátt í leit:

# Skipverji ekki enn fundinn

**SLYS** Leit að skipverja sem saknað er af flutningaskipinu Alexia hefur ekki borið árangur.

Í gær var farið yfir allt það leitarsvæði sem skipulagt var um morguninn úti fyrir Reyðarfirði og tóku níu bátar þátt í leitinni. Einnig voru fjórur gengnar en fljótlega horfið frá því þar sem aðstæður voru hættulegar og litlar líkur taldar á árangri af slíkri leit.

Talið er hugsanlegt að skipverjinn hafi fallið frá borði en flutningaskipið kom til hafnar á Reyðarfirði í fyrrakvöld og hófst þá samstundis leit. -ebg

Skilaboð til forystu ESB:

# Vill að staðið sé við IPA-styrki

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir eðlilegt að Evrópusambandið standi við þá IPA-styrki sem þegar var búið að semja um og segist hafa komið þeim skilaboðum á framfæri til forystumanna ESB fyrr á þessu ári.

Í þessu samhengi vill ráðherra kanna réttarstöðu þeirra stofnana sem áttu að fá IPA-styrki þar sem þær voru búnar að gera ýmsar ráðstafanir vegna þessa en eðlilegt sé að ekki sé stofnað til nýrra verkefna á meðan aðildarviðræður eru í biðstöðu. -khs

# Helmingi fleiri faglærðir á Akureyri

Þrjátíu prósent starfsmanna í leikskólum Reykjavíkur eru menntuð leikskólakennarar en tæplega 70 prósent á Akureyri. Samt sem áður er rekstrarkostnaður leikskóla lægri á Akureyri. Skýringin gæti verið starfsmannavelta í Reykjavík.

**MENNTAMÁL** Í Reykjavík eru eingöngu um þrjátíu prósent starfsmanna leikskólakennarar. Í ályktun frá Félagi leikskólakennara og Félagi stjórnenda í leikskólum segir að öll börn eigi rétt á dvöl í góðum leikskóla og að meginforsenda þess að leikskóli sé góður sé að þar starfi sérfræðingar í leikskólafræðum sem skipuleggja og leiða starfið. En ekki sitji öll börn við sama borð vegna skorts á leikskólakennurum.

Á Akureyri eru leikskólakennarar um 66 prósent starfsmanna en þrátt fyrir það er rekstrarkostnaðurinn lægri en í Reykjavík. Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyrarbæjar, segir leikskólarýmum hafa fjölgað gífurlega síðustu tólf ár og þar af leiðandi stöðugildum. Samt sem áður hafi fagmenntuðum leikskólakennurum fjölgað í leikskólum bæjarins.



**LEIKSKÓLABÖRN** Félög leikskólakennara og stjórnenda í leikskólum segja öll börn eiga rétt á dvöl í góðum leikskóla þar sem sérfræðingar í leikskólafræðum skipuleggja og leiða starfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Menntunarstigið jókst mikið hjá okkur eftir að byrjað var að bjóða upp á leikskólamenntun í Háskólanum á Akureyri. Hvatningin var mikil og margir almennir starfsmenn fóru í nám. Það hefur aukið stöðugleika og starfsumhverfið hefur batnað þannig að brottfall verður minna. Þannig að það er hægt að segja að lítil starfsmannavelta á leikskólum skýri lægri rekstrarkostnað þrátt fyrir hærri laun vegna faglærðra."



**RAGNAR PORSTEINSSON**

Samkvæmt leikskólalögum eiga tveir þriðju starfsmanna í deildum að vera leikskólakennarar. Í Reykjavík eru leikskólakennarar einn þriðji hluti starfsmanna. „Vegna lengingar leikskólakennaranámsins hefur verið veitt undanþága frá ákvæðinu," segir Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. „Við viljum þó gjarnan fjölga faglærðum og nýlega var ákveðið á menntavísindasviði Háskóla Íslands að búið verði til diplómanám næsta haust til að auðvelda starfsfólki að fara í nám. En til viðbótar við faglærða leikskólakennara eru um 20-30 prósent starfsmanna með aðra háskólamenntun."

> **Talað hefur verið um lág laun í samhengi við brottfall faglærðra.**
>
> *Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar*

Ragnar segir töluverða starfsmannaveltu vera á leikskólum Reykjavíkur. Árið 2012 var brottfall leikskólakennara 12,1 prósent. „Við reynum að sporna við því með því að hvetja til náms og byggja leikskólana upp eins fagleg og við getum. En talað hefur verið um lág laun í samhengi við brottfall faglærðra."

erlabjorg@frettabladid.is




Í stað reglubundinna heimsókna Matvælastofnunar verði gert áhættumat:

# Minnka eftirlit með velferð dýra

**ALÞINGI** Lagt er til að eftirlit um velferð dýra byggist á áhættuflokkun í stað þess að eftirlitsheimsóknir eigi sér stað annað hvert ár hið minnsta í nýju frumvarpi til laga.

Á síðasta kjörtímabili voru ný lög um velferð dýra samþykkt á Alþingi sem eiga að taka gildi 1. janúar 2014. Nú hefur verið lögð til breyting á einni tiltekinni grein sem varðar opinbert eftirlit af hálfu Matvælastofnunar. Í nefndaráliti kemur fram að sveigjanleiki eftirlitskerfisins sé meiri með áhættuflokkun en reglubundnum heimsóknum og leggur meirihluti nefndar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Í umræðum um málið spurði Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, hvað það væri sem hvetji til að slakað verði á eftirlitinu þegar lögin hafa ekki verið reynd.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður atvinnuveganefndar, sagði það hljóða að vera markmið að vera ekki með of íþyngjandi eftirlit í íslenskum atvinnurekstri, eftirlitsiðnaðurinn væri of þungur og kostnaðurinn lenti á neytendum landsins. Einnig að fyrirmyndarbú væru rekin um allt land og því óþarfi að eftirlit með reglulegu millibili væri lögbundið. -ebg



**VANFÓÐRUÐ HROSS** Oft hafa komið upp mál hér á landi þar sem aðbúnaði hefur verið ábótavant hjá þeim sem halda skepnur. FRÉTTABLAÐIÐ GVA




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg, Geysir Akureyri og Geysir Haukadal. www.geysir.com Sími 519 6000.

E&Co.

## SVONA ERUM VIÐ



**150 þúsund símtöl til Neyðarlínunnar**

**eru flokkuð sem neyðar- og lögreglusímtöl á hverju ári.**

Neyðarlínan 112 fær hátt í þrjú hundruð þúsund hringingar á ári.

*Heimild: spyr.is*

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's birtir mat á áhrifum skuldaleiðréttinga:

# Jákvæð áhrif á lánshæfi ÍLS

**SKULDAMÁL** Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's telur að skuldaleiðréttingatillögur ríkisstjórnarinnar muni hafa jákvæð áhrif á lánshæfi Íbúðalánasjóðs, án þess að það komi niður á lánshæfi Ríkissjóðs Íslands. Þetta kemur fram í skýrslu Moody's sem birt var í gær.

Skuldaleiðréttingatillögurnar kveða á um 150 milljarða lækkun húsnæðisskulda á næstu fjórum árum og á framkvæmd þeirra að hefjast á næsta ári.

„Tillögurnar til skuldaleiðréttingar ættu ekki að hafa teljanleg áhrif á efnahag íslenska ríkisins vegna þess að þær verða að mestu leyti fjármagnaðar með skatti á fjármálafyrirtækin," sagði í tilkynningu frá Moody's. „Ríkið mun samt sem áður verða af skatttekjum og gæti einnig þurft að leggja aukið fé til Íbúðalánasjóðs."

Þar kemur einnig fram að aðgerðirnar ættu að hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið á Íslandi og að kaupmáttur muni aukast. **- fb**



**RÁÐHERRAR** Matsfyrirtækið Moody's er jákvætt í garð skuldaleiðréttingatillagnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ráðherra frestar ákvörðun:

# Sjúkrabíllinn fer ekki – í bili

**HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur frestað ákvörðun um brotthvarf sjúkrabíls frá Skagaströnd að því er fram kom í máli oddvita Skagastrandar á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Einnig kom fram að Valbjörn Steingrímsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi, hefði skrifað ráðuneytinu og farið fram á að hætt yrði við að leggja af sjúkrabílinn á Skagaströnd. **- gar**



**VATNSENDI** Enn er verið að greiða úr lóðadeilum á Vatnsenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eignarnám á Vatnsenda:

## Bærinn greiði milljónabætur

**DÓMSMÁL** Bæjarráð Kópavogs hefur ákveðið að áfrýja dómi um að bærinn eigi að greiða tveimur fjölskyldum samtals 15 milljóna króna bætur vegna sumarbústaðalóða sem teknar voru eignarnámi í tengslum við uppbygginguna á Vatnsenda á síðasta áratug.

Lóðarréttindin byggðu á samningum frá 1960 við þáverandi Vatnsendabónda um lóðarleigu til 99 ára upp af svokallaðri Grænugróf. Í október 2006 kröfðust lóðarhafarnir bóta eftir að Kópavogsbær skipulagði byggð á svæðinu. Í málinu vísaði Kópavogsbær til þess að lóðarhafarnir hefðu aldrei byggt neitt á lóðunum. **- gar**

## LÖGREGLUMÁL

### Nauðgun enn í rannsókn

Rannsókn á máli 5 manna sem handteknir voru á Ísafirði á sunnudagsmorgun grunaðir um kynferðisbrot gegn stúlku stendur enn yfir. Rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum annast rannsóknina. Héraðsdómur Vestfjarða hefur að beiðni lögreglu úrskurðað tvo mannanna í farbann til 17. febrúar.

### 1.000 ökumenn stöðvaðir

Eitt þúsund ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi í sérstöku umferðareftirliti. Fjórir reyndust ölvaðir við stýrið og eiga þeir ökuleyfissviptingu yfir höfði sér. Þremur til viðbótar var gert að hætta akstri sökum þess að þeir höfðu neytt áfengis en voru þó undir refsimörkum.

# Skera niður ýmist sjúkraþjálfun eða iðjuþjálfun

**Formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu segir heilbrigðisráðuneytið verða að taka af skarið og segja til um hvaða þjónustu eigi að skerða á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Hækka þurfi daggjöld verulega.**



**BERJAST Í BÖKKUM** Fjárhagsvandi hjúkrunarheimilisins Eirar hefur verið til umræðu upp á síðkastið. Formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu segir að flest hjúkrunarheimilin berjist í bökkum fjárhagslega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HEILBRIGÐISMÁL** „Annaðhvort fá hjúkrunarheimilin meira fjármagn eða það verður að skerða þjónustu þeirra," segir Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.



**GÍSLI PÁLL PÁLSSON**

Hjúkrunarheimilin Eir í Reykjavík og Sunnuhlíð í Kópavogi glíma bæði við alvarlegan fjárhagsvanda.

Gísli segir að þótt staða Eirar og Sunnuhlíðar sé mun verri en annarra hjúkrunarheimila séu þau flest rekin með tapi, mismiklu þó. Innan vébanda samtakanna eru 28 heimili um allt land.

Gísli Páll segir að fram til 2009 hafi hjúkrunarheimili fengið aukafjárveitingu á fjáraukalögum til að rétta af hallarekstur en frá hruni hafi þau ekki fengið krónu aukalega. Því hafi flest heimilin safnað skuldum.

„Nú er svo komið að heilbrigðisráðuneytið verður að ákveða hvaða þjónustu eigi að skerða. Á að leggja niður sjúkraþjálfun eða iðjuþjálfun eða hætta öllu félagsstarfi? Ráðuneytið verður að skera úr um það," segir Gísli Páll.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust í heilbrigðisráðuneytinu í gær verður tekin ákvörðun í vikunni um hvernig staðið verður að úttekt á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða sem rekin eru sem sjálfseignarstofnanir. Í ráðuneytinu telja menn að rekstur heimilanna verði að skoða sem heild. Fá verði á hreint hvað valdi því að heimilin séu rekin með viðvarandi tapi. Hvort það sé slakur rekstur, ónógt fé frá hinu opinbera eða hvort daggjöldin sem heimilismenn greiða séu of lág.

Sunnuhlíð í Kópavogi og Eir í Reykjavík hafa bæði farið þess á leit að sveitarfélögin láti þeim í té fé til að tryggja reksturinn. Bæði Reykjavík og Kópavogsbær hafa hafnað þeirri beiðni með þeim rökum að málefni aldraðra séu á ábyrgð ríkisins, ekki sveitarfélaga. Gísli Páll segir að á fjárlögum næsta árs sé gert ráð fyrir um fjögurra prósenta hækkun til hjúkrunarheimilanna. „Það dugar varla fyrir kostnaðarhækkunum," segir hann.

> **Nú er svo komið að heilbrigðisráðuneytið verður að ákveða hvaða þjónustu eigi að skerða. Á að leggja niður sjúkraþjálfun eða iðjuþjálfun eða hætta öllu félagsstarfi? Ráðuneytið verður að skera úr um það.**

Gísli segist oft hafa spurt stjórnvöld hvers vegna megi ekki hækka daggjöld ef ríkið treysti sér ekki til að láta meiri peninga í málaflokkinn. Ef heimilin eigi að hafa rekstrargrundvöll til framtíðar verði að hækka daggjöld um tíu til tólf prósent að raungildi.

johanna@frettabladid.is






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Víða 10-18 m/s, lægir síðdegis.




**Fimmtudagur**
N-hvassviðri

**VINDASAMT** Allhvöss S-læg átt víða á landinu í kvöld og á morgun. Úrkoma um S- og V-vert landið en léttskýjað NA-til hluta úr degi á morgun. Á fimmtudag snýst í N-hvassviðri með snjókomu einkum NA- og A-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 8° | Gautaborg | 6° | London | 9° | Orlando | 21° | San Francisco | 16° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 16° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 6° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 21° | New York | 1° | París | 8° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


ÞAÐ ÆTTI ENGINN AÐ ÞURFA AÐ FARA Í
JÓLAKÖTTINN
33%
AFSLÁTTUR*
AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI
16-18. DESEMBER
*BARNAFATNAÐUR Á ÍSLANDI GÆTI LÆKKAÐ MIKIÐ Í VERÐI EF ÁLÖGUR HÉR VÆRU SAMBÆRILEGAR OG VÍÐA ERLENDIS. ERU ÞINGMENN BÚNIR AÐ GLEYMA LOFORÐUNUM?
EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða íslenska fyrirtæki sinnir nú verkefnum á suðurskautinu?
**2.** Hvaða leikmaður Liverpool hefur skorað átta mörk í síðustu þremur leikjum?
**3.** Hvaða erlendi leikari bauð upp sveitta skyrtu sem hann hafði leikið í?

**SVÖR:**
**1.** Arctic Trucks **2.** Luis Suarez **3.** Orlando Bloom

Landlæknir fær upplýsingar frá spítölunum strax í stað þess að bíða í tvö ár eftir þeim:

# Betra eftirlit með gæðum og árangri

**HEILBRIGÐISMÁL** Komið hefur verið á rafrænum sendingum upplýsinga í rauntíma um starfsemi sjúkrahúsanna. Þær gera Landlæknisembættinu kleift að vinna með og birta upplýsingar um starfsemi legudeilda frá degi til dags og samfellt aftur til ársins 1999.

Nú er því hægt að sjá hve margir liggja á sjúkrahúsum, hversu margir leggjast inn og hversu margir útskrifast dag hvern. Enn fremur á hvaða deildum inniliggjandi sjúklingar sækja sér þjónustu á deildum.

Að sögn Landlæknisembættisins er þetta bylting í heilbrigðistölfræði á Íslandi og mun gerbreyta möguleikum á eftirliti með starfsemi, gæðum og árangri þjónustunnar. Fram til þessa hafa gögn til vinnslu verið alla jafna tveggja ára gömul.

Gögn frá sjúkrahúsum berast með dulkóðuðum og rafrænum hætti til embættis landlæknis og tölfræðiskýrslur um starfsemi sjúkrahúsa koma nú út á vef embættisins.
-ebg

**→ Skipting sjúklinga á deildir 10. desember 2013**







# Útbúa jeppa fyrir norsku sérsveitina

Íslenska fyrirtækið Arctic Trucks hefur afhent norsku lögreglunni ellefu brynvarða jeppa sérútbúna fyrir sérsveit lögreglu. Bílarnir eru hluti af rammasamningi við norska herinn sem hljómar upp á hátt í fimm milljarða íslenskra króna.

**BÍLAR** Íslenska fyrirtækið Arctic Trucks hefur getið sér gott orð víða um heim fyrir sérútbúnu jeppana sína og hefur meðal annars verið í fréttum nýlega vegna ferðar þar sem Harry Bretaprins var meðal þeirra sem fóru á suðurpólinn á bílum frá fyrirtækinu. Jeppar frá Arctic Trucks hafa einnig einnig farið á norðurpólinn. Eitt nýjasta verkefnið er í Noregi þar sem fyrirtækið afhenti nýlega lögreglu ellefu brynvarða Toyota Land Cruiser jeppa.



HERJÓLFUR GUÐBJARTSSON

Herjólfur Guðbjartsson, framkvæmdastjóri viðskipta- og þróunarsviðs hjá Arctic Trucks, segir í samtali við Fréttablaðið að þarna sé lögreglan að mæta ákveðinni þörf með því að koma inn í rammasamning milli norska hersins og Arctic Trucks.

„Lögreglan hefur verið að nútímavæða bílaflotann hjá sér síðustu ár eftir að hafa verið á frekar gömlum bílum. Hún leigir þarna bíla af hernum og fær sömu tegund af bílum, sem við tökum svo og lögum eftir sérstökum þörfum lögreglunnar, setjum meðal annars á þá blá blikkljós.“

Herjólfur segist, vegna trúnaðar, ekki geta farið náið út í tæknilega lýsingu á búnaðinum sem settur er upp í bílunum, en játar aðspurður að þeir séu gerðir til að þola byssuskot og sprengingar.

„Þessir bílar verða svo notaðir af sérsveit lögreglunnar í öllum umdæmum,“ segir Herjólfur og bætir við að herinn hafi notað bílana bæði í verkefnum innanlands og utan.

Síðustu tvö ár hefur Arctic Trucks útbúið tæplega 100 bíla fyrir herinn og lögregluna samkvæmt rammasamningnum. Sá hljómar upp á 230 milljónir norskra króna, hátt í fimm milljarða íslenskra króna, og er til tíu ára. Segir Herjólfur að gert sé ráð fyrir að breyta 200-300 bílum á næstu tveimur til þremur árum.

Arctic Trucks var stofnað sem aukahlutaþjónusta innan Toyota á Íslandi árið 1990 en hefur stækkað mikið að umfangi síðustu árin. Árið 2005 var fyrirtækið selt út úr Toyota, rekur nú dótturfyrirtæki í Noregi og Sameinuðu arabísku furstadæmunum og er með starfsemi enn víðar um heiminn og virðist ekkert lát vera á. „Við vorum að gera samstarfssamning við Toyota í Póllandi um að breyta bílum fyrir þá og það er mjög spennandi að koma íslensku hugviti inn í bílageirann,“ segir Herjólfur.
thorgils@frettabladid.is



**SÉRÚTBÚNIR** Norska lögreglan nútímavæðir nú bílaflota sinn. Meðal annars hefur hún fengið afhenta ellefu jeppa, sérútbúna af íslenska fyrirtækinu Arctic Trucks. MYND/NORSKA LÖGREGLAN

**200-300**
Gangi eftir áætlanir verða tvö til þrjú hundruð sérútbúnir jeppar afhentir norska hernum næstu tvö til þrjú árin.




Táknmálstúlkurinn tók þátt í að myrða tvo menn árið 2003:

# Taldist ekki vera sakhæfur

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Táknmálstúlkurinn Thamsanqa Jantjie, sem vakti heimsathygli á minningarathöfn um Nelson Mandela í síðustu viku, tók árið 2003 þátt í að myrða tvo menn.

Mennirnir tveir höfðu stolið sjónvarpstæki þegar hópur manna réðst á þá og myrti þá með því að kveikja í dekkjum, sem sett höfðu verið um háls þeirra.

Jantjiie var sá eini í hópnum sem aldrei kom fyrir rétt, en það var vegna þess að hann taldist ósakhæfur vegna andlegrar vanheilsu.

Þess í stað var hann settur á stofnun, en var síðar látinn laus og sneri þá aftur í fátækrahverfið sitt í útjaðri Jóhannesarborgar.

Enn síðar fékk hann svo starf við táknmálstúlkun fyrir Afríska þjóðarráðið, valdamesta stjórnmálaflokk Suður-Afríku.

Hann vakti heimsathygli þegar hann stóð við hlið Baracks Obama Bandaríkjaforseta á minningarathöfninni og virtist vera að túlka ræðu hans yfir á táknmál, en sú túlkun var tóm þvæla. Hann sagðist hafa séð sýnir á meðan og óttaðist um geðheilsu sína.
- gb



**OBAMA OG TÚLKURINN** Aðeins tæpur metri var á milli þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON
100
1913 - 2013

# VIÐ EIGUM AFMÆLI

## EN GEFUM ÞÉR

# GJÖF

**Þú kaupir 6x2 lítra af Egils Appelsíni**

# og færð í kaupbæti

**4x2 lítra af Pepsi**

Tilboðið gildir **17.–19. des.** í völdum matvöruverslunum um land allt*

Einungis einn pakki á mann, takmarkað upplag.




* 10–11, Bónus, Fjarðarkaup, Fjölval Patreksfirði, Hagkaup, Hlíðarkaup, Iceland, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Kauptún Vopnafirði, Kjarval, Kostur, Krónan, KVH Hvammstanga, Nesbakki, Nóatún, Verslun Einars Ólafssonar, Verslunin Albína, Vöruval og Þín verslun.

10 KRÓNUR

VIÐ MINNUM Á AÐ 10 KRÓNUR AF HVERRI KEYPTRI DÓS EÐA FLÖSKU AF EGILS MALTI RENNA TIL SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

MALTEXTRAKT

EasyJet fjölgar flugferðum:

## Fjórar ferðir til Manchester

**SAMGÖNGUR** Áætlunarflug EasyJet milli Íslands og Manchester á Englandi verður aukið frá og með febrúar þegar flogið verður fjóra daga vikunnar í stað tveggja. Fjölgunin markar ársafmæli Manchester-flugs EasyJet.

EasyJet, sem er eitt stærsta flugfélag Evrópu, flýgur nú til fjögurra áfangastaða frá Íslandi allan ársins hring: London, Manchester, Bristol og Edinborgar og í apríl hefst beint flug til Basel í Sviss. **- fb**

Skotvopn fannst á vettvangi þrefalds morðs en gerandans er leitað:

## Þrjú skotin til bana í Södertälje

**SVÍÞJÓÐ** Þrjú eru látin eftir árás í bænum Södertälje sem er rétt fyrir utan Stokkhólm í Svíþjóð. Um er að ræða tvær konur og einn karlmann.

Aftonbladet hefur eftir heimildarmanni hjá sænsku lögreglunni að skotvopn hafi fundist í íbúðinni þar sem árásin átti sér stað. Þá hefur blaðið heimildir fyrir því að önnur konan sem var myrt hafi verið fórnarlamb ofbeldis og að mál því tengd hafi verið til umfjöllunar fyrir dómi. Hún er sögð hafa verið á sextugsaldri. Hin fórnarlömbin, á fimmtugs- og fertugsaldri, voru vitni í málarekstrinum.

Árásarmanns eða -manna er leitað. „Við höfum hafið forrannsókn og reynum að grafast fyrir um nákvæma atburðarás. Hópar lögreglumanna eru að störfum á svæðinu og við fylgjum eftir öllum upplýsingum,“ er haft eftir Ulf Lindgren, talsmanni lögreglu. Heimildir blaðsins herma að lögregla hafi verið kölluð á staðinn eftir að mikil háreysti barst frá íbúðinni laust eftir klukkan tvö í gær. **- óká**



**SÆNSK LÖGREGLA** Í Svíþjóð hafði lögregla í nógu að snúast í gær. Í Södertälje er þrefalt morð í rannsókn og hér að ofan má sjá lögreglu slást við nýnasista í úthverfi Stokkhólms. NORDICPHOTOS/AFP

Landsnet afhenti styrki:

## Leiðarljós og Geðhjálp styrkt

**GÓÐGERÐAMÁL** Leiðarljós og Geðhjálp fengu í gær afhenta fjárstyrki frá Landsneti.

Hefð er fyrir því hjá Landsneti að styrkja gott málefni í stað þess að senda viðskiptavinum jólakort. Að þessu sinni urðu fyrir valinu samtökin Geðhjálp, sem gæta hagsmuna þeirra sem þurfa eða hafa þurft aðstoð vegna geðrænna vandamála, og stuðningsmiðstöðin Leiðarljós, fyrir fjölskyldur barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma. **- fb**

Söfnun Örvars Þórs lokið:

## Tíu fjölskyldur fengu pening

**GÓÐGERÐAMÁL** Örvar Þór Guðmundsson, fjölskyldufaðir úr Hafnarfirði, er búinn að úthluta peningunum sem hann safnaði á Facebook-síðu sinni til foreldra langveikra barna.



**ÖRVAR ÞÓR GUÐMUNDSSON**

Tíu fjölskyldur deildu með sér 1.674.000 krónum.

Að því er fram kemur á Facebook-síðu Örvars Þórs gáfu 268 í söfnunina. Hann hefur heitið því að endurtaka leikinn fyrir næstu jól. **- fb**

DV tapar dómsmáli:

## Þurfa að greiða tvær milljónir

**DÓMSMÁL** Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður á DV, og Reynir Traustason, ritstjóri DV, hafa verið dæmdir af Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða Jóni Þorsteini Jónssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Byrs, rúmar tvær milljónir króna.



**REYNIR TRAUSTASON**

Ummæli sem DV birti um Jón Þorstein 12. til 13. nóvember í fyrra, þar sem hann var m.a. sagður hafa flutt hundruð milljóna króna úr landi, hafa jafnframt verið dæmd dauð og ómerk. Innifalið í greiðslunni er rúm 1,3 milljónir króna í málskostnað, 300 þúsund krónur í miskabætur og 400 þúsund krónur fyrir að birta dóminn í fjölmiðlum. DV hyggst áfrýja dóminum til Hæstaréttar. **- fb**

# Gagnrýni á Rússa harðnar innan Evrópusambandsins

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, segir samband Rússlands og ESB hafa versnað vegna Úkraínudeilunnar. Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir Rússa hafa bæði beitt „áróðursstríði og efnahagsþrýstingi“ til að hafa taumhald á Úkraínu. Sergei Lavrov kannast ekki við neitt og segir Rússa virða fullveldi Úkraínu.

**ÚKRAÍNA, AP** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, átti í gær hádegisfund í Brussel með utanríkisráðherrum Evrópusambandsríkjanna. Mest var þar rætt um Úkraínu, og hafa ráðherrar ESB gerst æ ómyrkari í máli um framkomu Rússa gagnvart Úkraínu.

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, segir að samband Rússlands og Evrópusambandsins hafi beinlínis versnað vegna Úkraínudeilunnar. Fleiri af utanríkisráðherrum ESB tóku í sama streng.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svía, fullyrðir að Rússar hafi beitt bæði „áróðurshernaði og efnahagsþrýstingi“ til að hafa taumhald á Úkraínu. „Þetta hefur áhrif á samskipti okkar,“ segir Bildt.

Lavrov kannast hins vegar ekkert við slíkt og segir að utanríkisráðherrarnir hafi verið sammála um að „allir eigi að virða fullveldi allra ríkja, þar á meðal Úkraínu“.

Frans Timmerman, utanríkisráðherra Hollands, tekur þó fram að Úkraínu standi enn til boða samstarfssamningur við Evrópusambandið. Hann gagnrýndi Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB, fyrir að segja að viðræðum hefði verið frestað.

Fjölmenn mótmæli hafa verið nánast daglegur viðburður vikum saman í Úkraínu, eftir að Viktor Janúkovitsj forseti ákvað að hætta við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið.

Um 200 þúsund manns mættu út á Frelsistorgið í Kíev, höfuðborg Úkraínu, nú á sunnudaginn. Stuðningsmenn forsetans mættu einnig til leiks, en voru mun fáliðaðri en andstæðingar hans.

Mótmælendurnir krefjast þess að Janúkovitsj segi af sér og vilja ólmir að samstarfssamningurinn við Evrópusambandið verði að veruleika, jafnvel þótt það kosti óþægindi af hálfu Rússlands.

Stjórnin hefur að nokkru komið til móts við mótmælendur, en hafnar öðrum kröfum hennar. Janúkóvitsj forseti á í dag fund með Vladimír Pútín Rússlandsforseta, og virðast margir reikna með því að hann láti þar enn frekar undan kröfum Rússa.

Rússar hafa viljað að Úkraína gangi í tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstans. Reiknað er með að fundur þeirra Pútíns og Janúkovitsj muni einkum snúast um það, hvernig Rússar hugsa sér að Úkraína gangi til liðs við þetta bandalag.

gudsteinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLI Í KÍEV** Píanóleikari töfrar fram ljúfa tóna fyrir félaga sína, sem halda margir hverjir til á torginu dag og nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

➜ Fjölmenn mótmæli hafa verið nánast daglegur viðburður vikum saman í Úkraínu, eftir að Viktor Janúkovitsj forseti ákvað að hætta við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið.

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

Gleðilegar gjafir í alla pakka




Mundu eftir jólahandbók Lyfju



Lyfja hefur að bjóða gjafavöru í úrvali fyrir alla fjölskylduna.
Hjá okkur færðu fallegar gjafir sem koma sér ávallt vel.
Hver sem árstíðin er þá höfum við alltaf sama takmark:
**Við stefnum að vellíðan.**

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík



**OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER**

| | |
|---|---|
| ÞRIÐJUDAGUR 17. DES. | 10–18 |
| MIÐVIKUDAGUR 18. DES. | 10–22 |
| FIMMTUDAGUR 19. DES. | 10–22 |
| FÖSTUDAGUR 20. DES. | 10–22 |
| LAUGARDAGUR 21. DES. | 10–22 |
| SUNNUDAGUR 22. DES. | 12–22 |
| ÞORLÁKSMESSA 23. DES. | 10–23 |
| AÐFANGADAGUR 24. DES. | 10–12 |
| JÓLADAGUR 25. DES. | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM 26. DES. | LOKAÐ |
| FÖSTUDAGUR 27. DES. | 10–18 |
| LAUGARDAGUR 28. DES. | 10–18 |
| MÁNUDAGUR 30. DES. | 10–18 |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DES. | LOKAÐ |
| NÝÁRSDAGUR 1. JAN. | LOKAÐ |
| FIMMTUDAGUR 2. JAN. | 10–18 |

# HLÝTT Í VETUR MEÐ **DEVOLD**

**Ellingsen** býður mikið úrval af hinum eina sanna norska Devold ullarnærfatnaði, sem heldur á þér hita þó að þú blotnir. Börn og annað útivistarfólk elskar Devold og við spáum hlýjum vetri, sama hvernig veðrið verður.

PIPAR\TBWA • SÍA • 133204



**DEVOLD ACTIVE**
Svartur, kk. Stærðir: S–XXL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartar, kk. Stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Kvk. Stærð: XS–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Kvk. Stærð: XS–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD EXPEDITION M. HETTU**
Svartur, kvk. Stærð: S–XL
Svartur, kk. Stærðir: S–XL
**14.990 KR.**



**DEVOLD SPORT POLO**
Rauður, kvk. Stærðir: S–XL
Blár, kk. Stærðir: S–XXL
**12.990 KR.**



**DEVOLD SPORT**
Bleikar, kvk. Stærð: S–XL
Svartur, kk. Stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BOLUR**
Stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BARNABUXUR**
Stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BABY**
Stærð: 74–98
**6.490 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BABY**
Stærðir: 74–98
**5.490 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 09.12.13 – 15.12.13







1 Lygi
Yrsa Sigurðardóttir

2 Vísindabók Villa
Vilhelm Anton Jónsson







3 Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson

4 Skuggasund
Arnaldur Indriðason







5 Tímakistan
Andri Snær Magnason

6 Amma glæpon
David Williams







7 Guðni - Léttur í lund
Guðni Ágústsson

8 Árleysi alda
Bjarki Karlsson







9 Sæmd
Guðmundur Andri Thorsson

10 Rangstæður í Reykjavík
Gunnar Helgason

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson


## Nýstárleg veiði á fiskmarkaði í Líbanon



**SANDTÍGRISHÁFAR TIL SÖLU** Sá óvenjulegi atburður átti sér stað í strandbænum Tyre í Suður-Líbanon að sjómenn fengu í net sín níu sandtígrisháfa, allt upp í 50 kíló hvern. Staðkunnugir telja að hákarlarnir hafi borist á nýjar slóðir með hitabeltisstorminum Alexu sem á síðustu dögum gekk yfir austanvert Miðjarðarhaf. Hér má sjá fenginn kominn á sölubás á fiskmarkaði í Tyre. NORDICPHOTOS/AFP


PIPAR\TBWA • SÍA • 133414






Kökubox



Jólaskraut



Dúkar og servíettur

REKSTRARLAND

www.rekstrarland.is

Varabæjarfulltrúi fagnar:

## Snjóframleiðsla er framtíðin

**TÓMSTUNDIR** „Snjóframleiðsla er það sem koma skal,“ segir í bókun sem Una María Óskarsdóttir, varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, lagði fram í bæjarráði þegar þar var tekin fyrir fundargerð stjórnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.



**UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR** Ánægð með skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

„Undirritið vill fagna nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu, þar sem áhersla er lögð á bætta skíðaaðstöðu fyrir fjölskylduna, almenning, grunnskólanema og afreksíþróttafólk,“ bætti Una María við. **- gar**



**HVANNEYRI** Vilja sjálfstæðan landbúnaðarháskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verja landbúnaðarháskóla:

## HÍ stjórni ekki á Hvanneyri

**SKÓLAMÁL** Sveitarstjórn Borgarbyggðar kveðst óttast að fari Landbúnaðarháskóli Íslands undir stjórn Háskóla Íslands dragi verulega úr umfangi starfseminnar á Hvanneyri. „Og þar með væri vegið að atvinnulífi í Borgarbyggð og menntunarmöguleikum þjóðarinnar.

Nýleg gæðaúttekt sýnir óyggjandi að gæði námsins á Hvanneyri standist alla staðla og því falla þau rök sem hafa verið nefnd að fagmennsku skorti,“ segir sveitarstjórnin sem hvetur menntamálaráðherra til að „hlusta á þau fjölmörgu rök sem fram hafa komið“. **- gar**

Breytt mannréttindastarf:

## Innflytjendur á könnu bæjarins

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Akraness ætlar ekki að endurnýja samning við Rauða krossinn vegna þjónustu við innflytjendur í bænum.

Í staðinn verður peningunum varið til að ráða sérstakan verkefnisstjóra mannréttindamála til bæjarins í allt að níu mánuði. Sá starfsmaður á að „fylgja verkefnunum eftir og samþætta við aðra þjónustu á vegum bæjarins auk þess að starfa með starfshópi um mannréttindamál“. **- gar**

### MIÐBORGIN

### Takmarka rútuumferð

Samgöngustjóri Reykjavíkur kynnti á síðasta fundi hverfisráðs miðborgar hugmynd um takmarkanir á akstri hópferðabíla um miðborgina. Hverfisráðið vill að haft verði samráð um málið við Íbúasamtök miðborgarinnar og aðra hagsmunaaðila.

Minna veiddist af fiski í nóvember á þessu ári en veiddist í sama mánuði á síðasta ári:

# Afli hefur dregist saman um tíu prósent

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra fiskiskipa nam 82 þúsund tonnum í nóvember sem er um átta þúsund tonnum minni afli en í sama mánuði í fyrra. Aukning varð í botnfiskafla en um helmingur heildaraflans, eða 41 þúsund tonn, var bolfiskur, sem er rúmum þremur tonnum meira en í nóvember í fyrra.

Það veiddist mun minna af uppsjávarfiski í nýliðnum nóvember en í sama mánuði í fyrra. Nú veiddust 38 þúsund tonn af uppsjávarfiski samanborið við rúm 50 þúsund tonn fyrir ári.

Samdráttinn má rekja til um 11 þúsund tonna minni síldarafla, en tæp 38 þúsund tonn veiddust af síld í nóvember. Engin loðna veiddist í mánuðinum en tæp tvö þúsund tonn veiddust af loðnu í fyrra.

Flatfiskaflinn var tæp 1.900 tonn og jókst um nærri 600 tonn frá því í fyrra.

Um 200 tonnum meira veiddist af skel og krabbadýrum í nóvember nú en í sama mánuði í fyrra og nam um 700 tonnum. **- jme**

**38.000**

Uppsjávarafli var mun minni í nóvember síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra, fór úr 50 þúsund tonnum í 38 þúsund.



**SAMDRÁTTUR** Minna veiddist af fiski í nýliðnum nóvember en í sama mánuði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Hvíldartíminn

Færð þú umsaminn hvíldartíma í desember?

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR








**MANNRÉTTINDI AÐ Á MANN SÉ HLUSTAÐ** Auður Axelsdóttir vinnur með geðsjúkum og fjölskyldum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nýjar aðferðir geta skilað meiri árangri

Auður Axelsdóttir vill þróa nýjar aðferðir á Íslandi til að taka á bráðatilvikum hjá alvarlega geðveikum. Það spari fjölskyldum bæði fjármagn og sársauka. Nýjar aðferðir krefjast endurmenntunar hjá heilbrigðisstarfsfólki og nýrra viðhorfa.

**Eva Bjarnadóttir**
eva@frettabladid.is



Auður Axelsdóttir iðjuþjálfi telur nauðsynlegt að þróa nýjar aðferðir til að taka á alvarlegum geðrænum veikindum, líkt og þeim sem koma upp þegar einstaklingar eru nauðungarvistaðir. Hún telur að aukin stuðningur inni á heimilum þegar upp koma bráðatilvik geti sparað fjölskyldum bæði fjármagn og sársauka. Í starfi sínu lítur hún til finnskrar aðferðar sem byggir á samstarfi fagfólks, fjölskyldu og þess sem veikist.

„Við höfum séð það þegar við förum á staðinn til að styðja fjölskyldur í bráðatilvikum, að þá er ekki ljóst hvort þurfi að nauðungarvista eða hvernig maður eigi að gera það, og upplýsingarnar liggja ekki á lausu,“ segir Auður sem er forstöðumaður Geðheilsu – eftirfylgdar, samfélagsgeðþjónustu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þar er meðal annars stutt við geðsjúkt fólk og aðstandendur þeirra á heimilum þeirra.

### Opið samtal við sjúklinga

Í starfi sínu lítur Auður til aðferðar sem þróuð hefur verið í Vestur-Lapplandi í Finnlandi undanfarin þrjátíu ár. Aðferðin heitir „opið samtal“ (e. open dialog) og gengur út á að aðstoða fólk í geðrofi, en geðrof er sturlunarástand þar sem raunveruleikatengsl verða óljós og viðkomandi upplifir stjórnleysi í aðstæðum. Farið er á vettvang og unnið með fjölskyldu og öðrum í nærumhverfi sjúklingsins.

„Við erum að aðeins að fikra okkur áfram með þessi prinsipp sem þeir styðjast við, að vinna í heimahúsum og að hægt sé að ná í okkur þegar upp koma erfiðar aðstæður, þótt teymið okkar sé það lítið að við getum ekki sinnt öllu sem kemur upp,“ útskýrir Auður.

Í Vestur-Lapplandi starfar teymi sem fjölskyldur geta leitað til allan sólarhringinn. Þegar upp koma bráð veikindi mæta tveir starfsmenn teymisins á staðinn og stýra umræðum með sjúklingi og aðstandendum.

„Þau fá fram öll sjónarhorn frá fjölskyldunni og farið er yfir það hvers vegna viðkomandi veiktist. Kom eitthvað upp á? Hvað er viðkomandi að tjá? Hvað er að? Það er engin ákvörðun eða umræða tekin nema með öllum hópnum og þeim sem er veikur líka,“ segir Auður, en fagfólkið kemur úr öllum heilbrigðisstéttum.

### Munur á afstöðu til geðrofs

Auður segir grundvallarmun vera á afstöðu finnsku aðferðarinnar til geðrofs og því sem þekkist hér á landi. „Það er ekki litið á geðrof sem sjúkdóm sem sé kominn til að vera, heldur líðan og ástand. Því viðkomandi getur hafa lent í aðstæðum sem sál og líkami réðu ekki við,“ segir hún.

Hún segir fagfólkið koma inn í aðstæðurnar án þess að hafa fastmótaðar skoðanir eða verklag sem þurfi að fylgja. „Það er ekki byrjað á því að nota lyf – það er byrjað á því að tala saman. Og oftast kemur eitthvað upp sem er hægt að ræða og leysa, einhver samskiptamynstur eða áföll eða annað sem hefur verið erfitt fyrir alla fjölskylduna og einn veikist af því.“

### Að opna og hlusta

Auður segist hafa prófað sig áfram með þessar aðferðir. „Ég reyni að koma inn og mæta viðkomandi og fjölskyldunni á þeirra forsendum. Sá sem er í geðrofi hefur alltaf eitthvað að segja, honum líður illa. Að afgreiða hann sem einhvern sem ekki er hægt að ræða við getur haft slæmar afleiðingar,“ segir hún. „Ég held að bataferlið geti byrjað miklu fyrr ef við erum tilbúin til að opna og hlusta á það sem einstaklingurinn er að segja.“

### Fordómar í heilbrigðisstétt

Auður bendir á að fordómana sé ekki síður að finna innan heilbrigðisstéttarinnar. „Ég lærði til dæmis í náminu mínu að maður ætti að halda ákveðinni fjarlægð og ekki að hlusta á það sem viðkomandi tjáir í geðrofi,“ segir hún, en bætir við að hún hafi fyrir löngu hafnað þeim hugmyndunum.

„Það þarf að endurmennta heilbrigðisstarfsfólk, því ef viðkomandi einstaklingur þarf að nota veikindin sín til að vera í togstreitu við kerfið, við heilbrigðisstarfsfólk og kannski fjölskylduna sem hefur neyðst til þess að grípa inn í, þá segir það sig sjálft að auðvitað tekur batinn lengri tíma,“ segir hún og bætir við að hún hafi fyrir löngu hafnað hugmyndunum sem kynntar voru í náminu.

### Alúð þegar gripið er inn í

„Það eru auðvitað bara mannréttindi að á mann sé hlustað. Ég veit að það þarf í sumum tilfellum að taka ráðin af fólki og nauðungarvista það. Þá er notuð þessi hefðbundna skilgreining að viðkomandi sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Það þarf þá að grípa inn í, en við þurfum að gera það af allri þeirri alúð sem við getum notað og líta geðrofið öðrum augum.“

## → Opið samtal hefur sannað sig



**DR. JAAKKO SEIKKULA**

Aðferðin Opið samtal var þróuð af finnska sálfræðingnum Dr. Jaakko Seikkula, prófessor í sálfræði, og er upprunnin í Vestur-Lapplandi. Seikkula er prófessor við Háskólann í Tromsö í Noregi. Hann þróaði aðferðina á árunum 1981-1998 ásamt samstarfsmönnum sínum og byggði á langri reynslu sinni af meðferð einstaklinga sem höfðu fengið geðklofagreiningu.

Opið samtal er bráðaþjónusta og hefur þá sérstöðu að gengið er út frá því að geðrof, eða alvarlega geðræn veikindi, komi ekki til af ástæðulausu. Lögð er áhersla á að öðlast skilning á því hvers vegna fólk fer í geðrof. Sest er niður með sjúklingi og aðstandendum og málin rædd. Teymi tveggja sérfræðinga kemur í heimahús innan sólarhrings frá því að veikindi hefjast og fylgja fjölskyldunni allt þar til leyst hefur verið úr krísunni.

Árangur aðferðarinnar hefur vakið eftirtekt víða um heim, en í Vestur-Lapplandi hefur lyfjanotkun minnkað, innlagnartími styst og þátttaka þeirra sem njóta þjónustunnar í samfélaginu aukist. Þá fækkaði einstaklingum sem greindir voru með geðklofa úr þrjátíu og þremur nýjum einstaklingum á ári af hundrað þúsund íbúum árið 1985, í tvo einstaklinga árið 2000.

Samanburðarrannsókn til fimm ára sýndi að í samanburðarhópnum notuðu allir sjúklingarnir lyf, en aðeins þriðjungur hópsins sem naut þjónustu Opins samtals. Þá kom í ljós að þegar 22 svæði í Finnlandi voru borin saman við það svæði sem Opið samtal var notað markvisst á, var það eina svæðið þar sem enginn nýr langveikur einstaklingur lagðist inn á sjúkrahús á tveggja ára tímabili.



**MOLTUGERÐ** Gámaþjónustan uppfyllti ekki starfsleyfi.

Afturkalla leyfi moltugerðar:

# Laða rottur að verndarsvæði

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðinefnd Suðurnesja afturkallaði fyrir skömmu starfsleyfi Gámaþjónustunnar til moltugerðar við svokallaðan Patterson-flugvöll á gamla varnarsvæðinu í Njarðvík. Fyrirtækið kærði afturköllunina til úrskuðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem frestaði því að afturköllunin tæki gildi 1. janúar 2014 eins og heilbrigðisnefndin ákvað.

Heilbrigðiseftirlitið sagði moltuvinnsluna langt inni á vatnsverndarsvæði án heimildar. Plastdræsur fykju þar um og matarleifar í moltuhaugum drægi að sér rottur og vargfugl. - gar

Tveir hlutu fimm rétta:

# Lottóvinninga ekki verið vitjað

**HAPPADRÆTTI** Hvorugur vinningshafanna í lottóútdrætti laugardagskvöldsins hefur vitjað vinningsins. Potturinn var tæplega 140 milljónir króna og fá vinningshafarnir því tæpar sjötíu milljónir króna hvor í sinn hlut.

Annar miðinn var keyptur á bensínstöðinni Select við Bústaðaveg en hinn á heimasíðu Íslenskrar getspár, Lotto.is. Vegna rafrænu upplýsinganna er vitað hver síðarnefndi vinningshafinn er. Hann á samt enn eftir að vitja vinningsins.

Þetta var í fyrsta sinn í sögu Íslenskrar getspár sem vinningurinn var áttfaldur og ákváðu fjölmargir Íslendingar að freista gæfunnar. - fb



**FLYTJA 2015** Húsnæði Banana er að sögn Haga orðið óhentugt fyrir núverandi starfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umsókn Haga samþykkt:

# Byggja vöruhús undir Banana

**VIÐSKIPTI** Faxaflóahafnir hafa samþykkt umsókn verslunarfyrirtækisins Haga um lóð þar sem fyrirtækið hyggst byggja nýtt vöruhús undir starfsemi Banana ehf. Hagar sóttu 3. desember síðastliðinn um lóð númer 1 við Korngarða í Reykjavík.

Stjórn Haga samþykkti í gær fjárfestingaráætlun að upphæð allt að 1,3 milljörðum króna til verkefnisins, að því er fram kemur í fréttatilkynningu fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að rekstur Banana flytji í nýtt húsnæði á sumarmánuðum 2015. - hg

Michelle Bachelet aftur kosin forseti Síle, eftir að hafa setið hjá í eitt kjörtímabil:

# Erfitt verður að efna kosningaloforðin

**SÍLE, AP** Michelle Bachelet vann stórsigur í forsetakosningum í Síle á sunnudag. Hún hlaut 62 prósent atkvæða, en kosningaþátttakan var hins vegar ekki nema 41 prósent, eða sú minnsta frá því að lýðræði komst á í landinu á ný fyrir rúmum 20 árum, eftir að valdatíma herforingjastjórnar einræðisherrans Augustos Pinochet lauk.

Bachelet var forseti árin 2006 til 2010, en samkvæmt lögum má forseti Síle ekki sitja í embætti tvö kjörtímabil í röð.

Þegar hún lét af embætti árið 2010 mældust vinsældir hennar í skoðanakönnunum 84 prósent, þrátt fyrir að hún hefði ekki komið miklu af upphaflegum kosningaloforðum sínum í framkvæmd.

Hún er í Sósíalistaflokknum, sama flokki og Salvador Allende stýrði þegar hann var forseti Síle í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar, en Pinochet herforingi steypti Allende af stóli í herforingjabyltingu sinni árið 1973.

Bachelet hefur meðal annars lofað að gera miklar breytingar á stjórnarskrá og kosningafyrirkomulagi landsins, sem er að mestu það sama og Pinochet kom á. Hún hefur hins vegar það lítinn stuðning á þingi að henni mun reynast erfitt að koma þessu kosningaloforði sínu í framkvæmd. - gb




**MICHELLE BACHELET** Hefur lítinn stuðning á þingi til stjórnarskrárbreytinga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






**1 STYTTA AFHJÚPUÐ Í SUÐUR-AFRÍKU** Níu metra há bronsstytta af Nelson Mandela var í gær afhjúpuð í Pretoríu, höfuðborg Suður-Afríku. Styttan stendur fyrir utan stjórnarráðsbygginguna, þar sem lík Mandela lá á viðhafnarbörum fyrir helgi, áður en hann var jarðsunginn. Í þessu sama húsi tók hann formlega við forsetaembætti landsins árið 1994, fjórum árum eftir að hann var látinn laus úr fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP




**2 MÓTMÆLI NÁMSMANNA Á ÍTALÍU** Til átaka kom milli námsmanna og lögreglu í Mílanó á Ítalíu í gær. Námsmennirnir höfðu efnt til mótmæla gegn niðurskurði í ríkisfjármálum, sem meðal annars kemur niður á skólahaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

SMASSSALAT

PANTA & SÆKJA
5 78 78 74
SAFFRAN
Glæsibæ • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni • Skoðaðu matseðilinn á saffran.is

# ÁSTAND HEIMSINS






**3 BÓLUSETNINGARHERFERÐ Í JEMEN** Stúlka bólusett gegn mænusótt í Sanaa, höfuðborg Jemen. Þriggja daga herferð stendur nú yfir og er takmarkið að bólusetja meira en fjórar milljónir barna yngri en fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**4 ÚTFÖR Í PAKISTAN** Sérsveitarmenn og ættingjar þeirra taka þátt í útför manna sem létu lífið þegar vegasprengja sprakk í Peshawar. Sprengju hafði verið komið fyrir við vegbrúnina og var hún sprengd þegar bifreið frá sprengjueyðingarhópi pakistönsku lögreglunnar ók framhjá. Að minnsta kosti fjórir starfsmenn sprengjueftirlitsins létu lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**5 TRÚARHÁTÍÐ Á SRÍ LANKA** Búddistar færa fórnir við búddistahof í Colombo á Srí Lanka. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**6 LAGAR LYFTU Í NEPAL** Byggingaverkamaður vinnur þarna að því að lagfæra lyftubúnað á byggingarstað í Katmandú, höfuðborg Nepal. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





## Withings Pulse – Hreyfi, svefn og púlsmælir

WIT-WAM01

Ótrúlega fyrirferðarlítið tæki sem fylgist með virkni þinni yfir daginn, metur svefngæði og mælir púls. Sýnir skrefafjölda, vegalengd og hversu mörgum hitaeiningum þú brennir. Á nóttinni metur það hversu lengi þú sefur djúpum eða léttum svefni og hversu oft þú vaknar yfir nóttina. Tækið er einnig púlsmælir. Flytur gögn þráðlaust í snjallsíma og tölvu. Þar getur þú með Withings appinu skoðað á aðgengilegu formi allar niðurstöður úr mælinum og með því öðlast betri skilning á hvernig líkaminn starfar og hvernig venjur þínar hafa áhrif á heilsuna. Frábær hvatning fyrir alla sem vilja auka hreyfingu og breyta um lífsstíl. Þyngd aðeins 8 g.

**24.750 kr.**

## Withings Snjallvog

WIT-WS50

Mælir þyngd, fituprósentu, púls, hitastig og loftgæði. Flytur gögn þráðlaust í snjallsíma og tölvu og þar getur þú með Withings appinu skoðað á aðgengilegu formi allar niðurstöður mælinganna. Fyrir 8 notendur.

**36.750 kr.**



Withings snjallvogin og Withings Pulse tengjast algengum heilsuforritum eins og RunKeeper, Myfitnesspal, Bodymedia fit, Tactio og Digifit.

Úrval vandaðra voga í bað og eldhús í öllum verðflokkum

# Eirberg — GEFÐU GÓÐA GJÖF




Eirberg hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að vinnuvernd og hagræði.

## Nuddpúði með gelhausum

HOM-SP1000

Mjúkir gelhausar sem laga sig að líkamanum. Shiatsu nudd og infrarauður hiti.
Fjarstýring með stigvaxandi stillimöguleikum.

**19.750 kr.**




Úrval vandaðra nuddpúða og nuddsæta



## Mediflow $H_2O$ heilsukoddinn

MFL-1210

Einstakur heilsukoddi með vatnsfyllingu. Klínískar rannsóknir sýna að Mediflow heilsukoddinn er einn besti koddi á markaðnum til að minnka verki í hálsi og auka svefngæði. Mjúkur en veitir samt fullkominn stuðning fyrir hálsinn. Efsta lag úr mjúkum trefjum. Þar fyrir innan er vatnspúði sem fylltur er með mismiklu vatni til að stilla hæfilegan stuðning fyrir hvern og einn.

**9.750 kr.**





## REVITIVE blóðrásarörvun fyrir fætur

MEC-18057

Minnkar bjúg og bólgur, örvar blóðflæði, dregur úr verkjum og fótkulda.Tækið örvar blóðflæði með því að senda rafboð í gegnum ilina sem veldur vöðvasamdrætti í fótum og fótleggjum. Hentar vel fyrir einstaklinga með skert blóðflæði, bjúgsöfnun, minnkaða hreyfigetu, vöðva og liðverki, sykursýki og fótapirring. Tækið býður einnig upp á TENS verkjameðferð sem nota má sér eða samtímis meðferð fyrir fætur. Rafförvunarhanskar einnig fáanlegir. Íslenskar leiðbeiningar.

**39.750 kr.**

Ný sending – lægra verð

**Opið alla daga til jóla til kl. 18** • Virka daga 9 - 18 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • Aðfangadag 10 - 12 • Eirberg ehf., Stórhöfða 25, Sími 569 3100 • eirberg.is



**ÍSAFJÖRÐUR** Snjóflóðahætta er á Seljalandsvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samkomulag náðist ekki:

## Flóðahús tekið eignarnámi

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur einróma ákveðið að taka eignarnámi einbýlishús sem stendur á snjóflóðahættusvæði á Seljalandsvegi. „Viðræður um kaup á fasteigninni hafa reynst árangurlausar,“ segir bæjarstjórnin um ástæðu eignarnámsins. Ágreiningur um fjárhæð eignarnámsbóta fer fyrir matsnefnd eignarnámsbóta. Húsið er tæpir 190 fermetrar, byggt 1937. - gar

Tilmæli til Reykjavíkurbúa:

## Hvattir til að hreinsa snjóinn

**SORPHIRÐA** Reykvíkingar eru hvattir til að hreinsa snjó frá sorpgeymslum þá daga sem sorphirðumenn eru að störfum. Í dag verður hirt sorp í Grafarvogi og á morgun í Vesturbænum. Á fimmtudag er sótt sorp í Miðbæinn og Hlíðar.

Í tilkynningu borgarinnar segir að starfsmenn í sorphirðu hafi þurft að vinna lengur síðustu daga til að halda áætlun. Þá var unnið aukalega á laugardag. „Einnig er gott að athuga hvort hægt sé að opna hurðir að sorpgeymslum þar sem þær vilja frjósa fastar þegar ekki hefur verið mokað frá.“ - fb

# Ráðuneytin varnarlaus gagnvart þrýstingi hagsmunaaðila

Prófessor í stjórnmálafræði segir íslensk ráðuneyti vera berskjölduð fyrir þrýstingi hagsmunaaðila af ýmsu tagi. Hann segir ráðuneytin þurfa að þróa vandaðri vinnubrögð við undirbúning frumvarpa. Ýtarlegur samanburður staðfestir að fyrstu drög ráðuneytis að lagafrumvarpi voru að stórum hluta skrifuð af hagsmunaaðila.

**STJÓRNSÝSLA** „Ráðuneytin virðast vera svo lítil og veikburða og undir því miklu álagi af ýmsu tagi að þau hafa í raun og veru mjög veikar forsendur til að leiða stefnumótunarvinnu á sambærilegan hátt og ráðuneyti gera í nágrannalöndum okkar. Þess vegna verða þau berskjölduð fyrir þrýstingi hagsmunaaðila af ýmsu tagi,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði.

Ýtarlegur samanburður hans og Hauks Arnþórssonar stjórnsýslufræðings staðfestir að fyrstu drög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að lagafrumvarpi sem á að auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum voru að stórum hluta skrifuð af hagsmunaaðilanum Carbon Recycling International.

Fréttablaðið fjallaði fyrst um málið 29. nóvember síðastliðinn. Þá kom fram að Carbon Recycling hafði frumkvæði að því að senda ráðuneytinu skjal sem innihélt tillögu að lagafrumvarpinu, en fyrirtækið framleiðir metanól sem má nota sem íblöndunarefni í bensín.

„Samanburðurinn sýnir að útgangspunkturinn í drögum ráðuneytisins er skjal sem samið var af fyrirtækinu og ráðuneytið leggur það tiltölulega lítið breytt í hend-



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**

ur vinnsluaðila, sérstaklega hvað lagatextann varðar,“ segir Gunnar.

„Þetta er sennilega óvenjulegt og örugglega óheppilegt. Það hefði verið eðlilegra ef ráðuneytið hefði samið erindisbréf fyrir einhvern starfshóp um það hvað ætti að koma út úr vinnunni sem lýsti pólitískri forgangsröðun og þeim kröfum sem væru gerðar til þeirrar vinnu, frekar en að gera einhverja tillögu frá fyrirtæki sem á verulegra hagsmuna að gæta að útgangspunkti.“

Gunnar segir ekkert óeðlilegt við það þegar ráðuneyti taka upp ákveðin mál fyrir tilstilli hagsmunaaðila.

„Það sem er einkennilegt í þessu máli er að fyrirtækið semur tilbúið frumvarp, en ég kann engin önnur dæmi um slíkt.“

Gunnar segir íslensk ráðuneyti þurfa að þróa vandaðri vinnubrögð við faglegan undirbúning frumvarpa. Þar þurfi að vanda betur til bæði upplýsingaöflunar og mótunar þeirra valkosta sem taka á afstöðu til. Slík vinna er að hans sögn mun frumstæðari hér á landi en í nágrannalöndum okkar.

„Til þess að við almennir borgarar getum treyst þeim ákvörðunum sem teknar eru í samstarfi ríkisstjórnar og Alþingis þarf undirbúningsvinnan að vera vönduð og það er hlutverk ráðuneytanna að hafa forystu um það,“ segir Gunnar.

haraldur@frettabladid.is



**STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ** Gunnar Helgi segir ráðuneytin þurfa að þróa vandaðri vinnubrögð við gerð frumvarpa.

### ➜ Samanburðurinn



Þegar drög ráðuneytisins voru borin saman við tillöguskjal Carbon Recycling International (CRI) var notað forrit sem mælir hlutfall breytts texta. Þá kom í ljós að drög ráðuneytisins breyttust um 25 prósent miðað við tillöguskjal CRI.

Lagatexti ráðuneytisins innihélt minni breytingar, eða 14,6 prósent, sem þýðir að ráðuneytið hefur sent þann hluta frá sér með litlum breytingum. Greinargerð frumvarpsins breyttist meira frá tillögum fyrirtækisins, eða um 29 prósent.







**FRÁ GEIMFERÐAMIÐSTÖÐINNI Í PEKING** Vísindamenn fylgdust á sunnudag spenntir með geimfarinu og rannsóknartækjum á yfirborði tunglsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstánægðir með tunglkönnun um helgina:

## Kínverjar boða fleiri ferðir til tunglsins

**KÍNA, AP** Kínverjar ætla ótrauðir að halda áfram að senda geimför til tunglsins.

Eftir vel heppnaða lendingu geimfarsins Chang'e 3 á tunglinu um helgina og rannsóknir með tungljeppanum Yutu kynntu Kínverjar í gær áform sín um að senda nýja flaug til tunglsins árið 2017. Í það skiptið er ætlunin að ná í jarðvegssýni og flytja þau aftur til jarðar.

Bæði Xi Jinping forseti og Li Keqiang forsætisráðherra voru viðstaddir kynninguna í Peking, þar sem vísindamenn skýrðu frá því hve allt hefði heppnast vel um helgina.

Þetta var í fyrsta skipti í 37 ár sem geimfar hefur lent á tunglinu, en áður hafa bæði Bandaríkjamenn og Rússar sent geimför þangað.

**2017**

Kínverjar opinberuðu í gær áætlanir um að senda aðra geimflaug til tunglsins árið 2017. Þá verða sótt jarðvegssýni og flutt aftur til jarðar.

Þótt athygli Bandaríkjamanna beinist nú frekar að Mars hefur áhugi á tunglinu engan veginn minnkað. Japanir og Indverjar hafa á síðustu árum sent geimför á braut umhverfis tunglið og bandarískt geimfar er enn að hringsóla kringum tunglið að kanna jarðveginn þar, hugsanlega til að undirbúa rannsóknarstöð á tunglinu síðar meir. - gb

# HOHO HÓ!!

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

## ALLAR JÓLAKÚLUR = ÞRÍR FYRIR EINN

**Þú tekur 3 pakka og greiðir fyrir 1**

Jólakúlur 10 cm 6 stk.
**290**
Margir litir

Jólakúlur 10 cm 6 stk.
**390**
Margir litir

Jólakúlur 7 cm 12 stk.
**498**

Jólakúlur 10 cm 6 stk.
**290**
Margir litir

Jólakúlur 14 cm 4 stk.
**695**

Jólastjarna/inni í glugga
**2.295**

LED INNI netljós 2x2 m
rauð gardína
**1.995**

Innisería 50 ljósa
**1.495**

Helios 20 ljósa útisería
**3.995**

Helios 20 ljósa innisería
**695**

Jólatré 120 cm
**750**
Einnig til 150 cm
**1.250**

Black&Decker
háþrýstidæla max
bar **110**
**14.990**
**1400W, 360 litr./klst.**
Þolir 50°C heitt vatn
5 metra barki,
sápubox

Kaffivél með Thermo hitakönnu
10-12 bolla, 900w
**2.490**

Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu,
mylur ís, 400w 1,3l.
**3.990**

TES Pappír 2 metrar
**125**

TES Pappír 6 metrar
**299**

NOVA TWISTER 4,8V
Skrúfvél og skrúfbitar
**1.790**

Drive 12V Li Ion
rafhlöðuborvél
**5.990**

Töfrasproti – Blandari
**1.890**

Jólakrans 30 cm
**295**

Snjóþota kr.
**495**
Hurðaskellir er
hrifinn af þessari!

Blandari og matvinnsluvél
**4.990**

¼" topplyklasett 17 stk.
**990**
(mikið úrval lyklasetta)

DASH PRO höggborvél stiglaus hraði
2 rafhlöður 18V 1,5Ah
**14.990**

3 metra raf-
magnssnúra
**990**

2 metra raf-
magnssnúra
**690**

ALB10DAS 10,8V Li-Ion
Bor/skrúfvél 1,4Ah 30Nm
**11.990**

Fjöltengi
3 innstungur
**595**

Detectomat reyk-
skynjari HD3000
m/lithium rafhlöðu
**2.390**

HDD1106 580W stingsög DIY
**2.790**

Rafhlöðuborvél
/skrúfvél HDD 3213
18V DIY
**8.990**

AB693 150W Pússvél
93x185mm
**5.890**

Slípirokkur HDD432
800W 125mm DIY
**4.890**

LED pera 3W
**1.195**

LED Þríhyrningsljós
**990**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*





# Ljósadýrðin gleðir miðbæinn töfraljóma

Jólaljósin gera borgina hátíðlega að vanda. Gunnar V. Andrésson ljósmyndari brá sér af bæ og fangaði stemninguna í miðbæ Reykjavíkur árla morguns þegar jólaösin var rétt að hefjast og morgunskíman að brjótast fram. Hjá mörgum er ómissandi hefð í aðdraganda jóla að njóta mannlífsins og annars sem fyrir augu ber í miðbænum.










Heimspíanistar
í Hörpu
HARPA
Harpa kynnir með stolti
Goðsögnin Philip Glass
frumflytur eigin verk í Hörpu
Philip Glass
28. janúar 2014, kl. 20.00
Piano études
Ásamt píanóleikurunum
Víkingi Heiðari Ólafssyni
og Maki Namekawa
www.harpa.is/philipglass
ICELANDAIR
Arion banki
CENTER HOTELS
Miðasala hefst í dag, kl. 12:00

## HEIMURINN




### Tveir lausir úr Guantanamo

**1** **KÚBA** Tveir fangar til viðbótar hafa verið látnir lausir úr Guantanamo-fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu. Mennirnir eru báðir frá Sádi-Arabíu og voru sendir þangað. Báðir hafa setið árum saman í fangabúðunum án þess að hafa nokkurn tímann verið ákærðir fyrir afbrot af neinu tagi. Tugir fanga hafa verið sendir til Sádi-Arabíu, en enn sitja 160 fangar í búðunum.

### Tugir milljóna þurfa aðstoð

**2** **SVISS** Sameinuðu þjóðirnar segjast þurfa nærri 13 milljarða dala, eða ríflega 1.500 milljarða króna, til að standa straum af neyðaraðstoð víða um heim á næsta ári. Reiknað er með að um helmingurinn af þessu fé fari til Sýrlands og nágrannaríkja þess, en alls er talið að um 52 milljónir manna í 17 löndum þurfi á aðstoð að halda. Næst á eftir Sýrlandi þurfa Súdan, Sómalía, Kongó og Filippseyjar mesta aðstoð.

### Uppreisn kæfð

**3** **SUÐUR-SÚDAN** Hópur hermanna gerði tilraun til stjórnarbyltingar í Suður-Súdan en Salva Kiir, forseti landsins, sagði í gær að tekist hefði að brjóta uppreisnina á bak aftur. „Árásarmennirnir fóru og herinn er að elta þá uppi,“ sagði forsetinn. Uppreisnarmennirnir réðust inn á herstöð í höfuðborginni Júba á sunnudag og héldu skotbardagar áfram þangað til í gær.

### ESB greiði fyrir íhlutun

**4** **FRAKKLAND** Frakkar vilja að stofnaður verði sjóður á vegum Evrópusambandsins, sem yrði notaður til þess að standa straum af hernaðaríhlutunum víða um heim. Francois Hollande Frakklandsforseti hvatti til þessa í gær og varði jafnframt ákvörðun stjórnar sinnar um að senda franska hermenn til Mið-Afríkulýðveldisins, þar sem hörð átök hafa geisað undanfarið.

## Ár liðið frá hrottalegri nauðgun



**INDVERSKAR LÖGREGLUKONUR Á BEKK VIÐ VEGATÁLMA Í NÝJU-DELÍ** Indverjar minntust þess í gær að ár var liðið frá hrottalegri nauðgun í Nýju-Delí. Nokkrir menn óku um á strætisvagni til að leita sér að fórnarlömbum, tóku par upp í og misþyrmdu þeim báðum svo illa að konan lét lífið á sjúkrahúsi nokkru síðar. Málið hefur vakið þjóðina til vitundar um það hve alvarlegur vandi nauðganir hafa lengi verið í indversku samfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

MIKIÐ ÚRVAL GÆÐABÍLA Á GÓÐU VERÐI


MM Pajero 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.490.000,-


Toyota Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.990.000,-


Audi A4 Avant 2.0TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 24.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.650.000,-


VW CC 2,0 TDi
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 12.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.350.000,-


VW Passat Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.250.000,-


VW Tiguan Trend&Fun 2,0 TDI. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 61.300 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.550.000,-


Tilboð 2.890.000,-
Audi A6 2,0T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.690.000,-


Mazda 3 1600 Advance Dísil
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 12.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.890.000,-

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16
Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Toys"R"Us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 25% afsláttur

## af öllum tónlistarvörum



Tilboðin gilda 17-18.12.2013. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600
**KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

Furðulegur málflutningur um IPA-styrki frá ESB:

# Siðferðisbrestur og tvískinnungur

Málflutningur stjórnarliðsins um IPA-styrkina svokölluðu frá Evrópusambandinu verður æ furðulegri. Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, var í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni á laugardaginn orðinn jafnhissa og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra á því að Evrópusambandið ætlaði ekki að halda áfram að styrkja verkefni sem komin voru af stað. Hefur hann þó verið jafneindreginn andstæðingur þess að aðildarviðræðum við ESB verði haldið áfram og verið jafnmikið á móti því að þiggja IPA-styrkina.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nú sagði Birgir hins vegar frá því að komin væri í gang lögfræðileg athugun stjórnvalda á því hvort ekki væri hægt að láta Evrópusambandið borga samt sem áður. Formaður utanríkismálanefndar „skilur aðstöðu þeirra fyrirtækja og stofnana sem hafa gert sínar áætlanir út frá því að þetta væri frágengið“. Hann sagði að menn hefði greint á um styrkina í upphafi, en þegar samningur væri kominn á um að borga til ákveðinna verkefna væri bara lögfræðilegt álitamál að finna út úr því, sem snerist ekkert um afstöðu manna til styrkjanna í upphafi.

Er þetta alveg svo einfalt? Skiptir engu máli á hvaða forsendum menn voru á móti því að þiggja IPA-styrki?

Birgir Ármannsson var nefnilega á seinasta kjörtímabili þingmanna harðorðastur um þann „siðferðilega vanda“ sem fælist í því að vilja taka við styrkjum án þess að vilja ganga í ESB, eins og átti við um þingmenn og ráðherra Vinstri grænna. „IPA-málið er hluti af aðlögunar- eða aðildarferlinu og ég á bágt með að sjá að menn geti með góðu móti verið andvígir aðildarferlinu en fylgjandi IPA-styrkjunum. Mér finnst einhver tvískinnungur í því,“ sagði Birgir í þingræðu í maí í fyrra.

Í nóvember í fyrra sagði þingmaðurinn: „Þegar meiri hluti þings og þjóðar er í raun og veru á móti aðild finnst mér ekki beinlínis heiðarlegt að taka við þessu fé. Þó að sum verkefnin sem verja á þessum peningum til séu án efa ágætisverkefni hef ég á tilfinningunni að ekki sé heiðarlegt gagnvart öðrum þjóðum að taka við peningum sem eru til þess ætlaðir að undirbúa okkur undir aðild sem aldrei verður.“ Á þessum tíma fannst Birgi að Íslendingar væru að „taka við þessum fjármunum á fullkomlega röngum forsendum, eiginlega óheiðarlegum forsendum, miðað við það í hvers konar ógöngum aðildarumsóknin og aðlögunarferlið er.“

Birgir gerði heldur ekki mikið með að fyrirtæki og stofnanir væntu styrkja. Í umræðunni í maí í fyrra sagði hann: „Við látum ekki stilla okkur upp við vegg og segja: Við verðum að samþykkja þetta af því að ágætisfólk hér og þar á landinu, hjá sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum, gerir sér væntingar um að fá einhverja styrki á þessum grundvelli. Við getum ekki tekið afstöðu á slíkum grundvelli, við getum ekki látið koma þannig fram við okkur, við þingmenn sem höfum efasemdir um þetta mál.“

Hvernig getur það sem var siðferðisbrestur, óheiðarleiki og tvískinnungur í fyrra breytzt í „lögfræðilegt álitamál“ í ár? Getur verið að Birgir hafi sjálfur ekki verið að hlusta þegar hann sagði á þingi í fyrra að þetta væri „spurning um það að menn séu samkvæmir sjálfum sér“?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Uppsagnir skipa engu

Margir urðu þrumulostnir yfir viðtali við Magnús Einarsson, starfandi dagskrárstjóra Rásar 1, í fréttum Útvarps. Þar sagði hann að þrátt fyrir að búið væri að reka fjölda dagskrárgerðarmanna á Rás 1 yrðu sáralitlar breytingar á dagskránni. „Allir póstar halda sér, allir þessir hefðbundnu póstar, útvarpssagan, Sinfóníuhljómsveitin, Útvarpsleikhúsið. Þessir stóru menningarþættir á Rás 1, þeir munu halda sér óbreyttir og jafnvel verður bætt í ef eitthvað er,“ sagði Magnús í viðtalinu. Útvarpsstjóri, Páll Magnússon, skrifaði svo grein í Fréttablaðið þar sem hann sagði Rás 1 halda áfram að vera Íslendingum að inntaki allt það sem hún hefur verið þeim í 83 ár. Menn hafa því í kjölfarið spurt hvað í ósköpunum fólk hafi verið að gera á Rás 1 ef það hefur lítil sem engin áhrif á dagskrána þó að starfsmönnum hafi verið fækkað verulega.

### Álver í Helguvík

Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, fór mikinn í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær þegar hún krafði Ragnheiði Elínu Árnadóttur svara um álver í Helguvík. Katrín sagði að Ragnheiður hefði farið fremst í flokki þeirra á síðasta kjörtímabili sem kallaði hana og fleiri „atvinnustoppara“ það er að þau stæðu í vegi fyrir því að álver gæti orðið að veruleika í Helguvík. Nú bærust af því fréttir að málið væri komið í strand. Svo spurði Katrín hvernig ríkisstjórninni hefði tekist að klúðra málinu á sex mánuðum. Ragnheiður Elín sagði að hún hefði nú ekki fengið þær fréttir beint frá forstjóra Century Aluminium að það væri búið að slá álverið út af borðinu. Sagði þó að allt væri betra en núverandi staða. „Eyða þarf óvissunni varðandi þetta verkefni og taka ákvarðanir af eða á um þetta þannig að við getum þá farið að einbeita okkur að öðru,“ sagði Katrín.



## HALLDÓR




# Heggur sá sem hlífa skyldi

RÍKISÚTVARPIÐ



Pétur Gunnarsson
Rithöfundur

Þau fara mikinn í Helgarblaðsspjalli sínu Friðrika Benónýsdóttir og Magnús Einarsson, settur dagskrárstjóri útvarpsins. Sjálfur staðnæmdist ég einkum við eftirfarandi:

Friðrika: „Manni hefur líka sýnst að það séu einkum listamenn sem fara fyrir þessum mótmælum, eru þeir ekki bara í grímulausri hagsmunabaráttu þar sem þeir óttast að missa spón úr aski sínum?“

Magnús: „Örugglega óttast þeir að missa spón úr aski sínum þar sem útvarpið hefur verið gríðarlegur vettvangur fyrir þá bæði sem spegill, eða auglýsingagluggi, og vinnuveitandi. Þannig að það er ekkert skrítið þótt þeim sé annt um dagskrá þess. Hins vegar fannst manni umræðan reyndar stundum snúast um það hvar þeir ættu nú að fá hundraðþúsundkallinn sinn og að þeim væri meira umhugað um eigin buddu en framtíð Ríkisútvarpsins, en ég ætla þeim það nú ekki.“

Nú veit ég ekki í hvaða heimi þau lifa Friðrika og Magnús, en varla í raunheimi. Því enda þótt dagskrárgerðarfólk Ríkisútvarpsins leiti óspart til fræðimanna, listamanna og rithöfunda í efnisleit og umfjöllun, þá er aldrei, ALDREI, greidd króna fyrir viðvikið. Það er í raun

**➜ Það væri nú til að kóróna klúðrið ef settum dagskrárstjóra hefði tekist að stía frá þátttöku þessum sjálfboðaliðum Ríkisútvarpsins – sem hér eftir liggja undir því ámæli að með því að mæta til leiks séu þeir að spegla sig, auglýsa og betla!**

eitt af undrunum, að ekki sé sagt kraftaverkunum, í rekstri Ríkisútvarpsins sú velvild sem það hefur notið af hálfu fræða- og listageirans, sem í hvert eitt sinn og þess er farið á leit leggur sitt af mörkum – endurgjaldslaust. Mér er til efs að önnur útvarpsstöð á Vesturlöndum búi við annað eins atlæti, alla vega ekki á Íslandi.

Það væri nú til að kóróna klúðrið ef settum dagskrárstjóra hefði tekist að stía frá þátttöku þessum sjálfboðaliðum Ríkisútvarpsins – sem hér eftir liggja undir því ámæli að með því að mæta til leiks séu þeir að spegla sig, auglýsa og betla!

Þá væri nú fokið í flest skjól fyrir Efstaleitinu og ekki um annað að ræða en biðja þann sem býr enn ofar um hjálp.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Jólin mín, jólin þín og áramótin

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Nú fer í hönd einn skemmtilegasti tími ársins að mér finnst. Ekki spillir fyrir að það er jólalegt úti, kalt og hvítt. Það er einhvern veginn svo miklu hátíðlegra þegar snjórinn og jólaljósin lýsa upp myrkrið í sameiningu, það myndast ákveðin stemmning. Ys og þys um allan bæ, fólk að kaupa gjafir, hittast á förnum vegi og spjalla. Suma sér maður bara einu sinni á ári á jólarúntinum svokallaða, það fer drjúgur tími í það að heyra hvað hefur á dagana drifið síðan síðast. Ákveðnir hlutir eru ómissandi í jólaundirbúningnum og á aðventunni, að baka smákökurnar og laufabrauðið, skreyta híbýli sín og svo auðvitað jólatréð.

Það fylgir því auðvitað mikil tilhlökkun að fá kærkomið frí, tíma til að lesa góða bók, spila spil eða púsla, njóta útivistar og þannig mætti lengi telja. Það gildir að setja tærnar upp í loft, en á sama tíma að halda jafnvægi. Mjög margir eru afar uppteknir af því að missa ekki tökin, þyngjast um of, borða of mikið og svo framvegis. Reynið bara að slaka á, það verður nægur tími til að leiðrétta nokkur aukakíló síðar komi þau á annað borð. Ekki skapa streituástand, maður þyngist af því einu saman. Hófsemi og jafnvægi er rétta lausnin bæði hvað varðar át og hreyfingu um hátíðirnar.

Jólunum fylgja hefðir sem helst má ekki breyta, dæmi um það er maturinn, hvar þau eru haldin, hver leikur jólasveininn og deilir út pökkunum og svona mætti lengi telja. Það eru þessir litlu hlutir sem skipta okkur alveg ótrúlega miklu máli og verða að smellpassa svo við séum sátt og okkur líði vel. Sumar hefðir eru nánast meitlaðar í stein eins og skatan á Þorláksmessu eða tónleikarnir með Bubba, hver á sitt og það er gott, fjölbreytnin er það sem telur. Mestu máli skiptir þó samveran með fjölskyldu og vinum, þetta er tími fjölskyldunnar og við sem erum svo heppin að geta verið saman eigum að vera þakklát, því það er alls ekki sjálfgefið.

Hátíð ljóss og friðar er fyrir löngu orðin býsna markaðsvædd, henni fylgir ákveðið hömluleysi og finnst sennilega flestum nóg um. Þó eru margir sem lifa samkvæmt orðatiltækinu „sælla er að gefa en þiggja“. Þetta fólk er ekkert sérstaklega að segja frá slíku, en maður heyrir af því og þakkar í huganum fyrir slíkar hetjur sem þurfa ekki að hreykja sér af því sem vel er gert, þær vita að þetta skiptir máli og nægir að það skuli kæta náungann og gleðja hans hjarta. Það skiptir ekki máli umfang eða verðmæti gjafa eða greiða, heldur fyrst og fremst hugurinn og sú vellíðan sem fylgir því að gera öðrum gott. Það er merkilega góð tilfinning!

Það liggur í hlutarins eðli að ekki eiga allir sömu möguleika á að njóta jóla, því miður. Þar kemur margt til og of langt mál að telja upp öll þau atriði sem geta haft áhrif hér á, hvort sem þau eru fjárhagslegs eða félagslegs eðlis, vegna veikinda eða vinnu. Eitt er þó víst, að öll ráðum við tilfinningum okkar og getum ákveðið hvernig okkur líður, hvernig við högum okkur og hvernig við horfum á hlutina. Það er því gríðarlega mikilvægt að vera þakklátur og njóta þess sem maður hefur hverju sinni, gleðjast yfir jólunum og láta sér líða vel og ýta undir vellíðan annarra, það er hinn sanni jólaandi.

> Reynið bara að slaka á. Það verður nægur tími til að leiðrétta nokkur aukakíló síðar komi þau á annað borð. Ekki skapa streituástand, maður þyngist af því einu saman.

Í þeim anda og þar sem pistlar mínir ættu næst að bera upp á aðfangadag og gamlársdag þá ætla ég að leyfa mér að óska þér og þínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, megir þú njóta vel!

## Takk fyrir að standa með kristinni trú

TRÚMÁL
Sigurður Ragnarsson
sviðsstjóri



Mig langar að þakka Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra, fyrir að sýna mikið hugrekki með því að standa með kristinni trú í ræðu sinni á síðasta kirkjuþingi. Sumir þeirra sem aðhyllast ekki kristna trú hafa lýst yfir vanþóknun á orðum innanríkisráðherra. Það er í raun ótrúlegt að þurfa að verja kristna trú og kristin gildi því samfélag okkar byggir á þeim. Kirkjan vinnur mikilvægt starf og þjónar okkur í blíðu og stríðu, enda ein af meginstoðum samfélags okkar. En sumir sem trúa ekki innihaldi Biblíunnar vilja hafa hlutina öðruvísi og vilja breyta samfélaginu þannig að það fjarlægist kristin gildi. Ég fagna innilega orðum Hönnu Birnu vegna þess að hún er greinilega ekki sama sinnis. Mér fannst hún hitta margoft naglann á höfuðið í ræðu sinni en langar sérstaklega að minnast á orð hennar: „Kærleikurinn er kjarninn í kristinni trú og með kærleikann að leiðarljósi stígum við mörg skref í átt að betra samfélagi.“

Umburðarlyndi er dyggð og við þurfum að umbera hvert annað. Við erum ólíkir einstaklingar og höfum misjafnar skoðanir. Við verðum að fá að velja og vera frjáls. Trúfrelsi er hluti af því að leyfa fólki að velja og hafa sínar skoðanir. En að fara fram á að t.d. úthýsa kristinni trú og kristnum gildum, hvort heldur er úr skólum eða banna með öðrum hætti er of langt gengið. Við erum kristið samfélag og kristin trú er samofin menningu okkar og þjóðarsál. Þeir sem vilja iðka kristna trú eiga rétt á því, alveg eins og þeir sem vilja iðka aðra trú eða enga trúa eiga rétt á því.

Hanna Birna vitnar í sr. Sigurbjörn heitinn Einarsson biskup í ræðu sinni sem sagði eitt sinn í samtali við hana og vinahóp hennar, aðspurður um hvað Guð væri fyrir honum: „Guð er allt hið góða sem birtist í gjörðum Jesú Krists.“ Kærleikurinn er kjarninn í kristinni trú og Jesú Kristur sýndi með boðskap sínum og gjörðum þennan kærleika. Við þurfum að virða kristnar rætur okkar sem og skoðun meirihluta þjóðarinnar, sem er jú kristin. En við þurfum líka að þakka fyrir hvað kirkjan og kristin trúfélög og þjónar hennar hafa gert fyrir okkur. Við þurfum að vera á varðbergi og verja okkar trúarlega jarðveg og rækta hann. Það að standa vörð um kristna trú stuðlar að meiri kærleika og hjálpar okkur að byggja upp enn betra og sanngjarnara samfélag. Hanna Birna Kristjánsdóttir, þakka þér kærlega fyrir!




Lífrænt og bragðmikið krydd í jólamatinn – margar tegundir



Biona lífræna meðlætið gerir jólamáltíðina enn betri

GERÐU JÓLAMATINN ENN BETRI!



Krafturinn í jólasósuna og súpur, lífrænn og án aukaefna



Allt í eftirréttinn



KOMDU VIÐ Í HEILSUHÚSINU FYRIR JÓLIN
Kryddið, meðlætið og krafturinn gera matinn enn bragðbetri og þér líður vel um jólin.

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI REYKJANESBÆ

ÍSLENSKA SIA.IS HLS 67051 12/13

# Um erfðabreytt matvæli – svar við grein sex fræðimanna

HEILBRIGÐISMÁL




**Sölvi Jónsson**
**Davíð Östergaard**
starfa með fötluðum

5. október sl. birtist grein í Fréttablaðinu undirrituð af sex fræðimönnum. Greinarhöfundar fullyrða að engar vísbendingar hafi komið fram sem benda til þess að erfðabreyttar nytjaplöntur í landbúnaði séu skaðlegar heilsu fólks umfram hefðbundin matvæli og segja að í kjölfar rannsókna síðustu 25 árin sé vísindasamfélagið á þeirri skoðun að erfðatækni sé örugg. Greinarhöfundar fullyrða einnig að milljónir bænda um allan heim nýti erfðabreyttar nytjaplöntur með góðum árangri og að erfðabreyttar plöntur hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruna. Greinarhöfundar, sem flestir eru með doktorspróf, vísa hvorki í rannsóknir né fræðigreinar máli sínu til stuðnings.

Þetta eru stór orð í ljósi þess að því fer fjarri að einhugur sé í vísindasamfélaginu um öryggi erfðabreyttra lífvera. 230 fræðimenn setja nafn sitt við yfirlýsinguna „Statement: No scientific consensus on GMO safety“, dagsetta 10. október á þessu ári. Í yfirlýsingunni mótmæla fræðimennirnir þeirri fullyrðingu að vísindaleg samstaða sé um öryggi erfðabreyttra lífvera, segja að hún sé byggð á veikum vísindalegum grunni og lýsa yfir þungum áhyggjum af áhrifum erfðabreyttra lífvera á umhverfið og heilsu manna og dýra. Fræðimennirnir vitna í fjölda rannsókna og vísindagreina máli sínu til stuðnings. Í opnu bréfi frá síðasta ári sem 21 fræðimaður er skrifaður fyrir: „Yes: Food labels would let consumers make informed choices“, mótmæla undirritaðir, sem margir eru meðlimir í American Association for Advancement of Science, þeirri fullyrðingu AAAS að erfðabreytt matvæli séu örugg og þess vegna óþarfi að merkja þau.

### „Frægðarverk“ Monsanto

Það er óhætt að segja að líftæknifyrirtækið Monsanto sé eitt fyrirlitnasta stórfyrirtæki jarðar. Það er okkar skoðun að með því að verja erfðabreytt matvæli þá séu greinarhöfundar einnig að verja glæpi stórfyrirtækis eins og Monsanto. Þetta tvennt verður ekki slitið í sundur. Upptalning á nokkrum af „frægðarverkum“ Monsanto fyrirtækisins:

Monsanto framleiddi og seldi bandaríska varnarmálaráðuneytinu eiturefnið Agent Orange sem Bandaríkjamenn notuðu í Víetnamstríðinu til að eyðileggja ræktarland og svipta „skæruliðahermenn“ skjóli. Víetnömsk stjórnvöld áætla að um 400 þúsund manns hafi látist eða beðið alvarlegan skaða vegna þessa og að hálf milljón barna hafi fæðst með alvarlega fæðingargalla auk mikils umhverfisskaða. Víetnamska þjóðin er enn að bíta úr nálinni með þetta enda ummerki um eitrið enn að finna í lífkeðjunni. Monsanto setti eiturefnið DDT á markað árið 1944. Það var síðan bannað árið 1972 eftir að hafa valdið hrikalegum umhverfisspjöllum. Monsanto á einkaleyfið á hinu mjög svo umdeilda aspartam.

Monsanto hefur margoft verið lögsótt og þurft að semja um bætur til starfsmanna sinna og almennings vegna mengunar og eitrunar sem fyrirtækið hefur valdið. Monsanto er höfundur mjög svo umdeilds hormóns sem hefur verið sprautað í kýr til að auka mjólkurframleiðslu þeirra. Monsanto beitti sér á sínum tíma gegn merkingum á mjólk þar sem kom fram að mjólkin væri laus við þetta hormón á þeirri forsendu að merkingin gæfi til kynna að mjólk kúa meðhöndlaðra með rBST-hormóninu væri „óæðri“. Bændur mega ekki geyma erfðabreytt Monsanto útsæði og hefur fyrirtækið staðið fyrir fjölda lögsókna gegn bændum sem hafa geymt útsæði. Monsanto hefur sömuleiðis lögsótt bændur, þar sem akrarnir hafa smitast af erfðabreyttum plöntum, fyrir brot á „höfundarrétti“.

Við sjáum ekki samsæriskenninguna um yfirgang stórfyrirtækja. Við sjáum staðreyndina um yfirgang stórfyrirtækja! Á árinu hafa verið farnar tvær mótmælagöngur í fjölda borga á Vesturlöndum gegn Monsanto. Er skrítið að fólk efist um öryggi erfðabreyttra lífvera þegar saga stórfyrirtækis eins og Monsanto er skoðuð?

### Valdurinn að hungursneyð?

Erfðabreytt matvæli voru búin til á tilraunastofu til að græða peninga. Ekki til að auka fæðuframleiðslu eða hjálpa sveltandi heimi. Sjálf grundvallarforsendan fyrir framleiðslu erfðabreyttra matvæla er brostin þegar búið er að sýna fram á það að þau auka ekki uppskeru heldur þvert á móti minnka hana og kalla á meiri eiturefnanotkun en í hefðbundnum landbúnaði auk fleiri óæskilegra umhverfisþátta. Margir spá því að erfðabreytt matvæli muni í framtíðinni verða valdurinn að hungursneyðum í þriðja heiminum.

Tveir af greinarhöfundunum sex, Jón Hallsteinn Hallsson og Áslaug Helgadóttir, hafa gegnt stöðu verkefnisstjóra vegna styrkveitingar til líftæknifyrirtækisins ORF.

**➜ Það er óhætt að segja að líftæknifyrirtækið Monsanto sé eitt fyrirlitnasta stórfyrirtæki jarðar. Það er okkar skoðun að með því að verja erfðabreytt matvæli þá séu greinarhöfundar einnig að verja glæpi stórfyrirtækis eins og Monsanto.**

**visir.is**
Lengri útgáfu greinarinnar og heimildarskrá er að finna á Vísir.is

BIRTING VIÐAUKA
VIÐ LÝSINGU

**Útgefandi:** SRE fjármögnun 1, fagfjárfestasjóður

SRE fjármögnun 1, fagfjárfestasjóður, kt. 701012-9920, hefur birt viðauka við lýsingu dagsetta 8. nóvember 2013 sem gefin var út í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa, SREFB 12 1, verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukinn er dagsettur 16. desember 2013, gefinn út á íslensku og birtur á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl.

Viðaukinn skoðast sem hluti af lýsingunni sem má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, og er gefinn út rafrænt á vefsíðu félagsins. Jafnframt geta fjárfestar óskað eftir og nálgast prentuð eintök af lýsingunni ásamt viðauka hjá Stefni hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

16. desember 2013,
stjórn Stefnis hf.

STEFNIR
Arion banki




# Fjölskyldustefna Garðabæjar – hlustum á raddir allra

STJÓRNSÝSLA




**Vilhjálmur Kári Haraldsson**
mannauðsstjóri Garðabæjar

**Guðfinna B. Kristjánsdóttir**
upplýsingastjóri Garðabæjar

Garðabær hefur á síðastliðnum árum unnið markvisst að málefnum fjölskyldunnar og skipulagt þjónustu sveitarfélagsins að þörfum hennar. Þegar unnið er á markvissan hátt við að koma til móts við fjölskylduna er í leiðinni unnið að samræmingu vinnu og einkalífs.

### Örugg daggæsla fyrir yngstu börnin

Fjölskyldustefna Garðabæjar var fyrst samþykkt á fundi bæjarstjórnar árið 2001 og endurskoðuð fjölskyldustefna var samþykkt 5. júní 2008. Eitt meginstefið í stefnunni er að örugg daggæsla sé til staðar eftir að fæðingarorlofi lýkur, á ungbarnaleikskólum eða hjá dagforeldrum. Garðabær gerir þjónustusamning við dagforeldra sem felur í sér hærri niðurgreiðslur en almennt gerist. Bærinn styður einnig við bakið á dagforeldrum með því að greiða fyrir þá grunnnámskeið, bjóða þeim styrk til að bæta aðstöðu á heimili sínu, veita þeim aðgang að leikfangasafni og með því að gera reglulegar viðhorfskannanir meðal foreldra.

*Í nýlegri meistararitgerð kemur fram:*

Í Garðabæ hefur tekist að móta stefnu í dagvistunarmálum sem önnur sveitarfélög ættu að líta til. Þar hefur verið stuðst við þjónustusamninga og sveitarfélagið nær þannig að halda stjórn á kostnaðinum sem og auknu eftirliti með starfseminni. Markmið sveitarfélagsins er að hafa dagvistun barna að raunverulegu vali foreldra með því að bjóða háar niðurgreiðslur og gæta að því að dagforeldrar hækki ekki verðskrá sína sem því nemur. Í Garðabæ er að auki rekinn ungbarnaleikskóli sem fyllist hvert ár og börn eru tekin inn á leikskóla eigi síðar en 18 mánaða og stundum fyrr. Þessi stefna virðist samræmast jafnréttismarkmiðum stjórnvalda best af þeim sveitarfélögum sem til greiningar eru.

*Frá vöggu til grafar 2012; Herdís Sólborg Haraldsdóttir*

### Leikskólar opnir allt árið

Leikskólar í Garðabæ eru opnir allt árið en hvert barn þarf að taka sér frí í 4 vikur. Fjölbreytni er mikil í leikskólastarfinu bæði hvað varðar rekstrarform og uppeldisstefnur. Mikil ánægja hefur verið með þjónustu leikskóla í Garðabæ skv. þjónustukönnunum Capacent og meiri en í öðrum sveitarfélögum.

### Samræmt skóladagatal

Í Garðabæ velja foreldrar grunnskóla fyrir börn sín og haldnar eru skólakynningar þar sem skólarnir kynna starf sitt. Samræmt skóladagatal þýðir að kennsla hefst á sama tíma að hausti og henni lýkur á sama tíma að vori í öllum grunnskólum bæjarins. Einnig eru vetrarfrí, skipulagsdagar starfsmanna o.fl. samræmd á milli skóla. Tómstundaheimili eru opin í vetrar-, jóla- og páskafríum. Hver skóli hefur sína sérstöðu enda hafa einkaskólar fest rætur í Garðabæ og mikil ánægja mælist með skólana í áðurnefndum þjónustukönnunum Capacent.

### Hvatapeningar fyrir öll börn

Hvatapeningar eru til að lækka kostnað við skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf. Hvatapeningar ársins 2013 eru 27.500 krónur á hvert barn á aldrinum 5-18 ára. Ungmenni í tveimur elstu árgöngunum geta fengið hvatapeninga greidda vegna kaupa á korti í líkamsræktarstöð.

Leitast er við að hafa æfingar og tómstundir yngstu barnanna í beinu framhaldi af skólalokum. Til að gera það mögulegt er starfræktur frístundabíll sem keyrir börnin frá tómstundaheimilum grunnskóla í íþrótta- og tómstundastarf.

### Atvinnuátak að sumri

Frá árinu 2009 hefur öllum ungmennum í Garðabæ á aldrinum 17-25 ára boðist vinna hjá bænum yfir sumartímann. Átakið er mikið hagsmunamál fyrir fjölskyldur í Garðabæ. 630 ungmenni sóttu um sumarstörf hjá Garðabæ árið 2013. Allir sem uppfylltu skilyrðin um lögheimili í Garðabæ fengu vinnu eins og fyrri ár, flestir við garðyrkjustörf, skógrækt og umhirðu bæjarlandsins.

### Samræming vinnu og einkalífs

Áhersla hefur einnig verið lögð á að koma til móts við starfsmenn til að auðvelda þeim að samræma vinnu og einkalíf. Mikilvægt er að starfsmenn fái sveigjanleika til að sinna fjölskylduábyrgð, t.d. umönnun veikra barna og aldraðra foreldra, fái tækifæri til að taka þátt í skólastarfi barna sinna og geti tekið börnin í vinnuna þar sem það á við. Lögð hefur verið áhersla á jafnréttismál þar sem stofnanir hafa gert jafnréttisáætlanir og verið er að vinna að launagreiningu fyrir sveitarfélagið. Sveigjanleiki í starfi, sveigjanlegur vinnutími og starfslok eru göfug markmið og Garðabær leggur sig fram við að koma til móts við starfsmenn þar sem hægt er.

Við skipulagningu á þjónustu og þegar unnið er að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs er grundvallaratriði að viðhafa samráð, eiga góð samskipti við alla aðila og miðla upplýsingum. Þess vegna er lykilatriðið að hlusta á raddir allra.

**➜ Eitt meginstefið í stefnunni er að örugg daggæsla sé til staðar eftir að fæðingarorlofi lýkur, á ungbarnaleikskólum eða hjá dagforeldrum.**

# Veglegir verðlaunagripir frá Bosch fyrir jólin.

Styline smátækin frá Bosch búa yfir frábærri tækni og einstaklega fallegri hönnun, enda hafa þau fengið toppeinkunn frá mörgum virtustu neytendasamtökum á Norðurlöndum ásamt virtum hönnunarverðlaunum á borð við „reddot“ og „If design award“.
Bosch er þýskt vörumerki með áratuga reynslu og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.



**Safapressa**

MES 20A0

Pressar bæði ávexti og grænmeti. Öflugur mótor. 700 W. Stórt áfyllingarrör fyrir heila ávexti. Safakanna skilur froðuna frá. Auðveld í þrifum. Hlaut hæstu einkunn hjá Wise Guide og Magasin.

**Jólaverð: 17.900 kr.**

Fullt verð: 23.900 kr.



**Handþeytari**

MFQ 4020

450 W. Fimm hraðastillingar og ein púlsstilling. Þægilegt handfang með mjúku gripi. Einstaklega hljóðlátur handþeytari.

**Jólaverð: 7.900 kr.**

Fullt verð: 9.900 kr.



**Töfrasproti**

MSM 7500

Mjög kraftmikill, 600 W. Hljóðlátur og laus við titring. Losanlegur neðri hluti úr ryðfríu stáli sem má þvo í vél. Hnífur úr ryðfríu stáli með fjórföldu blaði sem skilar mjög góðum árangri. Fylgihlutir: Skál með loki, hakkari með hníf.

**Jólaverð: 13.900 kr.**

Fullt verð: 16.900 kr.



**Matvinnsluvél**

MCM 4100

800 W mótor. Hrærir, þeytir brytjar, raspar, tætir og sker. 2,3 lítra skál. Fylgihlutir: 1,25 lítra blandari, fjölnota hnífur, þeytari, hnoðari úr plasti, rifjárn og sítrónupressa.

**Jólaverð: 19.900 kr.**

Fullt verð: 24.900 kr.



**Hrærivél**

MUM 52120

Falleg og þýðgeng. 700 W mótor. Fjórar hraðastillingar og ein púlsstilling. Skál úr ryðfríu stáli, tekur 3,9 lítra. Blandari og grænmetiskvörn. Auðveld í þrifum.
Ánægja eða endurgreiðsla: Ef vélin stenst ekki væntingar þínar geturðu skilað henni innan 60 daga og fengið hana endurgreidda.

**Jólaverð: 44.900 kr.**

Fullt verð: 56.900 kr.



**Brauðrist**

TAT 8611

Einstaklega falleg brauðrist sem sómir sér vel í hverju eldhúsi. 860 W. Nýtt hitald sem tryggir jafna ristun. Rafeindastýrð hitastilling. Tekur tvær venjulegar brauðsneiðar. Brauð lyftist vel upp úr brauðristinni með „Hi-lift“. Þíðingaraðgerð. Minnisaðgerð. Öryggi: Gætir þess að brauð festist ekki. Losanleg mylsnuskúffa. Hefur hlotið virtu hönnunarverðlaunin reddot og IF design award.

**Jólaverð: 13.900 kr.**

Fullt verð: 17.900 kr.



**Hraðsuðukanna**

TWK 8611

Traust kanna sem tekur 1,5 lítra af vatni. Mögulegt að velja hita. Heldur heitu í allt að 30 mínútur. Einungis er hægt að setja könnuna í gang þegar lok er niðri. Botn úr ryðfríu stáli. Hús úr hitaþolnu efni. Slekkur sjálfkrafa á sér þegar kannan hefur náð völdum hita.

**Jólaverð: 13.900 kr.**

Fullt verð: 17.900 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Auk þess gilda þessir afgreiðslutímar í desember:
Sunnud. 22. des. kl. 11 - 16.
Mánud. 23. des. kl. 11 - 21.
Lokað á aðfangadag.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# Markviss undirbúningur að endurfjármögnun

SVEITARSTJÓRNARMÁL



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar s.l. þriðjudag. Grunntónn áætlunarinnar er kraftur og uppbygging á sviði upplýsinga- og tæknimála, viðhaldi mannvirkja, framkvæmda í gatnagerð, fjölgun kennslustunda og þjónustu.

Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna hefur lagt mikla áherslu á markvissan undirbúning að endurfjármögnun lánasafns sveitarfélagsins með stefnufestu í fjármálastjórn eins og á öðrum sviðum. Á kjörtímabilinu hefur verið unnið að endurskipulagningu á fjármálum og rekstri sveitarfélagsins. Slík vinna er lykillinn að hagkvæmri endurfjármögnun á lánasafni sveitarfélagsins til lengri tíma.

### Engin hækkun á gjaldskrám fræðslu- og fjölskylduþjónustu

Hafnarfjarðarbær leggur sitt að mörkum til að draga úr verðbólgu og auka kaupmátt með því að halda öllum gjaldskrám tengdum fræðslu- og fjölskylduþjónustu óbreyttum. Jafnframt er tekin upp sú nýjung að frá 1. janúar 2014 ná systkinaafslættir frá dagforeldri til frístundaheimilis.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,30% niður í 0,28% eða um 6,7%. Þar með hefur álagningarhlutfall fasteignaskatts lækkað um 12,5% á tveimur árum.

Fræðslumál eru fyrirferðarmikil í þessari áætlun eins og undanfarin ár. Skiptistundum í grunnskólum verður fjölgað enn frekar frá og með næsta skólaári auk þess sem sumarlokanir leikskóla styttast úr fimm vikum í fjórar. Sérstök áhersla verður á áframhaldandi uppbyggingu í upplýsingatækni í leik- og grunnskólum bæjarins. Aukin sérkennsla í leikskólum er mikið áhyggjuefni en þeirri þörf er mætt í þessari fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 613 milljónir króna og 266 milljónir í A hluta. Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,7 milljarðar króna og samantekið fyrir A og B hluta 2,5 milljarðar króna sem er rúmlega 14% af heildartekjum. Á árinu er gert ráð fyrir því að greiða niður lán og skuldbindingar að fjárhæð 1,9 milljarðar króna.

Í áætlanagerðinni í ár var ákveðið að stíga fyrstu skrefin í átt að kynjaðri áætlanagerð. Hvert svið hefur valið að lágmarki eitt tilraunaverkefni þar sem aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar verður beitt.

### Stefnufesta í stjórn bæjarins á kjörtímabilinu

Mikil uppbygging er framundan hjá sveitarfélaginu. Forhönnun Ásvallabrautar er að ljúka og við tekur nánari útfærsla veghönnunar og verkframkvæmda. Samið hefur verið um byggingu á þremur búsetukjörnum fyrir fatlað fólk. Áfram verður unnið að undirbúningi byggingar hjúkrunarheimilis í Skarðshlíð og byggingar síðari áfanga Áslandsskóla.

Stjórnun Hafnarfjarðarbæjar á þessu kjörtímabili hefur einkennst af stefnufestu, íbúalýðræði, bættu aðgengi að gögnum, valdeflingu íbúa og aðhaldi í rekstri sem skilar fjárhagsáætlun með bættri afkomu, aukinni niðurgreiðslu skulda og lægri álögum á íbúa.

**→ Stjórnun Hafnarfjarðarbæjar á þessu kjörtímabili hefur einkennst af stefnufestu, [...] sem skilar fjárhagsáætlun með bættri afkomu, aukinni niðurgreiðslu skulda og lægri álögum á íbúa.**









Kertaljós og skreytingar þarf að umgangast með varúð

Tryggið eldvarnir heimilisins, reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarpakkar í miklu úrvali.

Eldvarnarpakki 3
Tilboðsverð í vefverslun
13.398 kr.
Listaverð 20.772 kr.

Eldvarnarpakki 4
Tilboðsverð í vefverslun
7.205 kr.
Listaverð 11.171 kr.

Eldvarnarpakki 5
Tilboðsverð í vefverslun
14.177 kr.
Listaverð 21.980 kr.

Vefverslun með öryggisvörur á oryggi.is

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN


# Hin hliðin á viðreisn LSH

HEILBRIGÐISMÁL



Auðbjörg Reynisdóttir
markþjálfi og hjúkrunarfræðingur

Hópar lækna geysast fram á ritvöllinn í þeim tilgangi að ná eyrum fjárveitingavaldsins sem þeir telja að nauðsynlegt til að reisa við starfsemi LSH. Þeir leggjast á eitt við að lýsa eymdinni sem þar ríkir og hvernig hún er til komin. Í síðustu hópgrein lækna 22. nóvember sl. er aðgerðaráætlun í sex liðum lögð fram. Áætlun sem aðrir eiga að framkvæma strax annars? Höfundar höfða til þess að spítalinn sé eign allra landsmanna, sennilega í þeim tilgangi að leggja ábyrgðina á okkar herðar. Mitt í þessari umræðu stendur þjóðkirkjan fyrir söfnun og fleiri láta hendur standa fram úr ermum og færa spítalanum stórar fjárhæðir og tæki til að bæta aðstöðuna. Landsmenn láta spítalann sig varða. En hver er ábyrgð starfsmanna og hvað ætla þeir að gera í stöðunni?

Ég hef fylgst með málefninu „öryggi sjúklinga“ í mörg ár og átt í miður góðum samskiptum við stjórnendur spítalans eftir alvarlegt óhapp sem leiddi son minn til dauða. Hvernig er staðan í öryggismálum sjúklinga á LSH í raun og veru? Þar sem ég hef fylgst náið með langar mig að lýsa þessari hlið á viðreisn spítalans.

### Hættulegasti staður landsins

Í fyrsta lagi kom fram á ráðstefnu um öryggi sjúklinga, í Hörpu 3. september 2013, að óhöpp á LSH leiða 170 manns á ári til dauða og 600 verða fyrir varanlegu tjóni en samtals eru óhöppin 2.500 á ári. Það má segja að LSH sé hættulegasti staður landsins. Sjálf veit ég að verkefni við innleiðingu atvikaskráningar hafa ítrekað farið forgörðum vegna lélegrar þátttöku. Annað sem fram kom á ráðstefnunni var mikilvægi þátttöku sjúklinga í öryggi sjúklinga. Það fer mjög hljótt um aðgerðir í þessum efnum eftir ráðstefnuna en sams konar ráðstefna var haldin hér 2007 og ekkert breytist á milli þeirra. Almenningur og stjórnvöld hafa enn enga formlega aðkomu að vinnunni.

Í öðru lagi er staða á verkefninu „LEAN á LSH“ (gæðakerfinu LEAN á LSH) harla dapurleg. Sem áhugamaður var ég forvitin enda er kerfið eitt það vinsælasta í gæðamálum. Ég hlustaði á erindi á um þetta þann 17. október sl. á LSH. Þar kom fram að öryggi sjúklinga er ekki á dagskrá verkefnisins fyrr en eftir 2-3 ár, það síðasta sem á að fara í. Af hverju er það aftast í röðinni? Einnig kom fram að hingað til hefur LEAN-kerfi verið mest notað til að taka til og endurraða innanstokksmunum á skrifstofum og vaktherbergjum spítalans. Í þriðja lagi vil ég hvetja þig til að horfa á Kastljós frá 4. desember 2012, en þar sagði framkvæmdastjóri lækninga um rannsókn spítalans á mistökum: „Í tilvikum sem þessum þá er farið af stað í rannsókn alltaf með sama hætti. Það er bara farið eftir ákveðnum reglum og þessi tilvik eru bara skoðuð nákvæmlega.“ Hann fullyrti að alvarleg tilvik væru 5-10 á ári. Athugaðu að hann segir að reglurnar séu í stöðugri endurskoðun. Ég hef í höndunum bréf frá aðstoðarframkvæmdastjóra lækninga LSH þar sem fram kemur að þessar reglur séu ekki til og ekki standi til að setja þær. Hvað var framkvæmdastjórinn að reyna að sannfæra okkur um?

Ég vil veg LSH sem mestan og koma í veg fyrir dýrkeypt óhöpp og óþarfa þjáningar. Hvergi í ofangreindum skrifum læknanna kemur fram hvernig eigi að tryggja öryggi sjúklinga en það ætti að vera fyrsti liður í aðgerðaráætluninni. Það er verkefni starfsmanna en ekki almennings eða fjárveitingavaldsins. Það er augljós tregða á LSH í að vinna að öryggi sjúklinga og hljóma umræddar greinar sem bjalla sem ég bíð eftir að hljóðni því hún gerir ekkert annað en að skera í eyrun. Sjúklingar sækjast eftir virðingu og umhyggju. Ég verð að sjá að læknar beiti sér fyrir því að hefja öryggi sjúklinga upp á æðra plan og farið verði í að vinna markvisst að því að læra af mistökum og klára slík mál með sóma. Þessu verður að koma í gang strax svo hægt verði að reisa Landspítalann við fyrir alvöru.

**→ Ég verð að sjá að læknar beiti sér fyrir því að hefja öryggi sjúklinga upp á æðra plan**


Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



Sendu sms-ið barn í númerið 1900
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur
www.unicef.is
unicef

# METSÖLU BÆKUR

## MAGNAÐAR BÆKUR, MIKLAR BÆKUR, MATARBÆKUR OG MINNINGARBÆKUR Í MÖGNUÐU ÚRVALI!




**1.** Metsölulisti Eymundsson

Verð kr. 4.999




**3.** Metsölulisti Eymundsson

Vildartilboð kr. 4.999
Fullt verð kr. 6.499




Vildartilboð kr. 4.999
Fullt verð kr. 5.799




Vildartilboð kr. 4.999
Fullt verð kr. 5.999




**7.** Metsölulisti Eymundsson

Vildartilboð kr. 4.999
Fullt verð kr. 6.299




Vildartilboð kr. 2.699
Fullt verð kr. 2.999




Vildartilboð kr. 4.399
Fullt verð kr. 4.999




Vildartilboð kr. 2.699
Fullt verð kr. 2.999


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn Eymundsson Stofnað frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 17. desember til og með 18.desember eða á meðan birgðir endast.

# Karlmenn og krabbamein

HEILBRIGÐISMÁL



Jóhannes Valgeir Reynisson
Blái naglinn

Í húsi mínu bý ég ásamt eiginkonu og þremur sonum. Í húsi nágrannans búa þrjár stúlkur ásamt foreldrum sínum.

Á heimili nágranna míns er dætrunum ráðlagt að nýta sér krabbameinsforvarnir frá 13 ára aldri, við 20 ára aldur hefst leghálseftirlit og brjóstaeftirlit frá 40. aldursári. Kerfisbundnu krabbameinseftirliti er síðan áfram haldið til dauðadags kvenna.

Á heimili mitt koma ekki neinar ráðleggingar vegna krabbameinseftirlits með sonum mínum, jafnvel þótt ég sjálfur hafi greinst með krabbamein.

Skipulegar forvarnir gegn leghálskrabbameini hófust 1964, fyrir nærri hálfri öld. Leit að leghálskrabbameini hefur reynst mjög árangursrík hér á Íslandi og orðið öðrum samfélögum til fyrirmyndar. Á síðustu áratugum hefur síðan þróast tæknivædd leit að brjóstakrabbameini hjá honum. Krabbameinsfélagi Íslands er sómi að þessum krabbameinsforvörnum meðal kvenna á Íslandi. Enda þótt tilkostnaður sé mikill er árangurinn frábær og verður ekki metinn í krónum og aurum. Á sama tíma hafa engar krabbameinsforvarnir verið skipulagðar fyrir íslenska karlmenn.

**Körlum býðst ekki leit**

Samkvæmt krabbameinsskráningu á Íslandi hefur þróun orðið sú að nú á síðustu árum látast fleiri karlar úr æxlunarfærakrabbameini heldur en konur og eru þá meðtalin andlát kvenna vegna brjóstakrabbameins. Krabbameinsforvarnir og krabbameinsleit meðal karla stendur ekki til boða á Íslandi og að því er virðist ekki heldur meðal annarra þjóða.

Til er einföld og ódýr blóðrannsókn sem gefur vísbendingu um algengasta krabbamein meðal karla, það er blöðruhálskirtilskrabbamein. Blóðrannsóknin lýtur að því að mæla PSA (Prostata Specific Antigen) í blóði. Með því að láta framkvæma þessa rannsókn í blóði sínu reglubundið hafa margir karlmenn bjargað lífi sínu. Engin hvatning kemur hins vegar frá samfélaginu eða Krabbameinsfélagi Íslands til karla um að þeir skuli njóta krabbameinsforvarna enda eru þær ekki í boði fyrir karlmenn.

> **➜ Engin hvatning kemur hins vegar frá samfélaginu eða Krabbameinsfélagi Íslands til karla um að þeir skuli njóta krabbameinsforvarna enda eru þær ekki í boði fyrir karlmenn.**

Þetta misræmi má líta á sem kerfisbundna kynjamismunun þar sem skattpeningar í forvarnarskyni eru einungis notaðir fyrir annað kynið. Að vanrækja hitt kynið er frekar ljót staðreynd en sönn.

Reykjavíkurborg var lýst upp fagurbleik í október til stuðnings krabbameinsleit fyrir konur. Þegar birta tekur af degi í mars fer fram mottumars til stuðnings körlum með krabbamein og þá verður blái liturinn notaður til að benda á þörfina fyrir krabbameinsforvarnir og krabbameinsleit vegna blöðruhálskirtilskrabbameins.

**Með þessari grein langar mig til að leita eftir svörum við eftirtöldum spurningum:**

**1** Eigum við von á krabbameinsforvörnum fyrir karlmenn?

**2** Hvernig er fjármagni sem aflað er í mottumars varið?

**3** Nú vantar 132 milljónir til þess að ljúka fjármögnun á línuhraðli (geislalækningatæki) sem kostar 432 milljónir. Þar sem Krabbameinsfélag Íslands og Krabbameinsfélag Reykjavíkur hafa ekki hjálpað að neinu leyti við að fjármagna tæki fyrir LSH er spurt hvort von sé á að breyting verði á því.

**4** Þetta er ekki einungis mál Landspítala heldur allrar þjóðarinnar. Því spyr ég, þegar stórt og dýrt hátæknikrabbameinslækningatæki kemur til landsins, hvers vegna hvorki Krabbameinsfélag Íslands né Krabbameinsfélag Reykjavíkur komi að þeirri framkvæmd og kostun.

# Óvönduð vinnubrögð Hjörleifs Guttormssonar

NÁTTÚRA



Trausti Valsson
prófessor í skipulagsfræði við HÍ

Þann 12. desember birtist grein í blaðinu eftir Hjörleif Guttormsson sem nefndist „Varað við furðuhugmynd um hálendisveg“. Greinin kemur í framhaldi af frétt frá ráðstefnu Austurbrúar á Hallormsstað.

Fréttamaður blaðsins birti frétt um erindi undirritaðs: „Aukin umsvif á Austurlandi kalla á miklar samgöngubætur“ og erindi Birgis Jónssonar, jarðverkfræðings: „Hringvegurinn sunnan jökla“. Það erindi fjallaði um að á sl. 110 árum urðu náttúruhamfarir á u.þ.b. 15 ára fresti, sem rofið hefðu veginn. Nú er beðið eftir Kötlugosi en við það myndu Austlendingar missa af suðurleiðinni og þar með hringstreymi ferðamanna í langan tíma og allir flutningar til og frá fjórðungnum yrðu erfiðir.

**Rangfærslur**

Mér kom grein HG í Fréttablaðinu verulega á óvart vegna rangfærslna og útúrsnúninga. Í greininni hefur hann eftir mér: „Þegar þessi vegur er kominn myndi innlendum og erlendum ferðamönnum frá suðvesturhorninu til Austurlands fjölga geysilega.“ Þessa setningu túlkar HG á eftirfarandi hátt: „Af ofangreindu má ætla (sic) að boðberarnir sjái fyrir sér að þessum vegi verði haldið opnum mest allt árið.“ Hér sjá allir að ekkert er minnst á heilsársopnun, enda er ferðamennskan að langmestu leyti á sumarhelmingi árs.

Ofangreind rökleysa HG um að ég sé að mæla með ferðamennsku á hálendisvegum að vetri, gerir hann síðan að meginefni greinar sinnar. Þar tekst honum líka að koma inn rangfærslum og gerir að meginumfjöllunarefni að ég fjalli ekki um veðurfarið að vetri. HG segir: „Um veðurfarsforsendur er ekki fjallað en sett fram almenn staðhæfing þess efnis að norðan Vatnajökuls sé „úrkomuminnsta svæði í Evrópu“. Þessa setningu finn ég ekki í gögnum um fyrirlesturinn. Hins vegar hef ég bent á, á öðrum vettvangi, að norðan Vatnajökuls sé úrkomuminnsta svæði á Íslandi (um 40 cm ársúrkoma) og vitna þar í úrkomukort Markúsar Einarssonar í Veðurfar á Íslandi. Næst tekur HG til við að sanna að þetta með litla úrkomu að baki Vatnajökli sé ekki rétt og vísar þar til úrvinnslu á veðurfarsgögnum frá Sandbúðum og sjálfvirkum veðurstöðvum á Sprengisandsleið. Gallinn er hinsvegar sá að þessar veðurstöðvar voru ekki starfræktar norðan Vatnajökuls heldur á Sprengisandsleið.

Annað meginumfjöllunarefni HG tengist korti af hálendisleiðum sem birt var með fréttaskýringunni. Krefur hann mig skýringa á því. Gallinn er hinsvegar sá að HG hefur yfirsést að kortið og kostnaðarútreikningar komu ekki frá mér, heldur frá áhugafólki á Austurlandi.

Núna er HG ekki lengur þingmaður Austurlands, og mun fluttur suður, enda finnur maður að hann hefur ekki mikla næmni á hagsmuni Austlendinga þegar kemur að samgöngubótum. HG segir: „Til að gylla hugmyndina er því veifað að í henni felist stytting um röska 200 km milli Egilsstaða og Reykjavíkur.“ Mér þykir líklegt að flestir heimamenn telji þetta atriði mikilvægt í umræðunni um Vatnajökulsveg. En HG finnst þetta frekar veigalítið þó þetta mundi þýða mikinn sparnað í akstri og útblæstri.

Um hálendisvegi, sem HG er mikið á móti, segir hann: „... við bætist umhverfistjón sem uppbyggðir hlemmivegir um hálendið mundu valda...“ Nú er það svo að í seinni tíð hafa verið lagðir vegir um hálendi. Dæmi er leiðin úr Mývatnssveit í Jökuldal, sem liggur um norðausturhálendið. Ekki hafa heyrst miklar kvartanir um það. HG hefur áhyggjur af að Vatnajökulsvegur, sem lægi í gegnum þjóðgarðinn, yrði til að skaða upplifun gesta þar. Hér er til að svara að skipuleggjendur þjóðgarðsins hafa þegar áætlað vegi þar, enda getur almenningur ekki komist um þetta geysivíðfeðma svæði og fengið að njóta þess, nema að þar séu vegir. Undantekning frá þessu er göngufólk eins og HG, og tel ég að sjónarmið hans séu lituð af þeirri eigingjörnu ósk að hafa hálendið sem mest fyrir sig. Hinsvegar er skortur á skilningi á hagsmunum almennings.

> **➜ Núna er HG ekki lengur þingmaður Austurlands, og mun fluttur suður, enda finnur maður að hann hefur ekki mikla næmni á hagsmuni Austlendinga þegar kemur að samgöngubótum.**

**Ferðaþjónustan mun styrkjast**

Lítill áhugi virðist á því hjá HG að ferðaþjónustan mundi styrkjast á Austurlandi vegna gesta sem kæmu Vatnajökulsveg. Mikil aukning ferðamanna á Austurlandi, sem kæmi þessa nýju leið, mundi þýða að umferð ykist á vegum fjórðungsins, sem er raunhæfasta leiðin til að koma vegabótum framar í arðsemismati. Vegna skilningsleysis HG á hagsmunum Austlendinga á þessum sviðum er vissulega full ástæða til að vara við sjónarmiðum hans, því hann ætlar augsýnilega að gera allt sem hann getur til að Austlendingar og aðrir landsmenn verði af þessum ávinningi.

# Stóra tækifærið á Drekasvæðinu

ORKUMÁL



Stefán Gíslason
umhverfisstjórnunarfræðingur í Borgarnesi

„Þetta land á ærinn auð, ef menn kunna‘ að nota‘ hann“, orti Jón Ólafsson fyrir margt löngu. Þessi orð eiga vel við um Drekasvæðið norðaustur af Íslandi. Þar liggur ærinn auður, sem fátt bendir að vísu til að menn kunni að nota.

Ég gæti skrifað langt mál um umhverfisþætti sem tengjast olíuvinnslu á Drekasvæðinu, langt mál um áhættuna fyrir vistkerfi þessa viðkvæma hafsvæðis, langt mál um fáránleika þess að dæla enn meiri olíu úr iðrum jarðar á sama tíma og mönnum er fullljóst að það jarðefnaeldsneyti sem þegar er tiltækt dugar til að breyta loftslagi á jörðinni svo mikið að ekki verður aftur snúið, eða langt mál um tvöfalt siðgæði þjóðar sem þykist vilja vera í fararbroddi í umhverfismálum á 21. öldinni. En það hafa aðrir gert. Og þessi grein fjallar heldur ekki um umhverfismál. Hún fjallar um efnahagsmál. Hún fjallar einfaldlega um það hvernig Íslendingar geti grætt sem mest á Drekasvæðinu og á sem stystum tíma.

„Stóra tækifærið á Drekasvæðinu“ liggur ekki í því að vinna olíu. Það liggur í því að vinna hana ekki. Það eitt að mikil líkindi séu á því að olía finnist á svæðinu er nóg til þess að skapa Íslendingum tækifæri sem er einstætt á heimsvísu. Þetta tækifæri veitist bara þjóð sem á miklar eldsneytisauðlindir í jörðu, en er ekki byrjuð að nýta þær. Og rétti tíminn er núna!

**Stóra tækifærið**

Til að nýta stóra tækifærið á Drekasvæðinu þurfa Íslendingar að lýsa því yfir í samfélagi þjóðanna að þarna sé olía sem Íslendingar ætli aldrei að nýta eða leyfa nýtingu á. Þess í stað hafi stjórnvöld ákveðið að ganga í fararbroddi til móts við nýja og bjartari framtíð án jarðefnaeldsneytis. Í ljósi þessarar ákvörðunar bjóðist Íslendingar til að gegna lykilhlutverki í samstarfi þjóða heims á sviði loftslagsmála.

Í framhaldi af ákvörðuninni um að nýta ekki olíuna á Drekasvæðinu munu opnast ný og óvænt tækifæri í rannsóknum og ferðaþjónustu, tækifæri til að byggja upp aðstöðu fyrir norðurslóðarannsóknir og tækifæri til að fá hingað alþjóðlegar ráðstefnur um loftslagsmál og um verndun hafsins, svo eitthvað sé nefnt. Um leið opnast ný tækifæri í markaðssetningu á íslenskum vörum, íslenskri þjónustu, íslenskri þekkingu og íslenskri menningu, jafnvel þótt hún tengist Drekasvæðinu ekki neitt.

> **➜ Í framhaldi af ákvörðuninni um að nýta ekki olíuna á Drekasvæðinu munu opnast ný og óvænt tækifæri í rannsóknum og ferðaþjónustu, tækifæri til að byggja upp aðstöðu fyrir norðurslóðarannsóknir og tækifæri til að fá hingað alþjóðlegar ráðstefnur um loftslagsmál og um verndun hafsins, svo eitthvað sé nefnt.**

Tekjurnar sem af þessu leiða verða mun fljótari að skila sér en tekjur af hugsanlegri olíuvinnslu síðar meir. Og það þarf varla að reikna lengi til að fá það út að nettótekjurnar af þessum auði verði miklu hærri en af hugsanlegri olíu. Og þetta verður ekki bara skammtímagróði fyrir mína kynslóð, heldur langtímagróði, bæði fyrir mína kynslóð og þær kynslóðir sem á eftir koma, bæði á Íslandi og í öðrum hlutum heimsþorpsins.

Ef við kunnum að nota auðinn á Drekasvæðinu mun kastljós heimsins beinast að þessari hugu ðu smáþjóð í norðri sem varð fyrst til þess að segja það sem allir vissu og sýna jafnframt í verki að henni væri alvara.

BIRTING VIÐAUKA
VIÐ LÝSINGU

**Útgefandi:** SRE fjármögnun 2, fagfjárfestasjóður

SRE fjármögnun 2, fagfjárfestasjóður, kt. 701012-9840, hefur birt viðauka við lýsingu dagsetta 8. nóvember 2013 sem gefin var út í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa, SREFS 12 1, verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukinn er dagsettur 16. desember 2013, gefinn út á íslensku og birtur á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl.

Viðaukinn skoðast sem hluti af lýsingunni sem má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, og er gefinn út rafrænt á vefsíðu félagsins. Jafnframt geta fjárfestar óskað eftir og nálgast prentuð eintök af lýsingunni ásamt viðauka hjá Stefni hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

16. desember 2013,
stjórn Stefnis hf.

STEFNIR Arion banki

Ábendingahnappinn má
finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

# ÍSLANDSSÖGU-SPILIÐ






**Vildartilboð** kr. 3.799
**Fullt verð** kr. 5.999

## NÖRDNORÐURSINS ★★★★

*„Íslandssöguspilið er hressandi fjölskylduspil og fullkomin möndlugjöf. Þetta er spil fyrir alla fjölskylduna þar sem lukkan ræður miklu en kænska spilar einnig inn í.“*

## HRAÐTILBOÐ
**AÐEINS Í DAG!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson — Stofnað frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboðs er 17. desember, eða á meðan birgðir endast.




# Meira um áhrif verðtryggingarinnar

FJÁRMÁL



Jakob I. Jakobsson
lögfræðingur

Kjarni málsins er sá að ég vil vekja athygli fólks á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga nr. 63/1985. Við skulum hafa í huga að þetta eru orðin 28 ára gömul lög! Og þau hafa gilt allan þennan tíma. En hefur verið farið eftir þeim?

Ég myndi vilja fá skýringar og svör frá stjórnvöldum við athugasemdum mínum. Við skoðun fannst mér mjög misvísandi hvernig stofnanir virtust túlka og reikna kaupmátt. Lögin miða að því að verðtrygging taki mið af raunverulegum kaupmætti einstaklinga en ekki launavísitölu sem slíkri.

**Tökum „lagfært“ skýringardæmi**

■ Skuldari tekur lán upp á kr. 10 millj. til 40 ára og semur um að greiða kr. 40.000 á mánuði. Fjölskyldan er með ráðstöfunartekjur sem leyfa greiðslu kr. 40.000 á mánuði vegna fasteignakaupanna.

■ Ef verðtryggingin er 8% og raunhækkun kaupmáttar hefur verið 8% á árinu þá má greiðslubyrði lánsins hækka um 8%.

■ Ef verðtrygging er 8% en kaupmáttur 4% skal greiðslubyrði hækka um 4% en restin, þessi 4% sem eftir standa fyrir áhrif verðtryggingarinnar, skulu leggjast aftan við höfuðstól lánsins, og er fjármálafyrirtækinu skylt að lengja „sjálfkrafa“ í láninu eins og nauðsynlegt er svo greiðslubyrði lánsins haldist óbreytt (eða eftir atvikum verði sú reiknaða tala sem greiðslubyrðin stóð í seinast). Í þessum efnum er frumkvæðis- og leiðbeiningarskylda fjármálafyrirtækja lögbundin!

■ Og að lokum, ef kaupmáttur er 0% eða neikvæður má greiðslubyrði lánanna ekki hækka um krónu. Þ.e. ef verðtrygging er enn 8% skal hún öll leggjast við höfuðstól lánsins og greiðslubyrðin því vera óbreytt frá seinasta greiðsluseðli.

**Í mínum huga er þetta skýrt**

Afborganir lána mega ekki hækka umfram kaupmátt launa, afborgun má ekki hækka meira en þau laun sem ég hef til ráðstöfunar til framfærslu minnar. Ég get ekki skilið tilgang þessara laga á annan hátt.

Það er kýrskýrt að eftir hrunið 2008 keyrði um þverbak þar sem verðbólga fór um og yfir 20% og kaupmáttur varð mjög neikvæður.

Samt hækkuðu afborganir íbúðarlána mjög mikið, og enginn gerði neitt.

Eftir hrun tvöfaldaðist því sem næst greiðslubyrði verðtryggðra íbúðarlána á Íslandi. Það þýddi að skuldari sem annars hefði getað staðið í skilum og haldið heimili sínu og fjölskyldu sinnar gat ekki staðið í skilum með afborganir íbúðarláns síns.

Það þýddi að fjármálafyrirtækið gat gjaldfellt skuldina og hafið aðför skv. aðfararlögum. Það stoppuðu stjórnvöld hins vegar með því að frysta allt tímabundið. En það breytti ekki stöðu skuldarans til lengri tíma litið. Það var of seint fyrir marga.

**Það sem ég velti fyrir mér er þetta!**

Ef farið hefði verið að lögum nr. 63/1985, hversu margar fjölskyldur hefðu getað haldið heimilum sínum?

Skuldarinn hefði getað haldið heimili sínu ef hann hefði kosið svo, hann hefði þá sjálfur haft val um að búa áfram í eigninni og greiða af láninu þó hann missti eignarhlut sinn í kjaft verðtryggingarinnar.

**➜ Lögin miða að því að verðtrygging taki mið af raunverulegum kaupmætti einstaklinga en ekki launavísitölu sem slíkri.**

Ég velti því mikið fyrir mér hversu stór hluti fjölskyldna þessa lands hefði átt að fá að búa óáreittur í eign sinni og þar með ekki þurft að þola að vera borinn út. Þeir skuldarar hefðu ekki þurft að þola aðför og nauðungarsölur ef farið hefði verið að lögum nr. 63/1985.

Engin eftirlitsstofnun sá neitt né gerði neitt, heimilin voru/eru með öllu varnarlaus.

Og þar sem ekkert var gert leiddi það til þess að unnt var að ganga að þessum fjölskyldum eins og vanskilamanneskjum, og það þó vanskilin mætti rekja beint til þess að fjármálafyrirtækin fóru offari, sbr. rannsóknarskýrslu Alþingis!

Ég skora á stjórnvöld að láta skoða þetta atriði. Það er mjög mikilvægt að þetta verði skýrt almennilega því verðtryggingin er enn við lýði og gríðarlega mikilvægt að staðið verði rétt að innheimtu afborgana fasteignalána nú þegar umfangsmesta allsherjarendurskipulagning telst fara fram í skuldamálum heimilanna.

Sú endurskipulagning kann að missa marks ef stjórnvöld skoða ekki þetta réttlætismál.

Eins og árið 1985 þurfa stjórnvöld að passa upp á það að fjármálafyrirtækin geti ekki hagnýtt sér verðtrygginguna til að véla til sín eignir almennings að óbreyttu, þá þegar, eða ef, þeim hugnast svo.




# Opið bréf til Guðnýjar Nielsen

DÝRAVERND



Jórunn Sörensen
framhaldssk.kennari á eftirlaunum

Í Fréttablaðinu 13. desember sl. vekur þú, Guðný, athygli á vægast sagt viðurstyggilegum drápsaðferðum Kínverja á dýrum sem þeir halda til þess að selja af þeim feldinn. Vil ég þakka þér fyrir það en einnig bendi ég þér og öðrum sem lásu þessa grein á að það vantar í hana mikilvægar upplýsingar.

Þú gleymir að geta þess hvernig þessi dýr eru alin – sem er ekki síður viðbjóðslegt og eins langt frá eðli þeirra og hugsast getur.

Einnig setur þú alla sök á Kínverja en það er nefnilega svo – og ég efast ekki um að þér er það vel kunnugt – að ástandið í íslenskum loðdýrabúum er ekki betra. Þar lifa dýrin einnig í þröngum búrum sem brjóta niður allt eðli þeirra og eru drepin með útblæstri eða raflosti. En þær upplýsingar fékk ég síðast. Á Íslandi eru þessi dýr ekki fláð lifandi og ekki drepin með því að standa á hálsi þeirra – en hitt er feikinóg.

**➜ Á Íslandi eru þessi dýr ekki fláð lifandi og ekki drepin með því að standa á hálsi þeirra – en hitt er feikinóg.**

Því hefði það verið þér og Velbúi til meiri sóma að fordæma alla ræktun dýra til loðdýraframleiðslu og benda fólki á að það klæðir engan að „punta sig“ með dýrafeldi – þótt það sé jafnvel bara í kringum hálsinn, á kápukraganum, í kringum hettuna á úlpunni eða innan í húfunni.






# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÓLAFUR ARNALDS Í HÖRPU

**Ólafur Arnalds verður með tónleika í Kaldalóni í Hörpu annað kvöld kl. 20. Þar með lokar hann tónleikaferð sinni þetta árið en hann hefur farið víða og hlotið afar góð viðbrögð. Ólafur hefur samið tónlist fyrir margar frægar bíómyndir og sjónvarpsþætti. Með honum á sviði verður strengjasveit ásamt söngvaranum Arnóri Dan.**


Hausverkur Ekki þjást MigreLief

Mígreni.is

MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn





friendtex

ÚTSALA

40-70% AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

Friendtex.is • Praxis.is

Bonito ehf. | Friendtex | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2870
Opið mánudag - föstudag 11:00-18:00, lau. 21. des. kl. 11.00-18.00,
sun. 22. des. kl. 12.00-18.00





GLÆSILEGT

bjóðum stærðir fyrir allar konur

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lau 21.des kl 10-18

Vertu vinur




# GÓÐ MELTING YFIR JÓLIN!

**GENGUR VEL KYNNIR** *Færðu oft illt í magann af reyktu kjöti eða verður að leggja þig eftir að hafa borðað stóra máltíð? Taktu málin í þínar hendur og prófaðu Prógastró DDS+3.*

Það kannast flestir við einkenni þess að hafa borðað mikið, vera útblásinn, illt í maganum og finna fyrir vanlíðan. Uppþemba og meltingarónot eru því algeng vandamál og hafa áhrif á dagsformið. Margt er hægt að gera til þess að minnka ónotin. Gott ráð er að taka inn tvö hylki af Prógastró fyrir stóra máltíð, það getur létt verulega á meltingunni og þá sérstaklega ef á boðstólum er reykt kjöt, feitar sósur og því um líkt. Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem eru bæði gall- og sýruþolnir, margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi.





**LÍFSEIGIR GERLAR**

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn okkar er súr og á að vera það. Próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi en þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, sem þróaði Prógastró DDS+3, hefur einnig þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna.

Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Krónunni, Nóatúni, Hagkaupum og Fjarðarkaupum.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.GENGURVEL.IS**

**PRÓGASTRÓ**

„Maginn verður glaður og við með!"

**PRÓGASTRÓ**
Nauðsynlegt fyrir þá sem verða útblásnir eftir þunga máltíð.




Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447




## LJÓS Í MYRKRINU

**HEILSUSAMLEGT** Myrkur fer illa í marga. Fólk er þreytt, svefnþörf eykst og matarlystin verður meiri. Stundum er talað um að fólk verði þunglynt í skammdeginu. Flestir vilja þó frekar kalla það vetrarþreytu. Myrkur hefur áhrif og þess vegna er nauðsynlegt að hafa næga birtu í kringum sig. Það getur fólk gert með ljósum. Nauðsynlegt er að halda eðlilegu svefnmynstri þótt dimmt sé á morgnana. Ekki er ráðlagt að leggja sig á daginn, það skemmir nætursvefn. Hreyfing hefur mjög góð áhrif á vetrarþreytu og ætti helst að hreyfa sig á hverjum degi. Flestir upplifa breytingu á sér til batnaðar þegar dag lengir á ný. Það er því kjörið að lýsa upp skammdegið sem mest með jólaljósum.






# MANDARÍNA EÐA KLEMENTÍNA?

**HOLLUSTA** *Margir telja sig vera að kaupa mandarínur þegar þeir eru í raun að kaupa klementínur. Nafnið skiptir þó ekki máli því ávöxturinn er hollur. Nokkur hundruð tonn af klementínum eru flutt til landsins fyrir jólin.*

Hver er í raun munurinn á mandarínum og klementínum? Klementínur eru sætari og safaríkari en mandarínur. Þær eru steinlausar á meðan mandarínur eru með steinum. Ef klementína er með steina hefur orðið krossfrjóvgun, það þýðir að býfluga ber frjókorn með sér úr sítrónutré í klementínublóm. Það er léttara að afhýða klementínu en mandarínu. Nóvember og desember er aðalárstíð klementínunnar.

Fyrir fjórum árum var gerð könnun í Noregi þar sem fólk var spurt hvað þessi ávöxtur héti, mandarína eða klementína. 38% töldu ávöxtinn vera klementínu en 32% töldu hann vera mandarínu, að því er NRK greinir frá. Mandarínur hafa ekki fengist í Noregi í 20 ár en 22% svarenda töldu engu að síður að bæði væru til mandarínur og klementínur í búðum þar í landi.

Klementína er sítrusávöxtur og er talið að hún hafi orðið til vegna krossfrjóvgunar af mandarínum og appelsínum. Klementína var fyrst uppgötvuð í Alsír um aldamótin 1900. Hún er afar rík af C-vítamíni eins og aðrir sítrusávextir og þess vegna ættu allir að njóta þess að borða hana þessa dagana og fá í sig vítamín. Börn eru hrifin af klementínum. Þær er hægt að nota í matargerð, kökur, salöt, djúsa og smoothies.

Hér er uppskrift að hollum kjúklingarétti með klementínum sem einfalt er að útbúa. Notaður er heill kjúklingur en hann síðan hlutaður niður.



**GÓÐUR RÉTTUR** Kjúklingur með klementínum.

### KJÚKLINGUR MEÐ KLEMENTÍNUM
**FYRIR FJÓRA**

1 stór kjúklingur
salt og nýmalaður pipar
1/3 bolli appelsínusafi
1/3 bolli fljótandi hunang
2 msk. ólífuolía
2 stór hvítlauksrif, pressuð
2 msk. kóríander, þurrt
2 msk. cumin
1 msk. túrmerik
4 klementínur, skornar í sneiðar
ein lúka fersk steinselja



Hlutið kjúklinginn í 6-8 bita og hafið skinnið á. Bragðbætið með salti og pipar. Leggið kjúklingabitana á eldfast fat. Hrærið saman í skál appelsínusafa, hunangi, olíu, hvítlauk, kóríander, cumin og túrmerik. Kryddblöndunni er hellt yfir kjúklingabitana. Setjið plastfilmu yfir skálina og geymið í ísskáp í að minnsta kosti eina klukkustund.

Hitið ofninn í 200°C. Raðið klementínusneiðum yfir kjúklingabitana. Bakið í ofni í 45 mínútur eða þar til bitarnir eru fulleldaðir. Stráið steinselju yfir og berið fram með bökuðum kartöflum og salati.






**MEÐ ALLT Á HREINU** Mánudagsmorgnar eru heppilegt upphaf vinnuvikunnar því þá er heilabúið best í stakk búið til að takast á við verkefnin fram undan.

# MÁNUDAGAR BESTIR

Það er mörgum barátta að dragnast á lappir í byrjun vinnuvikunnar. Því stingur í stúf að mannskepnan sé frjóust í hugsun og afkastamest klukkan tíu á mánudagsmorgnum.

Þetta sýna niðurstöður könnunar Microsoft Office þar sem kemur fram að mánudagsmorgnar séu besti tíminn til að takast á við verkefnalista vikunnar. Sá eldmóður dvínar þó fljótt því strax á þriðjudagseftirmiðdögum dregur mjög úr árvekni og skerpu.

Tímaskortur reyndist helsta ástæða þess að þátttakendum tókst ekki að framkvæma allt sem fyrir lá. Þar stóðu fundir, stífar tímaáætlanir og bið eftir öðrum helst í veginum. Seinlæti var líka algengur sökudólgur og viðurkenndi fjórðungur þátttakenda að draga úr hófi á langinn að takast á við verkefni sem þá langaði ekki að takast á við.

Könnun Microsoft Office sýndi einnig hversu rækilega tölvupóstur hefur breytt framleiðni á vinnustað þar sem svarpóstar taka drjúgan tíma af vinnudegi fólks og hafa hlekkjað það við skrifborðin. Þar að lútandi sögðu tveir af hverjum þremur vinnuálagið orðið svo mikið að þeir þyrftu að fresta klósettferðum.


SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
Laugavegur 55, sími 551 1040
OPIÐ 10 – 22 TIL JÓLA
Smart Boutique
Laugavegur 55 • www.smartboutique.is
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.
Herratrefill og leðurhanskar hlý og góð gjöf sem klikkar aldrei á aðeins 4.950 kr.
Margir litir í boði. Sama verð og í fyrra.
Fallegir og mjúkir herratreflar aðeins 2.500 kr.
Leður og sauðskinns lúffur.
Barna frá 1.990 kr
Dömu /herra frá 3.900 kr
Mikið úrval af krögum, húfum og herðaslám 1. flokks skinn íslensk hönnun.
Framleitt í Evrópu.
Verð. frá 29.900 kr
Mikið úrval af húfum töskum og krögum úr gervifeld frá Hauer. Vönduð vara
Pasminur og hanskar í stíl margir litir í boði
Tilboð. 4.950 kr. fyrir settið.
Sama verð og í fyrra.
Refaskott og hanskar að eigin vali.
Aðeins 12.490 kr
Stutt skott og hanskar aðeins 9.900 kr
Vinælasta tilboðið ár eftir ár.
Herra leðurhasnkar frá 3.890 kr
100 litir af leðurhönskum
Aðeins 3.450 kr.
parið
Yfir 100 tegundir af leður seðlaveskjum
verð frá 3.900 kr.

# HREINLÆTISMÁL YFIRLEITT Í GÓÐU LAGI

**HEILSURÆKT** *Fjöldi fólks safnast á hverjum degi saman á líkamsræktarstöðvum og svitnar í kór. Skyldi það auka smithættu?*

Nýlega birtist grein í Fréttablaðinu um mögulega snertismithættu samfara aukinni pin-númeravæðingu. Þar sagði Haraldur Briem sóttvarnalæknir mögulegt að smitsjúkdómar bærust manna á milli frá yfirborði takkaborðanna sem notuð eru til að slá pinnúmerin inn. „Þetta er eins og önnur yfirborð sem margir snerta. Þetta er möguleiki og smitsjúkdómar berast um meðal annars út af þessu,“ sagði Haraldur. Hann gerði þó ekki mikið úr hættunni en hvatti eftir sem áður til almenns hreinlætis og handþvottar.



HARALDUR BRIEM

Sú spurning vaknaði hvort sams konar og ef ekki meiri hætta væri til staðar á líkamsræktarstöðvum þar sem fólk svitnar og handleikur sömu lóð og tæki. Jafnframt hjá þeim sem stunda íþróttir sem krefjast mikillar snertingar. „Sjúkdómar smitast með tvenns konar hætti. Annars vegar með úðasmiti sem er loftborið og hins vegar með snertismiti. Ef menn eru með flensu, hnerra í lófann og koma svo við tiltekið yfirborð er alltaf viss hætta á að næsti maður smitist. Þess vegna tölum við alltaf fyrir almennu hreinlæti og gerum þá sjálfsögðu kröfu að rekstraraðilar sjái til þess að vel og reglulega sé þrifið.“

En hvernig er það með fólk sem stundar miklar snertiíþróttir eins og til dæmis glímu? „Það er þekkt að þeir sem stunda glímu geta fengið bakteríusýkingar í húð en það er þó ekki útbreiddur vandi,“ segir Haraldur. En fólk sem stundar hnefaleika og blandaðar bardagalistir þar sem jafnvel er um að ræða blóðslettur og að menn geri æfingar á blóði drifnum gólfdúkum? „Það þurfa menn svolítið að gera á eigin ábyrgð en það segir sig nokkuð sjálft að slíkt getur aukið smithættu. Yfirleitt er blóð þó ekki smitandi og sé búið að þrífa yfirborð með sótthreinsandi efni eru hverfandi líkur á smiti.“

Líkamsræktarstöðvar eru starfsleyfisskyldar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og hollustuháttareglugerð en starfsleyfisskilyrðin eru samræmd fyrir allt landið. Helbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa reglubundið eftirlit með öllum líkamsræktastöðvum. Í Reykjavík fer fram eftirlit að lágmarki einu sinni á ári. Þá er farið yfir öll atriði starfsleyfisins en þau snúa meðal annars að húsnæði og búnaði, hreinlæti, öryggi, slysavörnum og umhverfismálum. Meðal þess sem kveðið er á um í starfsleyfisskilyrðum er að líkamsræktarstöðvar hafi skriflega hreinlætisáætlun. Farið er fram á að húsnæði og öll aðstaða sé þrifin daglega, eftir því sem við á, eða oftar eftir þörfum. Gólfefni og frágangur húsnæðis á að vera þannig að þrif séu auðveld og mælst er til þess að notuð séu umhverfisvæn hreinsiefni þar sem því verður við komið. Þá er fylgst með klórskráningum þar sem pottar og setlaugar eru auk þess sem tekin eru sýni.

„Eftirlitið gerir athugasemdir ef þörf er á og fylgir því eftir að úrbætur séu gerðar,“ segir Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri Umhverfiseftirlitsins hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. „Hins vegar er það svo að rekstraraðilarnir bera ábyrgð á því að fara eftir þeim reglum sem gilda. Þá bera viðskiptavinir einnig nokkra ábyrgð og þurfa að gæta að sínu eigin hreinlæti, handþvotti og öðru slíku.“ Rósa segir hreinlætismál á líkamsræktarstöðvum oftast nær í frekar góðu lagi. „Viðskiptavinirnir gera kröfur og hætta er á að þeir snúi sér annað ef þessir hlutir eru ekki í lagi.“



**REGLULEGT EFTIRLIT** Líkamsræktarstöðvum er gert að þrífa daglega eða oftar ef þarf. Iðkendur bera þó ábyrgð á eigin hreinlæti og ættu að huga að handþvotti og að þurrka af tækjum fyrir og eftir notkun.



20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM TIL JÓLA

COSMO

Kringlunni

# GJAFAKÖRFUR

ÞRIÐJUDAGUR **17. DESEMBER 2013**

## Persónulegri karfa

**Með örlítilli fyrirhöfn má gæða tilbúna gjafakörfu persónulegum blæ.** **SÍÐA 2**

## Ómótstæðilegar freistingar

**Te & Kaffi býður upp á fjölbreytt úrval gjafapakkninga sem innihalda freistandi kræsingar.** **SÍÐA 3**









# Persónulegri karfa

Tilbúin gjafakarfa getur verið frábær lausn handa þeim sem erfitt er að finna réttu gjöfina fyrir. Með örlítilli fyrirhöfn má líka gæða hana persónulegum blæ.





**1. Handskrifað bréf**

Sestu niður og semdu lítið og persónulegt ástarljóð til að lauma í körfuna, það þarf ekki einu sinni að vera nema tvær, þrjár línur. Handskrifaðu ljóðið á veglegan pappír, það er fallegra en að prenta það út á hvítan skrifstofupappír. Laumaðu ljóðinu svo neðst í körfuna svo það verði rúsínan í pylsuendanum.



**2. Trefill í stað slaufu**

Til að gefa gjafakörfunni persónulegri blæ mætti skipta slaufunni út sem fylgir og binda um körfuna með fallegri slæðu, eða trefli sem þú veist að viðtakandann langar í. Eins væri hægt að nota belti eða axlabönd.

**3. Uppáhaldssmákökurnar**

Ef gjafakarfa fyrir sælkera verður fyrir valinu gæti verið skemmtilegt að baka og bæta við einhverju sem viðtakandinn er sérstaklega sólginn í. Til dæmis uppáhaldssmákökurnar eða bragðmikið brauð.



**4. Skemmtileg minning**

Prentaðu út ljósmynd sem vekur upp góða minningu hjá þeim sem karfan er ætluð. Það gæti verið gaman að grafa upp gamla ljósmynd frá æskujólum viðkomandi eða finna til mynd frá stefnumóti, ættarmóti eða afmæli.



**5. Leikhúsupplifun**

Leikhúsmiði eða miði á tónleika með uppáhaldshljómsveitinni er eitthvað sem bæði er gaman og óvænt að finna innan um sultukrukkurnar í gjafakörfunni. Hafðu miðana endilega tvo svo þú getir farið með.

**6. Heimatilbúin loforð**

Oft geta einföldustu hlutir glatt meira en veraldlegir hlutir. Skrifaðu niður á miða lítil loforð um nokkur atriði sem þú ætlar að bæta þig í. Til dæmis: „Ég skal alltaf elda um helgar!“ eða „Ég skal alltaf vaska upp um helgar!“



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, s. 512 5447, kkolbeins@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

***Bústinn*** Tvær tegundir af nýristuðu kaffi, súkkulaðiplata frá Hafliða, jólate, handgerður brjóstsykur, Niederegger-marsipanhjörtu, súkkulaðihúðað biscotti og Mozart-kúlur. Verð 7.399 kr.



***Kubbur*** Hátíðarkaffi, jólate, Nóa konfekt, kandíshrærur og handgerður brjóstsykur. Verð 3.899 kr.





# Ómótstæðilegar freistingar

Te & Kaffi býður upp á fjölbreytt úrval gjafapakkninga sem innihalda freistandi kræsingar.

Hjá Te & Kaffi leggjum við fyrst og fremst áherslu á hágæðakaffi sem fangar hinn sanna anda jólanna. Gjafapakkningarnar innihalda engar kælivörur og því má setja þær beint undir tréð sem er mikill kostur,“ segir Ása Ottesen, markaðsfulltrúi hjá Te & Kaffi sem býður upp á mjög gott úrval af gjafapökkum fyrir jólin. „Í gjafapakkningunum okkar má til dæmis finna hið vinsæla Hátíðarkaffi, úrvals súkkulaði frá Hafliða, jólate, handgerðan danskan brjóstsykur sem fæst til að mynda í Tívolíinu í Kaupmannahöfn og Nóa konfekt.“ Pakkningarnar fást á breiðu verðbili, allt frá 2.399 krónum upp í 7.399 krónur, og innihalda mismunandi góðgæti.

Ása segir gjafapakkningar frá Te & Kaffi henta afar breiðum hópi. „Þeir sem kaupa pakkningarnar eru allt frá ungum krökkum sem vilja gleðja eldra fólkið sitt sem á allt, yfir í þá sem vilja gefa sínum nánustu gott kaffi og freistingar til að eiga yfir hátíðarnar,“ segir hún og bendir á að gjafapakkningarnar fáist í góðu úrvali í verslunum Te & Kaffi í Kringlunni, Smáralind og á Laugaveginum.

***Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.teogkaffi.is***



Ása Ottesen markaðsfulltrúi hjá Te & Kaffi.



***Stúfur*** Hátíðarkaffi, dökkt súkkulaði frá Hafliða og handgerður brjóstsykur. Verð 2.699 kr.



***Ljúfur*** Hátíðarkaffi og Niederegger-marsipanhjörtu. Verð 2.399 kr.



***Sætur*** Nýristað kaffi, jólate, súkkulaðihúðaðar kaffibaunir, súkkulaði-regnhlíf og kandís. Verð 3.499 kr.

## OSTUR Í SÓSUNA

**Margir fá** ostakörfu í jólagjöf en ná kannski ekki að borða alla ostana í körfunni. Ostar eru ljúffengir í allar sósur. Í Raun er sama hvað osturinn heitir, alltaf er hægt að nota hann í sósu.

**Hér er** uppskrift að Camembert-sósu sem er mjög góð með grilluðum kjúklingi.

**2 msk.** smjör
**1 ½ msk.** hveiti
**1 vorlaukur,** smátt skorinn
**190 ml** mjólk
**1 msk.** grófkorna sinnep
**90 g** Camembert-ostur, skorinn í bita

**Á meðan** kjúklingurinn grillast er sósan útbúin. Bræðið smjör í potti og hrærið síðan hveitinu saman við til að gera smjörbollu. Því næst er lauknum bætt út í. Mjólkin er sett saman við hægt og rólega á meðan hrært er í sósunni sem á að vera kekkjalaus. Takið af hitann og hrærið sinnepi og Camembert saman við þar til osturinn bráðnar.

**Hægt er að nota Höfðingja, brie, parmesanost, piparost eða aðrar tegundir í þessa sósu.**



## *Gjafakörfur í grískri goðafræði*

Gjafakörfur eiga sér margar hliðstæður í sögunni, jafnvel árþúsundir aftur í tímann.

Í grískri goðafræði er sagt frá gróður- og frjósemisgyðjunni Demeter. Hún átti að hafa komið með fræ í körfu og sáð fyrir uppskerunni. Þegar dóttir hennar var numin á brott af undirheimaguðinum Hades lagðist yfir hana mikil depurð sem varð til þess að vetur skall á, þar sem hún sinnti ekki frjósemishlutverki sínu.

Hades leyfði hins vegar dóttur Demeter að dvelja hjá móður sinni í sex mánuði á ári. Á vorin sneri því dóttir hennar aftur og Demeter tók sér þá körfu í hönd, tilbúin að sá fyrir nýrri uppskeru. Þegar dóttir hennar sneri svo aftur til Hadesar hafði hún með sér körfu fulla af blómum niður í undirheima Hadesar. Fórnir voru færðar til handa Demeter, margar hverjar bornar fram í körfum.



Demeter var gróður- og frjósemisgyðja. Hún átti að hafa komið með fræ í körfu og sáð fyrir uppskerunni.



## GJÖF SEM FÆRIR ÞAKKLÆTI

**Því fylgir** ákveðin lúxustilfinning að fá öskju fulla af snyrtivörum í jólagjöf og gaman að geta mætt ilmandi í jólaboðin sem fara í hönd. Þetta eru líka gjafir sem oftast nýtast vel. Það er til dæmis upplagt að gefa fínt sjampó og hárnæringu eða öskju með sturtusápu, baðsalti og góðri húðnæringu. Þá er hægt að kaupa körfu með ilmvatni eða rakspíra og krem í stíl. Öskjurnar eru oft fagurlega skreyttar og næsta víst að þær gleðja ekki síður augu en önnur skynfæri.

**Fjölmargar sérverslanir** og stórmarkaðir eru með tilbúnar öskjur fyrir jól sem þægilegt er að kippa með sér en víða er líka hægt að sérvelja í þær sem er vitanlega ögn persónulegra og lúmskt skemmtilegt líka.



## KÖRFURNAR ENDURNÝTTAR

**Öllum gjafakörfum** fylgir eins og nafnið ber með sér karfa af einhverri gerð. Þegar innihaldsins hefur verið neytt stendur eftir falleg umgjörðin sem má nýta á ýmsan máta.

Ef körfurnar eru litlar má nýta þær undir ýmislegt smálegt. Til dæmis undir lykla heimilisins á forstofuborðinu, undir ilmjurtir inni á baði, undir smámynt, batterí eða annað sem gott er að halda utan um á einum stað.

Ef körfurnar eru í stærra lagi er hægt að nota þær ýmist sem geymslur eða hálfgerðar töskur. Í þeim má geyma ólesinn og lesinn póst, bæklinga og blöð. Þá mætti einnig setja í þá inniskó sem fólk gæti gripið til í forstofunni og svo mætti tylla í körfurnar blómapottum og geyma úti í glugga eða annars staðar á heimilinu. Þeir sem tína sveppi geta kippt körfunum með sem ílát, þá geta þeir sem hafa græna fingur geymt í körfunum lítil garðáhöld sem nýtt eru við garðyrkjuna.



Þeir sem elska útivist og útilegur ættu að geta nýtt stórar körfur við áhugamál sín. Til dæmis mætti pakka krúttlegu nesti í körfu með köflóttum dúk. Í minni körfum mætti geyma hnífapör eða ýmislegt það sem til fellur í fellihýsinu eða tjaldvagninum.

Notkunarmöguleikarnir eru því miklir og mun fleiri en hér er talið.






SUIT
Velkomin í nýja verzlun
SUIT - REYKJAVÍK
-Sendum frítt út á land til jóla-
Dömupeysa-21.900kr.
Dömupeysa-10.900kr.
Dömupeysa-10.900kr.
Dúnvesti - 29.900kr.
Dömuskyrta-14.900kr.
Dömupeysa-10.900kr.
Peysa - 12.900kr.
Herraskyrta-14.900kr.
Herrapeysa-12.900kr.
suit@suit.is
www.suit.is
SUIT-REYKJAVÍK
Skólavörðustíg 6
s. 527-2820




## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Nýtt frá Eik. Geggjaðir barna og fullorðins kjólar. Sími 695-6679 Facebook: Beauty in Black.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 8983206. www.orb.123.is



**FALLEG KVÖLDLJÓS**
Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau 12-15 Sími 517-8060. www.ditto.is







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.



Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is







Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Til sölu 5 gámahús með salerni. Verðhugmynd 960.000 kr. stykkið + vsk. Frekari uppl. í s. 863-1434 eða 487-1434

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## til sölu




## þjónusta




**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin ) Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**YNDISLEGIR HVOLPAR**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

**VILTU VINNA Á SUSHISAMBA**

Við erum að leita að brosandi og skemmtilegum þjónum og barþjónum í kvöld- og helgarvinnu.

**Áhugasamir eru velkomnir í viðtal næsta miðvikudag á Sushisamba milli klukkan 13:00-15:00 eða sent ferilskrá á sushisamba@sushisamba.is**

Oska eftir 1-2. herb. íbúð á höfuðb. svæðinu, Kefl. eða Njarðvík. Er húsasmiður, einn, reglusamur og heiðarlegur. Öruggum greiðslum heitið. Baldur s.7713571.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Svartur Nokia sími tapaðist á Smáratorgs planinu. Finnandi hringi í 8440247.




## skötuhlaðborð

# Skötuveisla

## á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*

Stórskata • saltfiskur
plokkfiskur • rófur
kartöflur • hamsatólg
hnoðmör • smjör • rúgbrauð

**Verð: 3.800.- kr.**



**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00 og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00 Húsið opnar kl. 11:00**

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

## fasteignir

**BORGIR** FASTEIGNASALA

### GOÐHEIMAR 13 – SÉRHÆÐ




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18.00 TIL 18.30** Til sýnis í dag neðri sérhæð ca 131 fm á eftirsóttum stað. Íbúðin er : forstofuherbergi,stórt hol þaðan sem gegnið er í vistaverur og síðan tvo svefnherbergi í viðbót, stórt og gott eldhús, rúmgott baðherbergi og mjög veglegar stofur. Tvennar svalir. Íbúðin er í útleigu en losnar 1.02. 2014.

Ásett verð **35,9**

**Áhugasamir velkomnir milli 18.00 og 18.30 í dag þriðjudag.**
**Sölufólk Borga á staðnum.**

Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Vesturvallagata 1 - Rvk - 3ja herbergja íbúð

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Mjög falleg og björt 77,4 fm. íbúð á 1. hæð með skjólsælum suðursvölum á frábærum stað í vesturborginni. Rúmgóð stofa. Eldhús með eldri innréttingum. Tvö góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. Nýjar raflagnir og rafmagnstafla í íbúð. Frábær staðsetning í gamla vesturbænum þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla og aðra þjónustu. **Verð 24,9 millj** Íbúð merkt 0101. **Verið velkomin**




## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

### » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT


MERRY
AND
BRIGHT
Christmas AT NEXT
2013
Brjóstahaldari
kr. 4.990.
Nærbuxur
kr. 2.490.
next á íslandi
next
Opið: 17.-22. des. til kl. 22 • 23. des. til kl. 23 • 24. des. til kl. 13.
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ELÍNAR JÓNSDÓTTUR**
**Hrafnistu, Kópavogi.**

**Elínbjört Jónsdóttir** **Tryggvi P. Friðriksson**
**Petra Jónsdóttir** **Kristján J. Karlsson**
**Arnþrúður Jónsdóttir** **Sveinn Magnússon**
**Hermann Jónsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GARÐAR FINNBOGASON**
**húsasmíðameistari,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi föstudaginn 13. desember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 20. desember kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

**Kolbrún Garðarsdóttir** **Kjartan Jónasson**
**Linda Garðarsdóttir** **Ófeigur Sigurðsson**
**K. Kristján Garðarsson** **Heiðrún Sigfúsdóttir**
**Hjörtur P. Garðarsson** **Anna Rut Steinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku besti maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi, sonur, bróðir og vinur,

**HALLDÓR GÍSLASON**
**arkítekt og prófessor**
**við Listaháskólann í Ósló,**

andaðist að morgni sunnudagsins 8. desember, að lokinni ævi uppfullri af lífsgleði og ævintýrum. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 19. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Fyrir hönd fjölskyldu og vina,**
**Sóley Stefánsdóttir** **Andri Haraldsson**
**Björn Halldórsson** **Anna Karin Norberg**
**Vala Halldórsdóttir** **Emil Þór Guðmundsson**
**Theodóra Thoroddsen**
**Theodóra Gísladóttir og fjölskylda**
**Sverrir Gíslason og fjölskylda**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN JÓHANNESSON**
**verkfræðingur,**
**Hverfisgötu 27, Siglufirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar mánudaginn 16. desember.
Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju, laugardaginn 28. desember klukkan 14.00.

**Helga Ingibjörg Þorvaldsdóttir**
**Þorvaldur Þorsteinsson**
**Elín Þorsteinsdóttir** **Frosti Halldórsson**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

**SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR**
**Hæðargarði 35,**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 18. desember. kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Guðmundur Bjarnason** **Bergdís Kristjánsdóttir**
**Þóra Bjarnadóttir** **Jón Sverrir Dagbjartsson**

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS


571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

# Það besta í Íslendingum kemur frá Írlandi

**Rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson er fimmtugur í dag en hélt upp á afmælið um helgina. Nýjasta skáldsagan hans hefur hlotið frábærar viðtökur og sú næsta er í smíðum.**



**FIMMTUGUR** „Maður finnur það á svona stundum hversu gott er að eiga fjölskyldu og vini,“ segir rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson á fimmtugsafmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Við vorum með veislu á laugardagskvöldið þar sem mættu rúmlega sjötíu vinir og vandamenn. Veislan var haldin í Gunnarshúsi, húsi Rithöfundasambandsins við Dyngjuveg þar sem Gunnar Gunnarsson bjó, og það er ekki leiðinlegt að halda veislu heima hjá Gunnari. Mikil gleði og gaman,“ segir rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson sem á fimmtugsafmæli í dag.

Aðspurður segist Jón Kalman hafa fengið góðar gjafir í tilefni stórafmælisins, en besta gjöfin sé þó að fá að hafa fólkið sitt nálægt sér. „Maður finnur það á svona stundum hversu gott er að eiga fjölskyldu og vini. Dýrmætari gjöf er ekki hægt að fá í þessu lífi,“ segir Jón Kalman, sem er kvæntur Maríu Karen Sigurðardóttur og eiga þau börnin Bekan Sigurð, fimmtán ára, og Védísi, sem er tíu ára. Þau eru Kalmansbörn en ekki Jónsbörn, vegna þess að Kalman er einfaldlega fallegra nafn en Jón, segir hann sjálfur. „Maður stefnir alltaf að fegurðinni. Kalman er írskt nafn og allt það besta í okkur Íslendingum kemur frá Írlandi, rauður hárlitur og skáldskapur. Maður biður ekki um meira.“

Margir freistast til að líta yfir farinn veg á stórafmælum en Jón Kalman segist ekki hafa neitt slíkt í hyggju. „Þetta er bara eins og hver önnur stund. Ég hef aldrei hugsað neitt um aldur, því maður er bara til. Fyrir mér er hver dagur sem þúsund ár og öfugt,“ útskýrir hann og þvertekur fyrir að sú staðreynd að afmælisdaginn ber upp svo nærri jólum hafi orsakað vandamál varðandi gjafir á yngri árum. „Þjóðfélagið var öðruvísi þegar ég var að alast upp og sjálfsagt hef ég einhvern tíma fengið færri tindáta en einhver sem átti afmæli í mars, en þegar maður er barn er maður bara svo ánægður að eiga afmæli.“

Jón Kalman gaf nýverið út skáldsöguna Fiskarnir hafa enga fætur sem hefur hlotið prýðisgóðar viðtökur. Hann hefur þegar hafið vinnu við næstu bók, en vill síður gefa of mikið upp um efni hennar. „Ég tala aldrei um það sem ég er að skrifa, en þetta verður einhvers konar framhald af nýjustu bókinni minni,“ segir Jón Kalman.

kjartan@frettabladid.is



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA GUÐNÝ SIGURÐARDÓTTIR**
**Sóleyjarima 5,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, sunnudaginn 15. desember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 20. desember kl. 13.00.

**Gunnar Jón Árnason**
**Katla Gunnarsdóttir** **Haukur Erlingsson**
**Hreiðar Gunnarsson** **Halla Magnúsdóttir**
**Sverrir Óskar Stefánsson** **Þórhildur Anna Jónsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARÍA FINNBOGADÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð,**
**Hjallaseli 55,**
**áður Hvassaleiti 16, Reykjavík,**

lést laugardaginn 14. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 20. desember kl. 15.00.

**Hákon Sigurðsson** **Katrín H. Guðjónsdóttir**
**Björg Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLAFÍA S. B. BJARNADÓTTIR**
**Hábæ 2, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu,**

verður jarðsungin frá Oddakirkju á Rangárvöllum, föstudaginn 20. desember kl. 13.00.

**Sverrir Gíslason**
**Jóna Elísabet Sverrisdóttir** **Pálmar Hörður Guðbrandsson**
**Bjarni Rúnar Sverrisson**
**Elín Þóra Sverrisdóttir** **Einar S. Bjarnason**
**Sverrir Þór Sverrisson** **Brynja K. Sverrisdóttir**
**Sigríður Helga Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÉTUR JÓHANNSSON**
**Lindarbraut 10, Seltjarnarnesi,**

lést á Landakotsspítala föstudaginn 6. desember. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju, miðvikudaginn 18. desember kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Kristín M. Guðmundsdóttir**
**Auður Pétursdóttir**
**Jóhann Pétursson** **Margrét Lilja Magnúsdóttir**
**Brynja Pétursdóttir**
**Baldvin Búi Wernersson**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ELÍNAR MAGNÚSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Grundar fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Sjöfn Jóhannesdóttir**
**Gunnar Jósef Jóhannesson** **Guðný Ása Þorsteinsdóttir**
**Elín Theodóra Jóhannesdóttir**
**Jóhann Snorri Jóhannesson** **Anna Guðrún Kristinsdóttir**
**Jóhannes Örn Jóhannesson**
**og ömmubörn.**



✝

Elskuleg eiginkona, móðir, systir og amma,

**ÞÓREY AÐALSTEINSDÓTTIR**
**Vesturbergi, Reykjavík,**

lést 14. desember. Hún verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju 20. desember kl. 11.00.

**Haukur Ármannsson**
**Aðalsteinn Aðalsteinsson** **Heiðbjört Ásgeirsdóttir**
**Aðalheiður E. Ingimundardóttir** **Ingi Rúnar Georgsson**
**Tryggvi Aðalsteinsson**
**barnabörn.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast

# nettó
## Í JÓLASKAPI

# 1. FLOKKS SKATA
## KÆST Á GAMLA MÁTANN



**998 kr/kg**

# GOTT ÚRVAL AF FROSNU SJÁVARFANGI

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

markhonnun.is



KL. 21:05 THE MENTALIST

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld



KL. 19:50
NEW GIRL
Frábærir gamanþættir sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar.



KL. 20:15
THE BIG BANG THEORY
Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.



KL. 20:40
HOW I MET YOUR MOTHER
Ted heldur áfram að segja söguna af því hvernig hann kynntist barnsmóður sinni.



KL. 21:55
BONES
Dr. Temperance Brennan heldur áfram að veita ráðgjöf í allra flóknustu morðmálum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30
Barnaefni alla daga
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 21:10
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD MEÐ FRIKKA DÓR
Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.
Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is VILD



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 1 | | | 2 | | 9 | |
| | | | | 4 | | | | |
| 2 | | | | | 1 | | 7 | 8 |
| | 1 | | 9 | | 8 | 6 | 3 | |
| 5 | | 2 | 7 | | | | | |
| | | | | 3 | 5 | | | 2 |
| 9 | 7 | | | | 3 | | | 1 |
| 6 | | 8 | 4 | 1 | | 3 | | |
| | | | | | | 9 | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 2 | 7 | | 3 | |
| 1 | | | | 6 | | 2 | | |
| | 7 | 3 | 4 | | | | 5 | 6 |
| 9 | | | | | | | | |
| | | | | 5 | | | 1 | 4 |
| | | | 3 | 1 | | | 8 | 2 |
| 5 | | 8 | | | | | 7 | 3 |
| 7 | 4 | 9 | | | | | | 1 |
| 3 | 2 | | | | 5 | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 8 | 6 | 3 | |
| | 5 | | | 3 | 6 | | | |
| 6 | | | | | | 7 | 9 | |
| 4 | | 5 | | 9 | | | | 6 |
| | 9 | 6 | | | | | 1 | |
| | 3 | | | | | | | |
| | | 8 | 3 | 5 | 1 | | | 9 |
| | | 1 | 8 | 4 | | | 6 | |
| 5 | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 6 |
| 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 |
| 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 7 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 4 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 9 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 3 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 5 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 |
| 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 6 |
| 7 | 4 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 | 2 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Gull og metorð gagna ekki, gangir þú með sálar hlekki."**

*– Laufey Jakobsdóttir,*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** kyrrð, **8.** eyrir, **9.** upphrópun, **11.** bókstafur, **12.** máttur, **14.** pápi, **16.** pot, **17.** dvelja, **18.** fát, **20.** tveir eins, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag, **3.** skóli, **4.** vöxtur, **5.** knæpa, **7.** lausbeislaður, **10.** temja, **13.** svelg, **15.** réttur, **16.** margsinnis, **19.** svörð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** ró, **8.** aur, **9.** aha, **11.** ká, **12.** megin, **14.** faðir, **16.** ot, **17.** una, **18.** fum, **20.** gg, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** ma, **4.** aukning, **5.** krá, **7.** óheftur, **10.** aga, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** oft, **19.** mó.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Kjartan Maack (2.137) átti marga mjög góða spretti á Friðriksmóti Landsbankans. Hann vann m.a. stórmeistarann Hjörvar Stein Grétarsson (2.511).
**Hvítur á leik**



**25. Hxd7! Hxd7 26. Dxe5** (hótar bæði 27. Dxg7# og 27. Dxb8+) **f6 27. Dxb8+** og hvítur vann skömmu síðar. Hannesi Hlífari Stefánssyni hefur gengið vel í Kosta Ríka og hlaut hann þar samtals 16 vinninga í 17 skákum í tveimur mótum.
**www.skak.is** Hraðskákmót Víkingaklúbbsins kl. 20.

tl.is

# TÖLVULISTINN

# SPJALDTÖLVUR TIL JÓLAGJAFA!

nextbook



## VINSÆLASTA 8" MEÐ DUAL CORE!

Þessi rennur út hjá okkur. Hentug barnastærð og það sem skiptir mestu máli er að hún er með Dual Core örgjörva og góðu 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan, heyrnartólstengi, Micro USB, mini HDMI og Bluetooth.

NEX-NEXT800T

19.990

## 10" NEXTBOOK Á 29.990!

10" með Dual Core örgjörva og 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan og aftan. MicroUSB, miniHDMI og Bluetooth.

NEX-NX010HI8G



29.990

## KINDLE 6 LESTÖLVA



kindle

Vinsæla Kindle Wi-Fi lestölvan komin. 6" speglunarfrír skjár með 167ppi upplausn og 2GB Flash minni sem dugar fyrir allt að 1.400 bækur.

AMA-KINDLE

18.990

## 7" ASUS MEÐ HD

ASUS



Hágæða IPS háskerpuskjár sem skilar ótrúlegum myndgæðum. Fjögurra kjarna örgjörvi og allt að 10 klukkutíma rafhlöðuending.

ASU-ME173X1B014A

39.990

## NÝ NEXUS 7 MEÐ FHD

ASUS



Fimm stjörnu spjaldtölva frá Asus og Google með Snapdragon S4 Pro örgjörva og kristaltærum Full HD skjá. Android 4.3 Jelly Bean.

ASU-NEXUS71A002A

57.990

## COOLTAB MEÐ HÖGGVÖRN



Lenco

LEN-COOLTAB80PI

Bláar og bleikar Lenco spjaldtölvur með bleikri og blárri sílikonhulsu til að hún þoli meira hnjask. Allwinner A13 örgjörvi.

19.990

## 10" ASUS MEÐ INTEL ATOM



ASUS ASU-ME302C1B015A

Glæsilega hönnuð og örþunn 10" spjaldtölva frá Asus. Intel Atom örgjörvi og öflugt skjákort. 32GB Flash minni og 2GB vinnsluminni.

79.990

## TEGRA 4 QUAD CORE



ASUS ASU-TF701T1B025A

Sú besta frá Asus. NVIDIA Tegra 4 örgjörvi og GeForce Tegra 4 skjákort. Kristaltær skjár með 2560x1600 punkta upplausn. Allt að 13 tíma rafhlöðuending.

119.990

## iPAD AIR OG iPAD MINI

iPad



Mikið úrval af nýjum, léttari og hraðvirkari iPad spjaldtölvum frá Apple á lægra verði

VERÐ FRÁ

49.990



## NÝTT KORTATÍMABIL!






MUNDU EFTIR MIÐANUM. KOMDU OG SJÁÐU HVORT ÞÚ ÁTT MILLJÓN KRÓNA JÓLAPAKKA HJÁ OKKUR!

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Ævintýri flóttamanna

BÆKUR ★★★★☆

**Strokubörnin á Skuggaskeri**
Sigrún Eldjárn
**MÁL OG MENNING**




Sigrún Eldjárn er fyrir löngu orðin kunn fyrir barnabækur sínar, enda hefur hún sent frá sér bók næstum árlega frá árinu 1980. Það eru því fleiri en ein kynslóð sem hafa alist upp með sögunum hennar.

Nýjasta afurðin er Strokubörnin á Skuggaskeri sem kom út á haustmánuðum. Um er að ræða hápólitíska bók sem sett er fram í ævintýraformi. Sagan segir frá íbúum Fagradals, en áin Silfra aðskilur þar þorpin Austurhlíð og Vesturhlíð. Einu sinni voru íbúarnir miklir vinir og börnin léku sér saman óáreitt. Nú er hins vegar skollið á stríð milli þorpanna því verðmætur málmur fannst í Hólminum, sem liggur í ánni á milli þorpanna. Systkinin Lína, Hringur, Anna og Beta bregða því á það ráð að strjúka úr Austurhlíð yfir í Skuggasker, sem er drungalegt sker lengra úti á hafi. Þar bíða þeirra óvænt ævintýri, þau þurfa að bjarga sér sjálf og ekki er allt sem sýnist.

Sagan er sögð frá mismunandi sjónarhornum. Fyrst fylgjumst við með fyrrnefndum systkinum en svo bætast fleiri sjónarhorn við í næstu köflum. Á milli kaflanna þar sem frásögnin er í þriðju persónu eru kaflar þar sem sagt er frá í fyrstu persónu. Spennuþrungin leynd ríkir yfir þeim einstaklingi, en smám saman flettist ofan af honum. Þessir kaflar auka enn fremur á spennu bókarinnar.

Bókin er auðlesin og fallega uppsett. Myndlýsingar Sigrúnar eru vandaðar og þar er hvergi til sparað því næstum hver einasta opna er myndskreytt. Textinn er í mismunandi lit eftir því hvert sjónarhornið er. Það er vel heppnað og truflar alls ekki lesturinn.

Höfundi tekst vel að heimfæra aðstæður á íslenska staðarhætti, þannig að börn skilja að stríðshrjáð börn eru ekkert öðruvísi en þau sjálf, þó þau séu kannski langt í burtu. Stríð er ekki sameiginleg ákvörðun íbúa þeirra landa sem eiga hlut að máli.

Sögulok gefa til kynna að lesendur megi vænta framhalds og gera má ráð fyrir að eftirvænting hefjist um leið og lestri lýkur.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Afar vel heppnuð og spennandi bók sem varpar ljósi á fáránleika stríðs og hvernig það getur haft áhrif á hugsunarhátt stríðshrjáðra þjóða.

# Skúrinn breytist í útvarp og grammófón

**Sú nýbreytni verður tekin upp í menningarhúsinu Skúrnum í vikunni að bjóða upp á bókmennta- og söngdagskrár. Í öðru tilvikinu verður útvarpað úr skúrnum en í hinu breytist hann í gamlan grammófón með stóran lúður.**



**SMÍÐAR LÚÐUR** Finnur Arnar smíðar sjálfur lúðurinn sem festur verður á Skúrinn til að varpa söngnum til áheyrenda.

„Skúrinn er fjölnota menningarhús sem hægt er að setja á trukk og keyra þangað sem verkast vill,“ segir Finnur Arnar Arnarson myndlistarmaður sem á og rekur Skúrinn. „Hingað til hefur það nánast eingöngu verið myndlist sem verið hefur í Skúrnum en nú er komið að bókmenntadagskrá við Norræna húsið og síðan söngdagskrá í fógetagarðinum.“

Bókmenntadagskráin verður þrjú kvöld í röð, 18., 19. og 20. desember, og hefst klukkan 20 öll kvöldin. Eðli málsins samkvæmt rúmast ekki margir gestir í skúrnum þannig að Finnur hefur brugðið á það ráð að útvega sér útvarpssendi til að fólk geti notið upplestursins í bílum sínum. „Skúrinn verður fyrir framan Norræna húsið og þetta er eins konar „drive in“. Inni í Skúrnum verður lítill útvarpssendir og áheyrendur stilla útvarpið í bílnum sínum á FM 103,9 og heyra rithöfundana lesa upp úr bókum sínum inni í Skúrnum. Þarna lesa helstu kanónur bókmenntaheimsins og hægt er að kynna sér dagskrána á vefslóðinni nordice.is.“

Hinn viðburðurinn, sem fram fer 22. desember, er söngdagskrá þar sem sungin verða þau lög sem sungin voru á Látrum við Látraströnd eftir að sálmasöng lauk árið 1878. Hvaða lög eru það? „Það voru grafnar upp skráðar heimildir um þau lög sem sungin voru á Látrum eftir að sálmasöng sleppti og hugmyndin er sú að ellefu manna kór endurflytji það prógramm.“

Kórinn verður inni í Skúrnum en á Skúrinn verður festur stór lúður og honum í raun breytt í gamlan grammófón. „Hugmyndafræðingurinn á bak við þetta er Áslaug Thorlacius og hún hefur með sér fjölskyldumeðlimi, vini og vandamenn sem ýmsir eru ansi vel þekkt tónlistarfólk, til dæmis Sigríður, systir Áslaugar, og Snorri Sigfús Birgisson, frændi þeirra. Þau eru búin að vera að æfa vikum saman og ég held þau séu alveg að ná þessu,“ segir Finnur Arnar og glottir.

Söngdagskráin hefst einnig klukkan 20.

fridrikab@frettabladid.is






# „DÚNDURÞRILLER"

*„Yrsu er lagið að skapa drungalega stemningu ... [heldur] lesandanum á tánum með getgátum, allt til enda."*

Þ.Þ. FRÉTTATÍMANUM

„**Hörkuspennandi** bók ... vel plottuð og það er margt sem kemur á óvart ... **Yrsa eins og hún gerist best** ... Lokin eru rosaleg ... rígheldur ... dúndurþriller ... **með hennar bestu bókum.**"

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

NÝHERJI

# Allt sem þú óskar þér



Canon EOS 100D Verð: 139.900 kr.
Með 18-55mm linsu Tilboðsverð: 119.900 kr.

**Stúfur DSLR myndavélana.**
- 18 megapixlar og Full HD vídeó.
- 3 klst námskeið og kennslubók fylgir.



lenovo A1000
Android spjaldtölva Verð: 18.900 kr.

**Á verði sem snertir við þér.**
- Hentar vel í afspilun og létt í leiki.
- 16GB gagnapláss.



BOSE Soundlink Mini
Bluetooth Hljómtæki Verð: 39.900 kr.

**Spilaðu jólalögin „like a BOSE".**
- Lítið og nett.
- Aðeins 670 grömm.

**Kláraðu kaupin í verslunum okkar eða á netverslun.is**

Nýherji / Sími 569 7700 / Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / netverslun.is

# Hvers vegna er fólki illa við barrtré?

**Sara Riel opnar sýninguna „Barabarrtré" á fimmtudaginn. Hún gerir tilraun til skógræktar með haglabyssu sem er ádeila á plönturasisma í garð barrtrjáa.**

Sara Riel opnar á fimmtudaginn sýningu í Týsgalleríi. Sýningin verður eins konar bergmál af sýningunni sem hún stóð fyrir á Listasafni Íslands í sumar, þó með örlítið breyttri áherslu sem á einmitt sérstaklega vel við á þessum árstíma, en þema sýningarinnar verður barrtré og skógrækt á Íslandi.

„Ég velti fram spurningunni hvers vegna höfuðáherslan virðist alltaf vera lögð á fagurfræði þegar umræðan um barrtré og lauftré er annars vegar. Fólk er alltaf tilbúið til að dásama birkitré og hlyn en vill ekki sjá grenið. Þegar spurt er hvernig á því stendur eru svörin oft frekar fagurfræðilegs eðlis heldur en líf- eða vistfræðileg."

Um jólaleytið virðist ást þjóðarinnar á grenitrénu hins vegar alltaf vakna og þá fá þau að prýða öll heimili og jólaskreytingar eru gjarnan með skírskotun í þau.

„Það er allt annað viðhorf í garð barrtrjáa um jólaleytið heldur en á sumrin og þess vegna á þessi sýning mín sérstaklega vel við núna. Það er ekki hægt að halda jólin án þess að vera með barrtré og þá er það fallegasta tréð sem við nánast tilbiðjum og gegnir hlutverki sem altari jólagjafanna. Tréð fær að standa þar í tvær vikur eða þangað til það á ekki upp á pallborðið lengur og við fleygjum því á dyr."

Barrtrjáarækt er því nauðsynleg fyrir þá sem kjósa að vera með lifandi tré á jólunum. Á sumrin er umræðan í garð grenitrjánna hins vegar á þann veg að henni mætti líkja við nokkurs konar „plönturasisma". „Maðurinn minn er skógfræðingur svo ég þekki umræðuna mjög vel, hún er allt í kringum mig. Eitt verk á sýningunni er eitt stórt barrtré sem ég bý til úr öðrum barrtrjám og svo verð ég með aðra útgáfu af fræskotunum sem ég var með á sýningunni í sumar. Við maðurinn minn höfum verið að kokka upp gróðursetningaraðferð, en við höfum búið til haglabyssuskot úr fræjum sem við skjótum í jörðina. Skotin eru ljóðræn að einhverju leyti en þetta er tilraun til að sýna fram á að það sé hægt að nota verkfæri sem venjulega er notað til að drepa, til þess að skapa líf. Svo tengist þetta þeirri umræðu að margir líta á grenið sem árás á umhverfið."

Opnun á sýningu Söru verður haldin í Týsgalleríi næstkomandi fimmtudag en þá verður gestum á sýningunni boðið upp á jólaglögg og spjall. Sýningin verður opin fram yfir jól. **Júlía Margrét Einarsdóttir**



**SARA RIEL** myndlistarkona.

# Að vita of mikið

BÆKUR ★★★☆☆



**Hlustað**
Jón Óttar Ólafsson
BJARTUR

Ef höfundar rannsaka vel það sem þeir eru að skrifa um; sögusvið og bara hvað eina sem verður á vegi söguhetjunnar en ekki kylfa látin ráða kasti skilar það sé yfirleitt í trúverðugri og betri sögu. En þetta getur reynst vandrataður vegur, menn mega ekki vera of nískir á þá þekkingu sem þeir hafa viðað að sér – þeir verða að láta lögmál skáldskaparins ráða för. Nú bregður svo við að höfundur veit of mikið.

Jón Óttar mun hafa starfað í lögreglunni sem og hjá sérstökum saksóknara; maðurinn er doktor í afbrotafræðum. Öllum hnútum kunnugur. Er hægt að óska eftir betri bakgrunni fyrir eins og einn krimmahöfund? Og þannig er stóri plúsinn sá að höfundur nær að skapa sérdeilis trúverðuga og ágætlega fléttaða glæpasögu; talsmátinn og sögusviðið er þannig að lesandinn er á staðnum. Nokkuð sem eftirsóknarvert má teljast. Gallinn er sá að Jón Óttar er ekki nægjanlega vel að sér um lögmál skáldskaparins til að átta sig á því að ekki þarf að koma þetta mikilli vitneskju að. Þarna hefði góður ritstjóri mátt grípa í taumana með skærin góðu. Því sagan er langdregin.

Jón Óttar er ekki sérlega flinkur stílisti. Ekki slæmur; stíllinn er kaldur sem hæfir í sjálfu sér efninu ágætlega en gallinn er sá að hann einn og sér nær ekki að halda lesandanum við efnið þá er höfundur teymir hann í langa göngu um verkferla innan lögreglunnar. Og höfundur missir af ágætum færum sem hann hefur lagt upp þegar aðalpersónan Davíð er löngum stundum við hleranir. Þegar við bætist að persónusköpunin er ekkert sérlega snjöll, sannast sagna er hann Davíð hálfgerður leiðindagaur og óáhugaverður sem slíkur, þá verður niðurstaðan þessi.

Þetta er fyrsta bók höfundar og metnaðarfullt fyrsta verk. Sem slíks horfir maður jákvæðari augum til þess en annars og námundar upp í þriðju stjörnuna: Vel fléttaður krimmi, ekkert sérlega frumlegur en það var augljóslega ekki lagt upp með slíkt. Og ef hugað er að þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd kredit-megin í bókhaldinu má búast við góðri næstu bók. **Jakob Bjarnar Grétarsson**

**NIÐURSTAÐA:** Fremur langdregin bók en ágætlega fléttaður krimmi sem lofar góðu um framhaldið.



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
**Bæjarbíói**

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

**ÍVAN GRIMMI (1976)**

Júríj Grigorovítsj (*Spartakus*) er danshöfundur ballettsins um Ívan grimma. Tónlistina vann Mikhaíl Tsjulaki upp úr tónlist Prokofievs, sem samin var við samnefnda kvikmynd **Sergei M. Eisensteins**. Ballettmynd þessi lýsir lífi Ívans grimma, sem var uppi á 16. öld og varð fyrstur til að verða krýndur keisari alls Rússlands en hann átti í hatrammlegri baráttu við valdagráðuga aðalsmenn.



ELDBORG 12. og 13. mars
DÚNDURFRÉTTIR
ÁSAMT 35 MANNA SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT OG KÓR
Pink Floyd
THE WALL
35 ÁRA
MIÐASALA HEFST Á MORGUN
MIÐASALA HARPA.IS- MIDI.IS OG Í SÍMA 528 50 50

# Lag um látinn granna komið í spilun

Lagið Kings of the Underpass eftir Pétur Ben fjallar um Loft Gunnarsson sem lést í fyrra og er komið í útvarpsspilun. Hann mun flytja lagið á jólatónleikum X-ins. Ágóði af miðasölu tónleikanna rennur í minningarsjóð Lofts. Þorkell Máni skorar á Vigdísi Hauksdóttur að mæta.

„Ég horfði aftur og aftur á myndband sem gert var til minningar um Loft þangað til lagið varð til,“ segir tónlistarmaðurinn Pétur Ben. Hann hefur gefið út lagið The Kings of the Underpass sem fjallar um Loft Gunnarsson sem var heimilislaus og lést í janúar 2012. Lagið varð til þegar Pétur horfði á myndband Frosta Runólfssonar til minningar um Loft.

„Ég slökkti á hljóðinu, þrátt fyrir að lagið við myndbandið væri ákaflega fallegt. Ég horfði á myndbandið án hljóðs. Ég hef örugglega spilað það nokkur hundruð sinnum áður en ég kláraði lagið,“ útskýrir Pétur. Pétur er úr Garðabænum, eins og Loftur var og man eftir Lofti á þeirra yngri árum.

„Ég þekkti hann ekki beint. En ég man vel eftir honum. Hann var ótrúlega svalur strákur. Ég man eftir honum í undirgöngunum sem ég syng um í laginu, á hjólabretti.“ Pétur mun flytja lagið á jólatónleikum X-ins 977, en lagið er nýkomið í spilun á útvarpsstöðinni.

„Mér er það bæði skylt og ljúft að koma fram á þessum tónleikum. Þetta er sú útvarpsstöð sem hefur spilað lögin mín mest og þetta er málefni sem skiptir mig miklu máli,“ segir Pétur. Þorkell Máni Pétursson, útvarpsstjóri X-ins, tekur undir þau orð Péturs.

„Þetta er málefni sem allir eiga að geta stutt. Ég skora hér með opinberlega á Vigdísi Hauksdóttur að mæta á tónleikana. Hún hefur talað fyrir því að skera niður þróunaraðstoð úti í heimi og vill einbeita sér að Íslendingum. Hún hlýtur því að mæta. Við hljótum öll að geta stutt heimilislausa, þetta á ekki að geta gerst á Íslandi að einhver sé heimilislaus.“

Allur ágóði þessara árlegu tónleika mun renna í minningarsjóð Lofts Gunnarssonar, en sjóðurinn hefur það að markmiði að bæta aðbúnað heimilislausra hér á landi. Félagarnir í Harmageddon, þeir Máni og Frosti Logason, hafa stutt við málefnið og eru ánægðir með lagið hans Péturs.

„Við elskum þetta lag. Hugmyndavinna við myndbandið er komin af stað. Lagið hefur fengið frábærar undirtektir hérna á X-inu,“ útskýrir Máni.

Tónleikarnir fara fram á föstudaginn í Austurbæ. „Miðaverðinu er stillt í hóf, fólk borgar undir tvö hundruð krónum fyrir hverja hljómsveit sem kemur fram. Þetta verða magnaðir tónleikar. Reyndar hryggir það einhverja að þetta séu síðustu tónleikar X-ins þar sem Ómar, útvarpsmaður X-ins, er með okkur. Hann er að hætta hjá okkur og gengur til liðs við Stórveldið,“ segir Máni. Tónleikarnir bera titilinn Xmas og munu Leaves, Grísalappalísa, Drangar, Mammút, Kaleo, Ojba Rasta, Þröstur upp á Heiðar, 1860, Vök og Skepna koma fram, ásamt Pétri Ben. Miðasala er hafin á vefsíðunni midi.is.

kjartanatli@frettabladid.is



**SVALUR GAUR** Pétur Ben segir Loft hafa verið afar svalan og man vel eftir honum úr Garðabænum.

**„Hann var ótrúlega svalur strákur. Ég man eftir honum í undirgöngunum sem ég syng um í laginu, á hjólabretti.**

*Pétur Ben*






**BÚSETT Í L.A.** Meðlimir Steed Lord koma til Íslands um það bil tvisvar á ári.

## „Heví gott sánd“

„Það er vel hugsanlegt að við frumflytjum lög af óútkominni plötu á tónleikunum,“ segir Svala Björgvinsdóttir, söngkona Steed Lord. Hljómsveitin ætlar að halda tónleika á Harlem á föstudagskvöld í tilefni af því að allir hljómsveitarmeðlimir eru á landinu, sem er afar fátítt, enda búsettir í Los Angeles.

„Við ætlum að flytja góða flóru af lögum sem fólk þekkir af öllum plötunum okkar. Síðasta plata sem kom út var platan Prophecy Part I. Undanfarnar sex vikur höfum við verið við upptökur á nýrri plötu sem er framhald af þeirri síðustu, og heitir Prophecy Part II. Platan kemur út á næsta ári. Fyrri platan var með ástarsöguþema, nýja platan þróar þemað áfram og má segja að fjalli um það hvað tekur við af ástinni. Hún endar ekkert endilega vel.“

Hljómsveitin valdi Harlem vegna þess að hún hafði frétt að þar væri gott hljóðkerfi.

„Við viljum hafa heví gott sánd. Þetta verða bara stuðtónleikar eins og við erum þekkt fyrir.“ - ue



**BJARGVÆTTUR** Jón Bjarni gaf manninum pítsu á Gömlu smiðjunni. MYND/EINKASAFN

# Bjargaði manni sem lá á götunni á Austurvelli

Jón Bjarni Jónuson kom að manni í slæmu ásigkomulagi og aðstoðaði hann.

„Ég var á gangi við Austurvöll, skammt frá Alþingishúsinu og þar lá hann á jörðinni,“ segir hinn 19 ára gamli Jón Bjarni Jónuson. Hann gerði góðverk síðastliðinn sunnudag þegar hann kom að manni sem var í mjög slæmu ástandi og lá á götunni.

„Ég varð strax smeykur um ástand hans því hann var rænulaus. Ég tók í höndina á honum og spurði hvort allt væri í lagi,“ útskýrir Jón Bjarni sem fann mikið til með manninum.

Jón Bjarni aðstoðaði manninn á fætur og gekk með hann á pítsastað í grenndinni, sem kallast Gamla smiðjan, og gaf manninum að borða þar. „Ég setti höndina hans á öxlina mína og gekk með hann. Ég var reyndar svekktur yfir því að hann borðaði bara hálfa pítsu, ég hefði viljað gefa honum meira.“ Maðurinn var mjög þakklátur og grét af gleði.

Eftir að þeir félagar höfðu snætt saman pítsu og drukkið kók, spjölluðu þeir mikið. „Við spjölluðum talsvert og hann sagði mér meðal annars að hann væri gamall sjómaður.“

Eftir góða stund á Gömlu smiðjunni gekk Jón Bjarni með manninn í gistiskýlið við Þingholtsstræti, þar sem tekið var vel á móti honum. „Starfsmenn gistiskýlisins spurðu hvort ég vildi ekki ættleiða manninn. Þá hló ég dátt,“ segir Jón Bjarni léttur í lund.

**„Ég setti höndina hans á öxlina mína og gekk með hann. Ég var reyndar svekktur yfir því að hann borðaði bara hálfa pítsu, ég hefði viljað gefa honum meira.**

*Jón Bjarni Jónuson*

Margir mættu taka góðverk Jóns Bjarna til fyrirmyndar og sérstaklega fyrir jólin. „Ég er ekkert svakalega mikið jólabarn en mér þykir alveg frábært að geta gert góðverk og sérstaklega núna þegar nær dregur jólum.“

Þetta er hins vegar ekki fyrsta góðverkið sem Jón Bjarni gerir, því fyrir nokkrum árum kom hann dreng til hjálpar í Breiðholti, sem hafði orðið fyrir einelti. „Ég lenti sjálfur í einelti þegar ég var yngri og þótti virkilega gott að geta hjálpað drengnum.“

Góðverk Jóns Bjarna hefur vakið mikla athygli á netinu en á einum sólarhring höfðu yfir tvö þúsund manns lækað stöðuuppfærsluna sem hann setti á fésbókarsíðu sína á sunnudag.

gunnarleo@frettabladid.is



# NÝJAR BARNABÆKUR

Óðinsauga




## Garður hugans

Bókin er ætluð börnum og fullorðnum. Ráðlagt er að foreldrar eða forráðamenn lesi bókina með yngri kynslóðinni því upplifunin af hugarferðalaginu verður þannig áhrifameiri. Lestur þessa efnis eflir einnig skynjunarhæfni lesandans eða hlustandans með lyktar-, snerti-, heyrnar-, sjón- og bragðskyn í huga.




## Gummi fer í fjöruferð

Þetta er nýjasta bókin í bókaflokknum um þá Gumma og Rebba. Nú fara þeir félagar niður í fjöru og að vanda lenda þeir í spennandi ævintýri. Hér er á ferð vönduð barnabók sem blandar saman raunsærri mynd af íslenskum veruleika og dularfullum þjóðsagnaverum.




## Ferðalag Freyju framtannar

Í þessari bók kynnumst við Freyju framtönn sem býr í munninum hans Inga litla. Við kynnumst einnig Tomma tannbursta, töfrandi tannálfadís og fleiri sniðugum persónum. Þetta er bók fyrir krakka sem vilja hugsa vel um tennurnar sínar.




## Undirborgir

Bráðskemmtilegt ævintýri um Flóka og vini hans. Hína krabbynja reynir að ná tökum á Dimmuborgum og vinir okkar lenda í miklum háska. Sannkölluð veisla fyrir ævintýragjarna krakka! Þetta er önnur bók Ingu Stefánsdóttur en fyrri bók hennar, Dimmuborgir, fjallar um sömu töfraveröld.

# ÁHUGAVERÐAR BÓKMENNTIR




## Lífsháski

Saga þessi segir frá þremur systkinum sem fara í stutta sjóferð til að lífga upp á daginn, þegar foreldrar þeirra bregða sér af bæ. Skemmtiferðin snýst upp í andhverfu sína; háskalegt ævintýri og mannraunir.




## Sérðu harm minn, sumarnótt?

Bókin er í senn ættarsaga og saga íslensku þjóðarinnar á miklum umbrotatímum, þegar heimskreppa, hernám og örar tækniframfarir settu sterkan svip á daglegt líf fólks.




## Sandkorn úr stundaglasi eilífðarinnar

17 smásögur sem fara með lesandann í ferðalag í gegnum mannkynssöguna, frá sköpun veraldarinnar, í gegnum nútímann og inn í framtíðina.

## → Nigella Lawson

Líf Nigellu Lawson, sem er nú 53 ára gömul, hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Hún fæddist með silfurskeið í munni. Faðir hennar, Nigel Lawson, var stjórnmálamaður og gegndi meðal annars embætti fjármálaráðherra Bretlands frá 1983-1989. Móðir hennar, Vanessa Lawson, var af ríkum ættum. Þau áttu íburðarmikil og falleg heimili í dýru hverfunum í Chelsea og í Kensington í London. En Nigella var vansæl. Hún þurfti að flytja níu sinnum á milli skóla á aldrinum 9 til 18 ára.



**FYRSTI EIGINMAÐUR NIGELLU** Blaðamaðurinn John Diamond. AFP/NORDICPHOTOS

Vanessa, móðir hennar, var þunglyndissjúklingur og beitti Nigellu ofbeldi þegar hún fékk skyndileg bræðisköst. Það var ekki fyrr en Nigella var orðin fullorðin sem samband mæðgnanna lagaðist. Nokkrum árum síðar lést Vanessa úr lifrarkrabbameini. Hún var aðeins 48 ára gömul.

Árið 1993 missti Nigella systur sína, Thomasinu, úr brjóstakrabbameini. Hún var rúmlega þrítug. Hún vann úr þeirri sorg með hjálp þáverandi eiginmanns síns, Johns Diamond, sem hún giftist árið 1992. Hann var greindur með krabbamein í hálsi árið 1997 og dó árið 2001, aðeins 47 ára gamall.

Þegar hún svo varð ástfangin af Charles Saatchi vonuðu vinir og vandamenn að bjartari tímar væru fram undan fyrir Nigellu. Pegar myndir svo náðust af Saatchi með hendurnar um háls hennar á veitingastað í Mayfair í sumar fór allt í bál og brand. Umræðan um atvikið varð svo mikil að það hleypti af stað þjóðarumræðu um heimilisofbeldi.

Nigella hefur enn ekki talað um réttarhöldin eða atvikið á veitingastaðnum í Mayfair í sumar utan réttarhaldanna, en hefur skrifað undir samning þess efnis að fara í viðtal til spjallþáttadrottningarinnar Opruh snemma á næsta ári þar sem hún kemur til með að segja sína hlið málsins.



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Nigella Lawson og Charles Saatchi saman á góðgerðasamkomu í London í byrjun árs 2012. AFP/NORDICPHOTOS



**Á LEIÐ Í RÉTTARSALINN** Nigella sést hér ganga inn í réttarsalinn í London 5. desember síðastliðinn.

# #TeamNigella

**Réttarhöld yfir ítölsku systrunum Francescu og Elisabettu Grillo standa nú yfir en þær eru sakaðar um að hafa dregið sér umtalsvert fé frá hjónunum Nigellu Lawson og Charles Saatchi. Réttarhöldin hafa breyst í leðjuslag hjónanna fyrrverandi.**

Undanfarnar vikur hafa réttarhöld yfir Francescu og Elisabettu Grillo, aðstoðarkonum bresku matseljunnar Nigellu Lawson og breska athafnamannsins Charles Saatchi, sem er hvað best þekktur fyrir að vera listaverkasafnari og eigandi Saatchi-gallerísins, staðið yfir. Nigella og Charles eru skilin að skiptum.

Réttarhöldin tóku snemma óvænta stefnu og hafa breyst í vettvang þar sem skilnaðardeilur Saatchi og Lawson fara fram opinberlega. Þá hefur Charles Saatchi lagt fram alvarlegar ásakanir á hendur Nigellu.

### Meint eiturlyfjaneysla

Lögfræðingar Grillo-systranna halda því fram að Nigella hafi gefið þeim skilyrðislaust leyfi til þess að eyða rúmlega 130 milljónum króna yfir fjögurra ára skeið af fyrirtækjakorti Nigellu og Saatchis í flug, tískuvarning, hótelgistingu og lúxusvörur til einkanota. Gegn þessu, halda lögfræðingar systranna fram, áttu þær að halda trúnaði við Nigellu og segja ekki frá meintum vímuefnavanda hennar, en systurnar halda því fram að Nigella noti kókaín, maríjúana og lyfseðilsskyld lyf í óhófi.

Nigellu var lýst sem daglegum neytanda kókaíns sem gæfi dóttur sinni eiturlyf.

### Tölvupóstur lak í fjölmiðla

Þessum ásökunum var svo gefinn byr undir báða vængi þegar tölvupósti frá Saatchi var lekið til fjölmiðla þar sem hann kallaði Nigellu „Higella“.

Hann sagðist enn fremur trúa öllu því sem þær ákærðu héldu fram um eiturlyfjaneyslu Nigellu. Þegar Saatchi var sjálfur kallaður til vitnis var hann þó ekki jafn viss í sinni sök.

„Ef þú ert að spyrja mig hvort ég viti fyrir víst að Nigella hafi tekið eiturlyf, er svarið nei.“ Hann sagðist jafnframt vera miður sín yfir að persónulegur tölvupóstur hans til Nigellu hefði lekið í fjölmiðla, þar sem hann sagði að hún væri „algjörlega farin“ af eiturlyfjaneyslu. Hann sagðist einnig sjá eftir Nigellu, sem hann segist „dýrka af öllu hjarta“ og að hann óskaði þess að allt síðasta ár hefði aldrei átt sér stað.

### Viðurkenndi neyslu

Nigella neitar því að eiga við fíkniefnavanda að stríða en viðurkennir að hafa tekið efnin yfir tvö tímabil í lífi sínu. Annað skiptið þegar fyrrverandi eiginmaður hennar, John Diamond, var veikur af krabbameini, en hún sagði vímuna af efninu hafa veitt honum ákveðið frelsi. Hitt skiptið var í júlí 2010 með Saatchi.

### Nigella lét þær fá kortin

Saatchi sagði það hafa verið hugmynd Nigellu að láta systurnar hafa kreditkort þar sem þær sáu um innkaup fyrir heimilið og var það hluti af starfi þeirra sem aðstoðarkonur. Þá neitaði hann því að Nigella hefði nokkurn tímann leyft starfsfólki þeirra að eyða peningum hjónanna að vild.

Systurnar hafa einnig haldið því fram að Nigella hafi komið fram við þær eins og þræla og sagt að komið hafi verið fram við þær með verri hætti en filippseyska þræla. Saatchi sagði það af og frá, hann sagði Nigellu mjög góðan vinnuveitanda og að starfsmenn þeirra hefðu dýrkað hana.

Saatchi, sem er sjötugur, var gefin viðvörun frá lögreglu eftir frægt atvik á Scott's Restaurant í Mayfair-hverfi í London í júní, þar sem Saatchi tók eiginkonu sína hálstaki. Lögfræðingar ákærðu vilja nú meina að það hafi verið vegna meints samnings Nigellu við Grillosysturnar um þagmælsku þeirra.

Þegar Saatchi voru sýndar myndirnar af þeim á veitingastaðnum frá því í sumar þar sem virðist sem hann taki Nigellu hálstaki sagði Saatchi að hann hefði hvorki verið að kyrkja Nigellu né meiða hana með öðrum hætti: „Ég hélt höfði hennar uppi með því að halda um háls hennar og láta hana einbeita sér,“ sagði Saatchi.

### Nýtur stuðnings almennings

Þetta allt kemur á viðkvæmum tíma fyrir feril matseljunnar, þar sem hún hafði fyrirætlanir um að reyna fyrir sér á Bandaríkjamarkaði á þessu ári – meira að segja hafa verið sögusagnir þess efnis að hún hygðist flytja til Los Angeles. Þó virðast réttarhöldin ekki hafa haft alneikvæð áhrif á ímynd Nigellu, því að margir hafa lýst yfir opinberum stuðningi við Nigellu Lawson, til dæmis með kassmerkinu #TeamNigella. Stuðningsmenn hennar á netinu eru fólk á borð við Matt Lucas, Jemimu Khan, Stephen Fry og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands.

olof@frettabladid.is

## Elisabetta og Francesca Grillo

Grillo-systurnar hafa verið hluti af fjölskyldu Nigellu lengur en hjónaband hennar við Charles Saatchi hefur staðið yfir. Elisabetta, 41 árs, sem Nigella kallar Lisu hóf störf fyrir matseljuna sem aðstoðarkona hennar þegar fyrsti eiginmaður Nigellu, blaðamaðurinn John Diamond, var enn á lífi. Þegar Nigella svo giftist Charles Saatchi, árið 2003, var Francescu bætt á launaskrá fjölskyldunnar.

Hlutverk systranna var að sjá til þess að heimilishaldið gengi stórfallalaust fyrir sig. Þær voru sérstaklega nánar börnum Nigellu, Cosimu og Bruno, og dóttur Saatchis, Phoebe. Nigella tileinkaði systrunum meira að segja uppskriftabók: Mínar hjartnæmustu þakkir til trúnaðarvinkvenna minna í eldhúsinu: Lisu og Francescu Grillo.

Fyrir um tveimur vikum hófust réttarhöld yfir aðstoðarkonunum tveimur þar sem þær eru sakaðar um að draga sér fé, rúmlega 130 milljónir, af yfirmönnum sínum. Þær neita öllum ásökunum.

Rahul Gajjar, fjármálastjóri Saatchis, sagði í síðustu viku fyrir rétti að Francesca hefði eytt að meðaltali rúmlega níu milljónum á mánuði á kreditkorti yfirmanna sinna og systir hennar ríflega fimm milljónum. Hann fór yfir útgjöld systranna í júní síðastliðnum, Francesca eyddi þá tæpri milljón í flug til New York. Meðan á dvöl hennar stóð eyddi hún rúmlega 350 þúsund krónum í tískuvöruversluninni Miu Miu. Í París greiddi hún 350 þúsund króna reikning á Ritz-hótelinu þar í borg og á sama degi keypti hún Chloé-kjól fyrir 138 þúsund krónur. Hinn 12. júní eyddi hún rúmri milljón í Miu Miu og um það bil hálfri milljón í Prada.



**SÁU UM HEIMILISHALDIÐ** Ítölsku systurnar segja Nigellu hafa komið fram við þær eins og þræla. AFP/NORDICPHOTOS

Þrátt fyrir að laun systranna væru hófleg, Francesca fékk greiddar í árslaun um það bil 5,3 milljónir og systir hennar 4,8 milljónir, voru fríðindin talsverð og þeim var skaffað húsnæði. Þær höfðu aðgang að reikningi fyrir leigubílum og flugu um allan heim á fyrsta farrými. Ef Saatchi, til að mynda, þurfti að ná í verk til New York voru það Grillo-systurnar sem voru sendar til að ná í verkið.

Mind OUTLET.
Allar vörur á
2000kr.
ALLRA SIÐASTA
DAGUR Í DAG
Við hliðina á Herra Hafnarfirði
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

Bráðskemmtileg barnaplata !




**Fimmtán ný lög** eftir Inga Gunnar Jóhannsson, við ljóð Þórarins Eldjárns úr ljóðabókinni **„Grannmeti og átvextir“**.

Grípandi lög sem allir geta sungið með !

**Flytjendur:** Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Ingi Gunnar Jóhannsson, Hilmar Sverrisson, Ómar Ragnarsson og Örn Árnason.

FIMMUND Útgáfa og dreifing ehf.
Hugarflug
Sími 822 6866 • hugarflug@internet.is

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK


19.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


FJÓRIR LITIR
15.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


9.995
LJÓSAKRÓNA


18.495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA

BLÁTT

BRÚNT

BLEIKT



9.995
LJÓSAKRÓNA


19.995
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL


14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK


17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST


9.975
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK


14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL


5.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST


7.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT


18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK


18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



**2013** Stjörnuljósmyndarinn David LaChapelle var fenginn til að taka nýjustu myndina en þar er greinilegt karnival og framtíðarþema. Á myndina vantar Rob Kardashian, Scott Disick, Kanye West, North West og Lamar Odom en hann er nýskilinn við Khloe Kardashian.

# Kortabrjálæði Kardashian-klansins

**Kardashian-fjölskyldan er þekkt fyrir að gefa út yfirdrifin og skrautleg jólakort hver einustu jól. Árið í ár er engin undantekning og virðist Kardashian-klanið leggja mikinn metnað upp úr því að gera alltaf betur og betur þegar kemur að kortunum. Fréttablaðið leit yfir jólakort fjölskyldunnar í gegnum árin og sést þá vel að þau fyrstu voru mun látlausari en heimurinn á að venjast í seinni tíð.**



**2012** Fjölskyldan klæddist hvítu frá toppi til táar en Khloe, Odom og hálfsysturinni Kendall var bætt við eftir á með hjálp nútímatækni.



**2011** Jólakort í 3D – ekkert til sparað!



**2010** Kim ákvað að vera í skjannahvítum kjól frá Emilio Pucci.



**2009** Idol-kynnirinn Ryan Seacrest var heiðursgestur á kortinu og Kourtney Kardashian ólétt af syninum Mason.



**2008** Svo sannarlega rauðglóandi jólakort.



**2007** Kossarnir flugu á þessu jólakorti en lengst til hægri er Casey Jenner, hálfsystir Kendall og Kylie Jenner.



**2006** Klanið ákvað að breyta til og tók jólamyndina á ströndinni í Malibu.



**10. Áratugurinn** Mótorhjólaþema. Það vantar ekki hugmyndaflugið hjá fjölskyldunni.



**1995** Jólasveinninn mætti í myndatökuna.



**10. Áratugurinn** Öll börnin með bindi í stíl - sætt!



**1991** Skjaldbaka klæddi sig upp sem jólasveinn.



**1989** Algjörir englar með foreldrum sínum Kris Jenner og Robert Kardashian.



**1990** Eina sem skemmir þetta er að nafn Khloe er skrifað vitlaust.



**1985** Systurnar Kim, Kourtney og Khloe í góðu skapi á jólum.

# Í JÓLASKAPI




69.989

**TOSHIBA**

**Toshiba C50A1C8**
Flott verð fyrir 15,6" Intel Dual Core fartölvu frá Toshiba með Intel HD skjákorti. Hentar vel í alla hefðbundna tölvuvinnslu. 500GB harður diskur, USB3 tengi fyrir margfaldan gagnaflutningshraða og HDMI tengi til að tengja við sjónvarp. Windows 8.1.




14.989

nextbook

**Dual Core með 1GB vinnsluminni**

**Nextbook NX007HD8G**
Lægtsta verð sem við höfum náð á Dual Core spjaldtölvu. 7" skjár, 1GB vinnsluminni og 8GB Flash minni sem hægt er að stækka í 32GB.



19.989

**Hægt að tengja við gítara, tölvur, síma og fleira**

TDK

**TDK Boombox Cube 360**
2x20w SoundCube. Kraftmikill ferðahátalari með FM útvarpi, sem tengja má við flestar gerðir tölva og síma. Einnig hægt að tengja hljóðfæri eins og gítar eða míkrafón við og mixa með tónlist. Gengur fyrir rafmagni eða rafhlöðum.




19.989

SHARP

**Sharp R20ST**
800W stál örbylgjuofn. 20 lítrar. 25,5sm diskur. 5 hitastillingar. 8 eldunarstillingar. Afþýðing samkvæmt þyngd.



24.989

PHILIPS

**Philips AEA7000**
Kröftugur Bluetooth hátalari sem tengja má við öll Bluetooth tæki. TheVoice hljóðnemi fyrir iPad fylgir.

Verðvernd Max **33 DAGAR**

Skilaréttur Max **33 DAGAR**

max.is



**MediaTech MT3129**
**Flottir USB tölvuhátalarar**
**1.989**



**Soenhle 68050**
**Þráðlaus hitapúði**
**12.989**



**Tónlistardiskar**
**1.989**
**Gott úrval afþreyingar**

MAX RAFTÆKI

OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 21.00

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA



**STUÐ Í SMÁRALIND** Edda Blumenstein er framkvæmdastjóri Smáratívolís, en þar er að finna um hundrað fjölbreytt tæki fyrir fólk á öllum aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýtt tívolí með nýjum tækjum

Smáratívolí verður opnað í Smáralind á fimmtudaginn. Þar er að finna um hundrað tæki.

„Það eru miklar breytingar í gangi hjá okkur og það standa yfir miklar framkvæmdir,“ segir Edda Blumenstein, framkvæmdastjóri Smáratívolís. Verið er að breyta Skemmtigarðinum í Smáralind í Smáratívolí sem hefur í för með sér mikla endurnýjun. „Við erum með 22 ný tæki sem henta fyrir fólk á öllum aldri. Við erum að skipta út eldri tækjum en þetta verða um hundrað tæki í heildina,“ útskýrir Edda.

Bangsasmiðja er nýtt fyrirbæri á Íslandi. „Þarna geta krakkar og allir þeir sem hafa gaman af böngsum, hannað og búið til sinn bangsa frá grunni, skreytt hann og fá hann svo í kassa til að taka með sér heim.“

Helstu breytingarnar á tækjunum eru að fallturninn fer en í staðinn kemur nýtt trampólín. Stóra rólan verður enn á staðnum. „Endurbætt og betri afgreiðsla hefur verið sameinuð Tívolívinninga-afgreiðslunni sem bætir til muna þjónustu við gestina okkar.

Sama félagið stendur að rekstrinum áfram eins og verið hefur en nýja nafnið lýsir betur þeirri starfsemi sem þarna fer fram,“ bætir Edda við.

Smáratívolí, sem er á tveimur hæðum í Smáralind, verður opnað formlega næstkomandi fimmtudag klukkan 14.00. - glp

# Eins og poppstjarna í Taívan og Malasíu

Viðburðaríku ári er lokið hjá tónlistarmanninum Ólafi Arnalds. Hann hefur farið víðs vegar um heiminn og hefur unnið að stórum verkefnum í sjónvarpi.

„Ég ætla að bjóða upp á kósí tónleika í Kaldalónssal í Hörpu,“ segir Ólafur Arnalds um tónleikana sína sem verða annað kvöld. „Ég mun spila með svokölluðu tríói mínu. Þetta er sama uppsetning og við notum þegar við ferðumst til mjög fjarlægra landa. Reyndar mun Arnór Dan söngvari vera með okkur, þannig að þetta verður ekki nákvæmlega eins,“ útskýrir Ólafur.

Árið 2013 hefur verið afar viðburðaríkt hjá Ólafi. Hann hefur farið til 23 landa og haldið yfir hundrað tónleika. „Þetta hefur verið gott ár en þreytandi. Það lengsta sem við fórum var til Ástralíu, kemst maður eitthvað lengra frá Íslandi en það?“

Ólafur hefur séð ýmislegt á árinu og upplifað mismunandi menningu. „Mér finnst alltaf skemmtilega sérstakt að fara til Asíu. Ferðalögin til Taívan og Malasíu voru einstök. Þar er komið fram við mann eins og einhverja poppstjörnu,“ segir Ólafur sem segist ekki sjá sig sem stjörnu þrátt fyrir miklar vinsældir erlendis. Sem dæmi um það eru fylgjendur Ólafs á samskiptavefnum Twitter 24 þúsund. Honum þykir það sérstakt. „Ég set bara inn myndir af einhverju sem mér finnst skemmtilegt og skrifa það sem ég hugsa. Þetta er bara heimilislegt og persónulegt hjá mér.“

Auk þess að nota árið í tónleikaferðalag hefur Ólafur varið tíma sínum í að semja kvikmyndatónlist. Til dæmis sér hann um tónlistina í þáttunum Broadchurch, sem hafa vakið mikla athygli á Bretlandi.



**HEIMA UM JÓLIN** Ólafur heldur jólin heima hjá foreldrum sínum í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér finnst ákaflega gaman að vinna með Bretum. Þeir eru ekki eins formfastir og þeir sem maður vinnur með í Hollywood. Bretarnir eru óhræddir við að leyfa manni að taka smá áhættu og veita manni frelsi til að gera það sem maður vill gera, á meðan þeir í Hollywood eru meira að hugsa um áhrif á markhópa,“ útskýrir Ólafur.

Önnur sería þáttanna fer í loftið á næsta ári og mun Ólafur halda áfram að semja tónlistina fyrir þá. Hann mun einnig fara í stutta tónleikaferð til Asíu og Ástralíu í febrúar og mars og semja tónlist í kvikmyndir. „En fyrst ætla ég að byrja á því að halda tónleikana í Hörpu á morgun og taka mér svo jólafrí og halda jólin heima hjá foreldrum mínum í Mosfellsbæ,“ segir Ólafur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 annað kvöld. - kak

> **Þetta hefur verið gott ár en þreytandi. Það lengsta sem við fórum var til Ástralíu, kemst maður eitthvað lengra frá Íslandi en það?**
> *Ólafur Arnalds*



**KATTARKOFI** Jólakötturinn festist ekki á mynd sjálfur, en hér er Unnur Sigurþórsdóttir fyrir utan kofann hans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólakötturinn í haldi í Laugardal

Þetta goðsagnakennda dýr er í gæslu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og hægt er að heimsækja kisa.

Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, sem nú hefur jólaköttinn í haldi, vill meina að fólki sé óhætt að vera í gömlum sparifötum um jólin. „Já, ég held að fólki sé óhætt að kaupa ekki ný föt fyrir þessi jól vegna þess að við höfum gætur á jólakettinum. Það ætti að duga að vera í hreinum fötum. Þetta eru þriðju jólin sem við sjáum um gæslu jólakattarins yfir hátíðarnar. Þar ætlum við að reyna að geyma hann þangað til jólasveinarnir fara aftur heim til fjalla. Við tókum eftir sporum í snjónum þegar við mættum til vinnu einn daginn. Þau er að finna víðar í Laugardalnum. Við gómuðum köttinn, tókum okkur saman og hentum okkur á hann og náðum að halda honum niðri á meðan starfsfélagar okkar byggðu kofann.

Hægt er að heimsækja jólaköttinn á opnunartíma klukkan 10 til 17 alla daga í Hafrafelli, sem er við refagirðinguna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar er kötturinn í félagsskap skriðdýra, froskdýra og skordýra. Kofinn er ágætlega vel byggður, en kötturinn er svolítið að reyna að komast út og það fylgja honum svolítil læti. Það er hægt að kíkja inn um rifur á kofanum á glyrnur kattarins sem eru rauðar af því að hann er svo brjálaður. Hann er samt ekkert svo hættulegur, það fer tvennum sögum af því. Sögurnar um hann fóru upphaflega á kreik til að sporna við leti og sóðaskap.“ - ue

HIN FULLKOMNA JÓLAGJÖF

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.




PIPAR\TBWA • SÍA

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

Eymundsson Bóksali frá 1872
HAGKAUP Ein ferð betra verð


Besta svarið
SECURITAS
TACTIC
Besta svarið
Vinir þínir svara – þú velur rétta svarið!
12+
Jim Carrey
Jón Gnarr
Homer Simpson
KOMIÐ Í VERSLANIR
LOKSINS Á ÍSLANDI VERÐLAUNA SPILIÐ BESTA SVARIÐ
EINFALT OG SKEMMTILEGT
MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ
GOLDEN GEEK AWARD
MYNDFORM

SAMBÍÓIN
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR TANGLED OG WRECK-IT RALPH
JÓLAMYNDIN Í ÁR
FROSINN
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
"BESTA TEIKNIMYND DISNEY SÍÐAN LION KING"
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND MEÐ JASON STATHAM
"STATHAM DOESN'T DISAPPOINT" THE PLAYLIST
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
HOMEFRONT 16

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
FROZEN ENSTAL2D KL. 5:40 - 8 - 10:20 L
FROSINN ÍSLTAL2D KL. 5:40 - 6 L
FROSINN ÍSLTAL3D KL. 6 L
HOMEFRONT KL. 5:40 - 8:20 - 10:40 16
HOMEFRONT VIP KL. 5:40 - 8 - 10:20
MACHETE KILLS KL. 8 - 10:20 16
DELIVERY MAN KL. 8:20 - 10:40 12
THOR - DARK WORLD 3D KL. 8 12
ESCAPE PLAN KL. 10:40 16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
FROSINN ÍSLTAL3D KL. 3:20 - 5:40 L
FROSINN ÍSLTAL2D KL. 3:20 L
HOMEFRONT KL. 3:20 - 5:45 - 8 - 10:15 16
DELIVERY MAN KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 12
ENDER'S GAME KL. 5:30 10
THOR - DARK WORLD 2D KL. 8 12
MACHETE KILLS KL. 10:30 16
ESCAPE PLAN KL. 8 - 10:30 16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
FROZEN ENSTAL2D KL. 8 L
FROSINN ÍSLTAL2D KL. 5:40 L
FROSINN ÍSLTAL3D KL. 5:40 L
HOMEFRONT KL. 8 - 10:20 16
MACHETE KILLS KL. 10:20 16
DELIVERY MAN KL. 5:40 - 8 12
THOR - DARK WORLD 2D KL. 10:20 12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
FROSINN ÍSLTAL3D KL. 5:40 L
FROZEN ENSTAL2D KL. 8 L
HOMEFRONT KL. 8 - 10:20 16
HUNGER GAMES: CATCHING FIRE KL. 5 - 10:20 12

SAMBÍÓIN AKUREYRI
FROZEN ENSTAL2D KL. 5:40 - 8 L
FROSINN ÍSLTAL3D KL. 5:40 L
HOMEFRONT KL. 8 - 10:20 16
MACHETE KILLS KL. 10:20 16
ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
FROSINN
FRÁ FRAMLEIÐENDUM „TANGLED" OG „WRECK-IT RALPH"
12 TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG YFIR 32.000 MANNS Í AÐSÓKN!
CATCHING FIRE LÚXUS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%
FROSINN 2D KL. 3.30 - 5.40 L
FROSINN 3D KL. 3.30 - 5.40 L
THE HUNGER GAMES 2 KL. 6 - 8 - 9 12
THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS KL. 5 - 8 12
THE COUNCELOR KL. 8 16
FURÐUFUGLAR 2D KL. 3.30 - 5.50 L

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%
PIONEER KL. 6 - 9 16
MANDELA KL. 6 - 9 12
THE HUNGER GAMES 2 KL. 6 - 9 12
HROSS Í OSS KL. 6 - 9 12

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
PIONEER KL. 6 - 8 16
MANDELA KL. 10 12
THE HUNGER GAMES 2 KL. 6 - 9 12
Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁSBÍÓ
ÍSL TAL FROSINN
L ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
CATCHING FIRE
12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
FROZEN 3D 5.30 L
FROZEN 2D 6 L
HUNGER GAMES 2 8, 9, 10 12
FURÐUFUGLAR 2D 5 L



**Á FERÐ OG FLUGI** Jógvan og Friðrik Ómar hafa verið á ferðalagi um landið ásamt Gretu Salóme og Heiðu Ólafs.

# Jól alls staðar á Ísafirði

Þau Greta Salóme, Heiða Ólafs, Jógvan og Friðrik Ómar halda tónleika í Ísafjarðarkirkju í kvöld klukkan 20. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Jólin eru alls staðar.

Söngvararnir fjórir hafa verið á ferðalagi um landið í desembermánuði og flutt jólalög fyrir landsmenn. Að loknum þessum tónleikum munu þau halda til Suðurnesja, en tónleikaröðinni lýkur þar 19. desember.



**Á NORÐURLANDI** Ragnheiður og Kristjana verða á Siglufirði í kvöld og Akureyri á morgun.

# Eitthvað fallegt á Siglufirði

Þau Ragnheiður Gröndal, Svavar Knútur og Kristjana Stefánsdóttir halda til Siglufjarðar með tónleikaröð sína Eitthvað fallegt. Tónleikarnir fara fram í kvöld klukkan 20 í Siglufjarðarkirkju.

Ókeypis er fyrir börn yngri en átján ára og er sérstakur afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

Á morgun halda þremenningarnir tónleika á Akureyri og 20. desember troða þeir upp á Café Rosenberg í Reykjavík. Hluti af ágóða af miðasölu á tónleikana rennur til góðgerðafélags í grennd við hvern tónleikastað fyrir sig. Miðasala fer fram á midi.is.



**FYRSTA LEIKRITIÐ** Leikhópurinn Lúna frumsýnir nýtt leikrit í kvöld.

# Jólaleikrit með góðan boðskap

„Boð er frumsamið leikrit eftir leikhópinn okkar sem kallast Lúna," segir Kristbjörg Lára Gunnarsdóttir leikari í leikhópnum. Leikritið fjallar um einstæða konu og hennar reynslu á aðfangadegi og um það hvernig það er að vera einn um jólin.

Frítt er inn á sýningu en hins vegar er tekið við frjálsum framlögum sem renna óskipt til styrktar geðsviði Landspítalans. Sýningarnar fara fram 17. og 18. desember klukkan 20.30 í Smiðjunni í Listaháskólanum við Sölvhólsgötu 13. - glp

# Grimmir dómarar

**BAKÞANKAR**
Ólafar Skaftadóttur



**ÉG** verð að viðurkenna að mín viðbrögð við dómnum í Al Thani-málinu svokallaða virðast hafa verið á skjön við tilfinningar meginþorra þjóðarinnar. Að minnsta kosti gladdist ég ekki sérstaklega yfir óförum þessara manna. Ég öskraði ekki upp yfir mig af fögnuði, fékk mér ekki kampavínsglas og steytti alls ekki hnefa til merkis um að réttlætinu væri fullnægt. Miklu frekar er rétt að segja að ég hafi orðið hugsi. Getur það staðist að íslenskir bankamenn séu verri að innræti en erlendir kollegar þeirra?

**NÚ** veit ég til þess að Barclaysbanki í Bretlandi sótti sér fjármagn til sama heimshluta á sama tíma og Kaupþingsmenn. Hvernig stendur á því að þar í landi hefur engum dottið í hug að fangelsa forstjóra, stjórnarformann og stærsta eigandann? Þó hafa Bretar stundað nútímabankastarfsemi síðan 1650. Við síðan 2002.

**HVAÐ** lærðu íslenskir dómstólar á áratug sem Bretar kunna ekki enn eftir 350 ár? Ég hugsaði líka til réttarhaldanna yfir gamla forsætisráðherranum okkar, Geir H. Haarde. Bankakerfið hrundi á hans vakt. Fyrir vikið var hann saksóttur og endaði sem dæmdur maður. Ég trúi ekki að Geir sé verri en Gordon Brown kollegi hans í Bretlandi, til dæmis. Það er alkunna að bankar á borð við Lloyds, Royal Bank of Scotland, Lehman og fleiri, voru líklega í enn verri málum en Kaupþing. Kannski er þetta bara vitleysa í mér og þessi mál alls ekki samanburðarhæf.

**KANNSKI** er ég hlutdræg af því ég þekki margt gott fólk sem stundar viðskipti, og þykist vita fyrir víst að þessir vinir mínir og ættingjar eru ekki verri en annað fólk. Þau eru þvert á móti klárt fólk sem hefur kennt mér margt í lífinu og ég lít upp til. Eitt er að minnsta kosti ljóst – viðbrögðin við dómnum, sem einkenndust af þórðargleði og skeytingarleysi um örlög samborgaranna, voru ekki til þess fallin að blása manni þjóðarstolti í brjóst.



**GERIR EKKI UPP Á MILLI** Birgit er stolt af öllum verkefnum sínum og lítur á hvert og eitt eins og barnið sitt. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hlaut fyrstu verðlaun

Birgit Guðjónsdóttir kvikmyndatökukona hlaut fyrstu verðlaun á Women's International Film & Television Showcase fyrir vinnu sína í kvikmyndagerð.

„Það var verðlaunaafhending svona í kringum þetta, en það er búið að vera svo mikið að gera hjá mér í vinnunni að ég komst ekki. Ég sendi þeim samt upptöku þar sem ég þakka fyrir mig. Mér finnst hundleiðinlegt að hafa ekki komist. Loksins þegar maður fær tækifæri á að komast til Hollywood!" segir íslenska kvikmyndatökukonan Birgit Guðjónsdóttir sem hlaut fyrstu verðlaun á Women's International Film & Television Showcase fyrir bestu kvikmyndatökuna á dögunum.

Birgit hefur verið búsett í Þýskalandi síðastliðin tólf ár, en hún hefur unnið við stórmyndir á borð við Goodbye Lenin, The Bourne Supremacy og Our Grand Despair, sem hún fékk meðal annars tilnefningu til Gullbjarnarins fyrir á kvikmyndahátíðinni í Berlín í febrúar 2011.

Aðspurð segist hún ekki geta gert upp á milli verkefna. „Ég er alltaf stolt af því sem ég geri. Þetta eru eins og börnin manns, ekki hægt að gera upp á milli," bætir hún við.

Birgit hóf að vinna við kvikmyndagerð árið 1984, en þá hafði hún nýverið lokið fjögurra ára ljósmyndanámi í Austurríki. Hún hefur aldrei unnið að alíslenskri mynd, en langar mikið til þess. „Ég hef unnið verkefni á Íslandi, en þá fyrir erlend framleiðslufyrirtæki. Til dæmis skaut ég eina heimildarmynd sem er verið að sýna núna í Þýskalandi, en hún fjallar um þýskar konur sem komu til Íslands árið 1949. Þá setti landbúnaðarráðuneytið auglýsingu í dagblað í norðurhluta Þýskalands því það vantaði vinnukonur úti á landi. Það komu 200 konur frá Þýskalandi og stór hluti þeirra settist hér að og fór aldrei aftur."

Það er í nægu að snúast fyrir Birgit. „Næst á dagskrá er heimildarmynd um svartar söngkonur í Bandaríkjunum sem ég er að skjóta fyrir austurrískt fyrirtæki og svo er ég sennilega að fara að taka mynd næsta sumar á Íslandi, fyrir svissneskt fyrirtæki. Það er aðeins of snemmt að ræða um það, en ég er mjög spennt fyrir því að koma heim," segir Birgit.

> Birgit hefur unnið við stórmyndir á borð við Goodbye Lenin, The Bourne Supremacy og Our Grand Despair, sem hún fékk meðal annars tilnefningu til Gullbjarnarins fyrir á kvikmyndahátíðinni í Berlín í febrúar 2011.

olof@frettabladid.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
MANDELA
GRAVITY 3D
PHILOMENA
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

## Stór og falleg jólatré, danskur normannsþinur

# JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI



**Eitt stk. á mann**

Normannsþinur 150-220 cm. **Eitt verð:**

**4.980kr.** stk.

Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur þér svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar. Eitt verð fyrir allar stærðir.

**OPIÐ 24 TÍMA**

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**

**ICELAND ENGIHJALLA**

**Nýtt kortatímabil**

**Iceland**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

# SPORT

## Fjórtán HM-sigrar í röð hjá Þóri og norsku stelpunum



Þórir Hergeirsson og stelpurnar hans í norska kvennalandsliðinu í handbolta tryggðu sér í gær sæti í átta liða úrslitum HM í Serbíu. Norska liðið átti ekki miklum vandræðum með Tékka og vann tíu marka sigur, 31-21.

Þórir hefur þar með stýrt liðinu til sigurs í fjórtán HM-leikjum í röð því norsku stelpurnar unnu átta síðustu leiki sína á HM í Brasilíu 2011 og hafa síðan unnið sex fyrstu leiki sína á HM í Serbíu.

Noregur mætir Serbíu í átta liða úrslitunum á morgun. Í hinum leikjunum mætast: Brasilía-Ungverjaland, Pólland-Frakkland og Danmörk-Þýskaland. Noregur mætir sigurvegaranum úr leik Pólverja og Frakka komist liðið í undanúrslitin.

## Hestarnir í beinni á Stöð 2 Sport í vetur



**SAMINGAR Í HÖFN Í NAUTHÓLSVÍK** Kristinn Skúlason, formaður stjórnar Meistaradeildarinnar og Freyr Einarsson, sjónvarpsstjóri 365 miðla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**HESTAR** Meistaradeildin í hestaíþróttum og 365 miðlar skrifuðu í gær undir samstarfssamning um að Stöð 2 Sport verði með beinar útsendingar frá mótaröð Meistaradeildarinnar í hestaíþróttum árið 2014.

Öll keppnisröðin verður sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 sport sem og í gegnum netið í háskerpugæðum.

Stöð2 Sport mun einnig verða með sérstaka umræðuþætti um keppnisröðina áður en keppnistímabilið 2014 hefst og þá fer einnig fram umræðuþáttur á stöðinni eftir hverja keppni í vetur. **- óój**



**HVAR STANDA ÞÆR?** Ragnheiður Júlíusdóttir úr Fram er ein af ungu og efnilegu leikmönnunum í Olís-deild kvenna í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Þjálfarar völdu þær bestu

**HANDBOLTI** Fréttablaðið fékk alla tólf þjálfara Olís-deildar kvenna í handbolta til að velja þá leikmenn deildarinnar sem að þeirra mati skara fram úr á ákveðnum sviðum leiksins.

Það er síðan ætlunin að birta niðurstöðurnar úr könnun Fréttablaðsins í síðustu blöðum ársins en deildin fer síðan á stað á ný eftir áramót.

Þjálfarar deildarinnar völdu í sameiningu mikilvægasta leikmanninn, besta hraðaupphlaupsmanninn, besta varnarmanninn, bestu skyttuna, duglegasta leikmanninn, besta markvörðinn og efnilegasta leikmann deildarinnar. **- óój**

# Á ekkert smá bágt með mig

Birna Valgarðsdóttir hefur verið frá keppni undanfarnar vikur vegna hnémeiðsla. Reynsluboltinn 37 ára segir afar erfitt að fylgjast með af bekknum og neitar að gefa upp hvort tímabilið sé hennar síðasta eða ekki.

**KÖRFUBOLTI** „Ég er farin að geta hjólað aðeins og gera léttar æfingar hérna heima,“ segir Birna Valgarðsdóttir leikmaður Keflavíkur. Birna datt á hnéð í leik meistara meistaranna milli Keflavíkur og Vals í byrjun október. Meiðslin reyndust alvarlegri en talið var í fyrstu.

„Ég reif liðþófa og braut bein,“ segir Birna sem gekkst undir aðgerð af þeim sökum þann 29. nóvember. Liðþófinn var lagaður og beinflísar teknar úr hnénu.

„Tvö göt voru boruð inni í hnénu til að smá skel kæmist yfir brjóskið,“ segir Birna sem notaði hækjur fyrstu dagana á eftir. Nú er hún hækjulaus og endurhæfingin hafin.

Margir reiknuðu með því að Birna, sem verður 38 ára í janúar, myndi leggja skóna á hilluna í vor. Keflavík varð tvöfaldur meistari og Birna bætti stigamet Önnu Maríu Sveinsdóttur í deildarkeppninni.

„Það kom nýr þjálfari og voru skemmtilegir tímar fram undan svo ég ákvað að taka eitt ár í viðbót,“ segir Birna. Hún viðurkennir að sér finnist afar erfitt að segja bara bless við íþrótt sína.

„Þessi meiðsli voru samt ekki á planinu,“ segir Birna sem tók þátt í fyrsta deildarleik Keflavíkur þrátt fyrir meiðslin. Alvarleiki þeirra lá ekki ljós fyrir. Síðan hefur hún þurft að sitja á bekknum sem hún segir vera svakalega erfitt.

„Maður á ekkert smá bágt með sig að geta ekki farið inn á og gert eitthvað,“ segir Birna. Hún mátti horfa upp á félaga sína tapa stórt í toppslagnum gegn Snæfelli um helgina. Fyrir vikið misstu Keflvíkingar toppsætið alfarið í hendur Hólmara.

„Ég veit ekki alveg hvar við vorum í þeim leik. Við mættum en samt ekki,“ segir Birna. Hver hafi verið í sínu horni og leikmenn gleymt því sem lögð var áhersla á í byrjun móts undir stjórn nýs þjálfara, Andy Johnston.

„Maður hefur verið að hlaupa sömu kerfin í yfir tíu ár. Svo kemur hann inn með eitthvað allt annað,“ segir reynsluboltinn. Hún segir Johnston setja meiri kröfur á leikmennina.

„Við komumst ekki upp með neitt kjaftæði. Ef þú spilar ekki vörnina almennilega, leggur þig fram, stígur út og tekur fráköst þá ertu sett á bekkinn,“ segir Birna. Hún viðurkennir að í fyrstu hafi verið erfitt að taka þeim aga en það hafi horfið fljótt. Hann sé þjálfarinn og honum beri að hlýða.

Birna vonast til þess að vera kominn í slaginn sem fyrst til að hjálpa liðinu. Óvíst sé hvenær það verði.

„Maður verður ekkert yngri. Þetta tekur allt smátíma að jafna sig,“ segir Birna létt. Hún vill ekkert gefa upp um hvort tímabilið í ár verði hennar síðasta.

„Það er svo hallærislegt að gefa eitthvað út og svo standa ekki við það. Þegar ég hætti þá verð ég alveg hætt.“

kolbeinntumi@frettabladid.is



**SÚ STIGAHÆSTA FRÁ UPPHAFI** Birna Valgarðsdóttir bætti stigamet Önnu Maríu Sveinsdóttur í lok síðasta tímabils. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# Dagný nýr fyrirliði hjá Florida State

Miðjumaðurinn enn óviss um verustað næsta sumar.

**FÓTBOLTI** „Þetta verður tíunda ár þjálfarans með liðið og í fyrsta skipti sem útlendingur verður fyrirliði,“ segir Dagný Brynjarsdóttir, leikmaður og nemi við Florida State-háskólann. Dagný er á sínu þriðja ári við skólann en knattspyrnutímabilinu lauk í síðustu viku. Florida State fór alla leið í úrslitaleikinn þar sem gullmark í framlengingu þurfti til að knýja fram úrslit. Daginn eftir var tilkynnt að Sunnlendingurinn yrði fyrirliði liðsins á næsta tímabili.

Liðið hafði komist í undanúrslit undanfarin ár en ekki tekist að komast yfir þá hindrun. Það tókst núna þrátt fyrir að byggja hafi þurft upp nýtt lið að vissu leyti því margir lykilmenn útskrifuðust.

„Á næsta ári ættum við að vera með reynslumesta liðið af þeim sem ég hef verið í,“ segir Dagný sem þá verður á lokaári sínu. Aðeins tveir mikilvægir leikmenn útskrifist í vor og því verði minni breytingar en oft áður.

Dagný er komin heim í jólafrí og var önnum kafin við að passa tvo unga frændur sína þegar blaðamaður heyrði í henni í gær. Hún er enn óviss um hvar hún spili næsta sumar en undanfarin ár hefur hún spilað með Val.

„Ég er búin að segja þjálfaranum mínum að ég fari ekki til Japan,“ segir Dagný sem hvött var til þess að fara í akademíu til Asíu næsta sumar. Nú vilji hann að hún spili með Pali Blues í Los Angeles í sumardeildinni vestanhafs. Þá hafa lið á Íslandi sett sig í samband við Dagnýju.

„Ég tek örugglega ekki ákvörðun fyrr en í janúar,“ segir Dagný. Hún vill fara yfir málin með þjálfara sínum hjá Florida State en ákvörðun verður tekin. **-ktd**



**HVAÐ GERIR DAGNÝ?** Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir er ekki búin að ákveða hvar hún spilar á næsta ári.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst
ódýr og snjöll




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO · www.expo.is

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|



**GYLFI ÞÓR** Fer með nýjan þjálfara í næsta verkefni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gylfi fer til Úkraínu

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 32 liða úrslit Evrópudeildar UEFA. Þá koma inn í keppnina liðin sem lentu í þriðja sæti síns riðils í Meistaradeildinni.

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham fara til Úkraínu þar sem þeir mæta Dnipro. Ajax, lið Kolbeins Sigþórssonar, þarf aftur á móti að mæta Salzburg frá Austurríki.

Aron Jóhannsson og Jóhann Berg Guðmundsson munu fara með liði sínu, AZ Alkmaar, til Tékklands þar sem liðið spilar við Slovan Liberec.

Einnig verður áhugaverð rimma hjá Swansea og Napoli þar sem Rafa Benitez er að þjálfa.

Ekki var aðeins dregið í 32 liða úrslitin því einnig var dregið í 16-liða úrslitin. Liðin vita því hvað bíður þeirra ef þau komast áfram.

Leikirnir í 32 liða úrslitunum fara fram 20. og 27. febrúar. - hbg

### EVRÓPUDEILD UEFA

**32 LIÐA ÚRSLIT**

- Dnipro - Tottenham
- Real Betis - Rubin Kazan
- Swansea - Napoli
- Juventus - Trabzonspor
- NK Maribor - Sevilla
- Viktoria Plzen - Shaktar Donetsk
- Chornomorets Odesa - Lyon
- Lazio - Ludogorets
- Esbjerg - Fiorentina
- Ajax - Salzburg
- Maccabi Tel-Aviv - Basel
- Porto - Frankfurt
- Anzhi - Genk
- Dynamo Kiev - Valencia
- PAOK - Benfica
- Slovan Liberec - AZ Alkmaar

**16 LIÐA ÚRSLIT**

- Liberec/AZ Alkmaar - Anzhi/Genk
- Lazio/Ludogorets - D. Kiev/Valencia
- Porto/Frankfurt - Swansea/Napoli
- Chornomorets/Lyon - V. Plzen/S. Donetsk
- Maribor/Sevilla - Real Betis/Rubin Kazan
- Dnipro/Tottenham - PAOK/Benfica
- Maccabi Tel-Aviv/Basel - Ajax/Salzburg
- Juventus/Trabzons. - Esbjerg/Fiorentina



**SERGIO AGUERO** Besti leikmaður City í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aguero verður frá í mánuð

**FÓTBOLTI** Man. City varð fyrir áfalli í gær þegar ljóst var að argentínski framherjinn, Sergio Aguero, verður frá næsta mánuðinn vegna meiðsla.

Aguero hefur verið sjóðheitur í vetur og er búinn að skora 19 mörk það sem af er tímabilsins.

Hann meiddist á læri í 6-3 sigri City á Arsenal. Liðið verður því að lifa án hans í jólatörninni erfiðu. - hbg

# Ég er heppnasti maðurinn í Meistaradeildinni

Didier Drogba mun snúa aftur á Stamford Bridge með liði sínu, Galatasaray, í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Man. City og Arsenal fengu gríðarlega erfið verkefni en Man. Utd datt í lukkupottinn á ný.

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, talaði um fyrir dráttinn í Meistaradeildinni að hann vildi endilega spila gegn Didier Drogba og Galatasaray. Það sem Jose vill fær hann venjulega og engin breyting varð á því er dregið var í gær.

„Þvílíkur dráttur. Ég er heppnasti maðurinn í Meistaradeildinni. Ég verð á heimavelli í báðum leikjum. Sjáumst eftir nokkra mánuði," skrifaði Drogba á Instagram-síðu sína eftir dráttinn en hann vildi endilega koma aftur á Brúna og spila gegn Mourinho og félögum.

Drogba lék 340 leiki fyrir Chelsea á sínum tíma og er goðsögn hjá stuðningsmönnum félagsins. Hann skoraði er Chelsea tryggði sér sigur í Meistaradeildinni. Það var hans síðasti leikur fyrir félagið. Mourinho hvatti til þess að hann fengi hlýjar móttökur og þær mun hann alveg örugglega fá.

### Man. City vill ekki mæta Barca

Það var vitað allan tímann að bæði Man. City og Arsenal myndu fá sterka andstæðinga þar sem þeim tókst ekki að vinna sína riðla. Man. City kom fyrst upp úr skálinni í gær. Andstæðingur þeirra verður Barcelona. Alvöru stórleikur.

„Lið verða að spila gegn því liði sem það fær en Man. City vill ekki spila á móti Barcelona," sagði Gerardo Martino, þjálfari Barcelona, ákveðinn en hann veit engu að síður að hann er að fara að spila gegn afar sterku liði.

„City er með marga frábæra leikmenn. Við munum fara á þeirra völl til þess að vinna engu að síður."

Martino mun mæta Manuel Pellegrini, fyrrum þjálfara Real Madrid, á hliðarlínunni.

„Það verður mjög spennandi að spila gegn liði Pellegrini en mér finnst hann vera einn besti þjálfari heims."

### Vildi frekar Zenit en Arsenal

Arsenal á ekki síður erfitt verkefni fyrir höndum gegn Evrópumeisturum Bayern. Þessi lið mættust einnig í sextán liða úrslitunum í fyrra og þá hafði Bayern betur.

„Það voru auðveldari andstæðingar í pottinum. Það er alveg ljóst. Ég hefði til að mynda frekar viljað spila gegn Zenit en Arsenal," sagði Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður Arsenal.

„Við erum samt ekkert að syrgja þennan drátt. Það liggur fyrir að það þarf að vinna alvöru lið til þess að komast áfram í þessari keppni. Við þurfum að spila tvo góða leiki. Með þrjá Þjóðverja í liðinu er að komast meiri stöðugleiki í þeirra lið og liðið er að spila vel."

> „Ég verð á heimavelli í báðum leikjum. Sjáumst eftir nokkra mánuði.
>
> *Didier Drogba*

Real Madrid var talið nokkuð heppið með að lenda gegn Schalke. Real hefur fallið úr leik í undanúrslitum síðustu ár en ætlar sér stærri hluti í vetur.

„Það er ekkert auðvelt verkefni í sextán liða úrslitunum. Við þurfum að vera gríðarlega einbeittir," sagði Carlo Ancelotti, þjálfari Real.

„Þetta er reynslumikið lið. Það var engin heppni að lenda gegn þessu liði. Þessi keppni er gríðarlega mikilvæg og við verðum að vera tilbúnir í febrúar."

PSG dróst gegn Bayer Leverkusen og þjálfari þeirra, Laurent Blanc, leyndi því ekki að hann var feginn að losna við AC Milan og Arsenal.

„Við sluppum við sterk lið eins og Milan og Arsenal. Við höldum samt ekki í eina sekúndu að þetta verði auðvelt. Við munum mæta tilbúnir," sagði Blanc eftir dráttinn.

„Ég sá liðið tapa 5-0 gegn Man. Utd en sá leikur gaf ekki rétta mynd af þeirra styrkleika. Það eru mikil gæði í þessu liði eins og sést á því að það er í öðru sæti í þýsku úrvalsdeildinni."

henry@frettabladid.is



**SAMAN Á NÝ** Það verður vafalítið skemmtileg stund er Drogba kemur aftur til Chelsea. Hann mun örugglega fá faðmlag frá Mourinho. NORDICPHOTOS/GETTY

### 16-liða úrslit í Meistaradeild Evrópu

**Fyrri leikur:** 18./19.,25./26. feb. **Innbyrðisviðureignir** **Seinni leikur:** 11./12.,18./19. mars

| | | |
|---|---|---|
| **Man. City ENG**<br>Riðlakeppnin<br>Tvisvar í riðlakeppni | **Fyrsti leikur liðanna**<br>**Árangur í fyrra**<br>**Besti árangur** | **Barcelona SPÁ**<br>Undanúrslit<br>Unnið 4 sinnum |
| **Olympiacos GRI**<br>Riðlakeppni<br>Átta liða úrslit 1999 | **S0-J0-T4** | **Man. Utd ENG**<br>16-liða úrslit<br>Unnið 3 sinnum |
| **AC Milan ÍTA**<br>16 liða úrslit<br>Unnið 7 sinnum | **Fyrsti leikur liðanna** | **Atletico Madrid SPÁ**<br>-<br>Úrslit 1974 |
| **Leverkusen ÞÝS**<br>-<br>Úrslit 2002 | **Fyrsti leikur liðanna** | **Paris SG. FRA**<br>Átta liða úrslit<br>Undanúrslit 1995 |
| **Galatasaray TYR**<br>Átta liða úrslit<br>Undanúrslit 1989 | **S0-J0-T2** | **Chelsea ENG**<br>Riðlakeppnin<br>Sigurvegari 2012 |
| **Schalke ÞÝS**<br>16 liða úrslit<br>Undanúrslit 2011 | **Fyrsti leikur liðanna** | **Real Madrid SPÁ**<br>Undanúrslit<br>Unnið 9 sinnum |
| **Zenit RÚS**<br>Riðlakeppnin<br>16 liða úrslit 2012 | **Fyrsti leikur liðanna** | **Dortmund ÞÝS**<br>Úrslit<br>Sigurvegari 1997 |
| **Arsenal ENG**<br>16 liða úrslit<br>Úrslit 2006 | **S2-J1-T3** | **Bayern München ÞÝS**<br>Sigurvegari<br>Unnið 5 sinnum |

| Átta liða úrslit | Undanúrslit | Úrslitaleikurinn |
|---|---|---|
| 1./2.,8./9. apríl | 22./23.,29./30. apríl | 24. maí. Estadio da Luz, Lissabon |

*Heimild: UEFA* *GRAPHIC NEWS*

# Villas-Boas virðist ekki kunna tökin á Englandi

Andre Villas-Boas er aðeins 36 ára en hefur engu að síður verið rekinn frá bæði Chelsea og Tottenham.

**FÓTBOLTI** Það kom líklega fáum á óvart í gær þegar Tottenham ákvað að reka Andre Villas-Boas sem knattspyrnustjóra félagsins. Hann entist í starfinu í eitt og hálft ár.

Spurs tapaði um helgina 5-0 á heimavelli gegn Liverpool. Það var kornið sem fyllti mælinn hjá stjórn félagsins. Aðeins eru þrjár vikur síðan liðið tapaði 6-0 gegn Man. City.

„Ég mun ekki taka neina ákvörðun um mína framtíð. Ég mun ekki segja upp því ég er baráttumaður," sagði Villas-Boas eftir tapið gegn Liverpool.

Gengi liðsins hefur verið undir væntingum í vetur, en liðinu gengið afar illa að skora. Spurs hefur aðeins skorað fimmtán mörk í sextán deildarleikjum.

Portúgalanum hefur ekki gengið vel í ensku úrvalsdeildinni. Hann var ráðinn til Chelsea árið 2011 en rekinn einu ári síðar.

### Hafnaði PSG og Real

Tímabilið í fyrra var aftur á móti gott hjá Tottenham. Liðið fékk 72 stig sem venjulega dugar í Meistaradeildarsæti en ekki í fyrra. Stjórinn sagði svo í sumar að hann hefði hafnað tilboðum frá bæði PSG og Real Madrid. Hann vildi vera áfram hjá Tottenham.

Spurs seldi Gareth Bale í lok sumars og keypti fjölda leikmanna fyrir þann pening. Ekki hefur gengið sem skyldi að búa til nýtt lið. Þó svo að þessi aðgerð hafi ekki komið á óvart þá hafa margir gagnrýnt hana. Þar á meðal Gary Neville sem segir það taka meiri tíma að byggja nýtt lið en Villas-Boas hafi fengið.

Eðlilega er þegar farið að spá í hver muni taka við af brottrekna stjóranum. Nöfn Fabio Capello, landsliðsþjálfara Rússlands, Michaels Laudrup, stjóra Swansea, og Glenn Hoddle, fyrrum landsliðsmanns liðsins, eru þegar komin á borðið og fleiri nöfn eiga klárlega eftir að koma fram á næstunni. - hbg

### Síðustu sjö leikirnir með Chelsea

- 1-1 jafntefli við Swansea
- 3-3 jafntefli við Manchester United
- 0-2 tap fyrir Everton
- 1-1 jafntefli við Birmingham (bikar)
- 1-3 tap fyrir Napoli (Meistaradeild)
- 3-0 sigur á Bolton
- 0-1 tap fyrir West Bromwich Albion

Rekinn 4. mars 2012

**Endirinn í ensku úrvalsdeildinni:**
5 síðustu leikirnir: 5 stig, markatala: 7-7

### Síðustu sjö leikirnir með Tottenham

- 0-6 tap fyrir Manchester City
- 2-0 sigur á Tromsö (Evrópudeild)
- 2-2 jafntefli við Manchester United
- 2-1 sigur á Fulham
- 2-1 sigur á Sunderland
- 4-1 sigur á Anzhi (Evrópudeild)
- 0-5 tap fyrir Liverpool

Rekinn 16. desember 2013

**Endirinn í ensku úrvalsdeildinni:**
5 síðustu leikirnir: 7 stig, markatala: 6-15



**HVAÐ NÆST?** Villas-Boas er nú í leit að nýju starfi. NORDICPHOTOS/GETTY

# LOFTLJÓS

BELID
MADE IN SWEDEN





**Rafkaup**

Ármúla 24 • S: 585 2800 • rafkaup.is

# Viðurkenna uppeldishlutverkið

Knattspyrnudeild Breiðabliks hefur hleypt af stokkunum nýju verkefni með markvörðinn Gunnleif Gunnleifsson í broddi fylkingar. Fræðsla fyrir iðkendur sem foreldra verður efld til muna hvað varðar einelti, kynferðisbrot, vímuefnanotkun og veðmálastarfsemi.

**FÓTBOLTI** „Foreldrar treysta okkur fyrir börnunum sínum og við viljum standa undir því trausti,“ segir Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður karlaliðs Breiðabliks og íslenska landsliðsins. Gunnleifur gegnir nýju hlutverki frístunda- og forvarnafulltrúa hjá knattspyrnudeildinni.

„Við viljum að allir séu glaðir og ánægðir hjá félaginu okkar. Svo viljum við ala upp góða samfélagsþegna ásamt því að ala upp afreksfólk,“ segir markvörðurinn. Hann segir verkefnið hugarfóstur formanns knattspyrnudeildar, Borghildar Sigurðardóttur. Hún minnir á að ekki sé óalgengt að krakkar æfi fjórum til fimm sinnum í viku hjá félaginu. Það sé þeirra annað heimili.

„Því þarf félagið að hafa metnað til þess að leggja góðar línur. Það eru ekki bara skólinn og foreldrar sem eiga að sinna þessu. Við verðum að viðurkenna uppeldishlutverk okkar,“ segir Borghildur.

Auka á fræðslu bæði hjá iðkendum og foreldrum þeirra og kennir þar ýmissa grasa. Borghildur segir mikilvægt að geta leitað til afreksmanna og fyrirmynda hjá félaginu. Gunnleifur stýri því verkefni.

„Það vita allir hvað er hollt og óhollt. Það þýðir samt ekki að við förum eftir því,“ segir Borghildur. Í fyrra hafi leikmenn úr meistaraflokkum félagsins mætt á æfingar hjá öllum yngri flokkum og rætt við krakkana um mataræði.

„Þau eru búin að heyra þetta hundrað sinnum. En þegar Finnur Orri (Margeirsson) eða Greta Mjöll (Samúelsdóttir), leikmenn Blikanna, útskýra þetta þá taka börnin mark á því,“ segir Borghildur. Hún segist vita til þess að fjölmargir krakkar hafi farið eftir leiðbeiningunum í marga mánuði eftir heimsóknirnar.

Borghildur minnir á að það að æfa fótbolta snúist um meira en að ætla að verða atvinnumaður.

### Forvarnir vegna vímuefna Gunnleifi hjartans mál

„Þarna eru krakkar með áhugamál, sem sækja í góðan félagsskap og umgjörð okkar þarf að miða við það. Það er líka á okkar ábyrgð að búa til stjórnarmenn, fjölmiðlafulltrúa, þjálfara og dómara framtíðarinnar.“

Gunnleifur segir félagið vinna að því að bæta forvarnir og viðbrögð er varðar einelti, kynferðisbrot, meiðsli ungra iðkenda, brottfall vegna meiðsla og brottfall almennt. Einnig sé markmiðið að fræða bæði börn og foreldra um áhrif áfengis- og vímuefnaneyslu á líkamann.

**250**

strákar og stelpur æfa knattspyrnu í 8. flokki Breiðabliks.

„Það er mitt hjartans mál enda hef ég mikla reynslu af því,“ segir Gunnleifur. Fræðslan skipti gríðarlega miklu máli og þá sérstaklega í elstu flokkum hjá báðum kynjum.

„Félögin hafa staðið fyrir fræðslu um áfengisnotkun og hvernig fer fyrir íþróttafólki sem fer yfir strikið. Þó þarf líka að fræða krakkana nákvæmlega um hvað t.d. hálfur lítri af vodka gerir við skrokkinn; blóðið, frumurnar og vöðvana.“

### Kynna einkenni veðmálafíknar fyrir foreldrum

Eitt nýjasta vandamál íþróttahreyfingarinnar er veðmálastarfsemi. Veðjað er á leiki í íslenskri knattspyrnu um allan heim og miklir fjármunir í spilunum. Veðjað er um allt frá því hvernig leikur fari og til þess hvort lið fái á sig vítaspyrnu í leikjum. Hver sem er getur veðjað á leiki á netinu.

„Aðgengi að þessu er orðið svo mikið en þekkingin á afleiðingunum er ekki jafnmikil. Foreldrar og krakkar gera sér kannski ekki alveg grein fyrir hve langt leidd þau geta orðið,“ segir Borghildur og Gunnleifur tekur dæmi:

„Ef unglingur er farinn að fikta við eitthvað slíkt er mikilvægt að foreldrarnir séu meðvitaðir um einkennin enda sjá þeir börnin mun meira en við.“

Þá er sú hætta að veðmálastarfsemi hafi áhrif á spilamennsku leikmanna. Í versta falli gætu leikmenn freistast til að hafa áhrif á útkomu leikja eða einstök atvik í leikjum.

„Við höfum sett skilyrði í þjálfarasamninga varðandi veðmálin og ætlum að setja þau í leikmannasamninga líka,“ segir Borghildur. Varðandi einelti og kynferðislegt ofbeldi sé svo afar mikilvægt að ákveðin ferli séu til staðar ef einhvers slíks verður vart innan félagsins.

„Við erum öll sjálfboðaliðar og það er gjarnan skipt um aðila,“ segir Borghildur um kollega sína í stjórnum deilda Breiðabliks. Fæstir endist lengi í þeim hlutverkum.

„Þá þarf ekki að finna hjólið upp á nýtt. Við viljum hafa skýra og skriflega ferla og tilnefna aðila til að sinna þeim,“ segir Borghildur.

kolbeinntumi@frettabladid.is



**BLIKI** Gunnleifur er uppalinn hjá HK í Kópavogi en ver í dag mark nágrannanna. Hann gerir ýmislegt fleira en að verja markið hjá karlaliði félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




ALLT FYRIR JÓLIN
6 Christmas fylltar kjötbökur
298kr. pk.
12 Party belgískt ís-konfekt
598kr. pk.
Party Pavlova með karamellu og hunangi
598kr. pk.
Baileys bomba
898kr. pk.
Dan cake mini-trufflukökur romm- eða mintubragð
298kr. pk.
Terry's súkkulaðibátar með appelsínubragði
398kr. pk.
Magia di Chocolato 750 g með súkkulaðikremi
998kr. pk.
Pane T Tone con Canditi jólabrauð 500 g
698kr. pk.
8 Connie's karamellukökur
298kr. pk.
Fox's karamellubúðingur
198kr. pk.
Fox's jólabúðingur fyrir fjóra
598kr. pk.
Quality Street Matchmakers mintu- og appelsínusúkkulaði
398kr. pk.
Whitakers-súkkulaði, appelsínu, kaffi, mintu og jarðarberja
298kr. pk.
Jólagjafapappír 8 m rúllur
298kr. pk.
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND ENGIHJALLA
Nýtt kortatímabil
Iceland

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.40
**How I Met Your Mother**



Áttunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni. Vinirnir ýmist styðja hver annan eða stríða, allt eftir því sem við á.



### Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**STÖÐ 3 KL 21.10** Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti, honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason.



### Um land allt
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.05** Í þessum þætti fer Kristján Már í leitir og réttir með Gnúpverjum.



### Penguins – Spy in the Huddle
**SKJÁR EINN KL. 19.50** Skemmtilegir þættir um eitt skrýtnasta og skemmtilegasta dýr veraldar... mörgæsina. Í þessum vönduðu þáttum frá BBC er fylgst með hegðun þessara furðufugla sem lifa á Suðurskautinu.

### FM957 kl. 10.00
**Heiðar Austmann**



Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.




## STÖÐ 2

**06.25** Mom **07.00** Barnatími Stöðvar 2 **07.01** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **07.06** Barnatími Stöðvar 2
**08.15 Malcolm In The Middle**
**08.40 Ellen**
**09.20 Bold and the Beautiful**
**09.40 Doctors**
**10.20 Wonder Years**
**10.45 The Middle**
**11.05 White Collar**
**11.50 Flipping Out**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor**
**13.45 In Treatment**
**14.10 Lois and Clark**
**14.55 Sjáðu**
**15.25 Scooby Doo og félagar**
**15.50 Nornfélagið**
**16.15 Ellen**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.22 Nágrannar**
**17.45 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**17.52 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Stelpurnar**
**19.50 New Girl** *(6:23)*
**20.15 The Big Bang Theory** *(6:24)*
**20.40 How I Met Your Mother** *(24:24)*
**21.05 The Mentalist** *(3:22)*
**21.55 Bones** *(9:24)* Áttunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.40 The Daily Show. Global Editon**
**23.05 Grey's Anatomy** *(11:22)*
**23.50 Lærkevej**
**00.35 Touch**
**01.20 Soul Surfer**
**03.05 Sanctum**
**04.50 Pathology**

## SPORT *besta sætið*

**12.15 16 liða úrslit** HM kvenna í handbolta.
**13.35 16 liða úrslit** HM kvenna í handbolta.
**14.55 16 liða úrslit** HM kvenna í handbolta.
**16.15 16 liða úrslit** HM kvenna í handbolta.
**17.35 Njarðvík - Stjarnan**
**19.05 Spænsku mörkin**
**19.35 Sunderland - Chelsea** BEINT
**21.40 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**22.10 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Göppingen og Flensborg.
**23.30 Sunderland - Chelsea**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.55 Messan**
**14.05 Newcastle - Southampton**
**15.45 Man. City - Arsenal**
**17.25 Premier League World**
**17.55 Aston Villa - Man. Utd.**
**19.35 Sunderland - Chelsea** BEINT
**21.40 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**22.35 Tottenham - Liverpool**
**00.15 Chelsea - Crystal Palace**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**17.10 Junior Masterchef Australia**
**17.55 The Carrie Diaries**
**18.40 American Dad**
**19.00 Extreme Makeover.**
**19.45 Hart of Dixie**
**20.25 Pretty Little Liars** *(15:24)*
**21.10 Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
**21.40 Nikita** *(15:23)*
**22.20 Justified** *(2:13)*
**23.05 Arrow** *(8:23)*
**23.50 Sleepy Hollow**
**00.35 Extreme Makeover.**
**01.20 Hart of Dixie**
**02.00 Pretty Little Liars**
**02.45 Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
**03.15 Nikita**
**04.00 Justified**
**04.50 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Dóra könnuður **07.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.50** Doddi litli **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.31** Svampur Sveinsson **08.53** Latibær **09.05** Ævintýri Tinna **09.27** Brunabílarnir **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Dóra könnuður **11.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.50** Doddi litli **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Áfram Diego, áfram! **12.31** Svampur Sveinsson **12.53** Latibær **13.05** Ævintýri Tinna **13.27** Brunabílarnir **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Dóra könnuður **15.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.50** Doddi litli **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Áfram Diego, áfram! **16.31** Svampur Sveinsson **16.55** Latibær **17.05** Ævintýri Tinna **17.27** Brunabílarnir **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Rasmus Klumpur og félagar **18.05** Lukku láki **18.29** Ofurhundurinn Krypto **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Alvin and the Chipmunks. Chipwrecked **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.00 Strákarnir** S
**17.25 Friends**
**17.45 Seinfeld**
**18.10 Modern Family**
**18.35 Two and a Half Men**
**19.00 Örlagadagurinn**
**19.35 Heimsréttir Rikku** *(3:8)*
**20.05 Um land allt**
**20.30 Pressa** *(3:6)*
**21.20 Sælkeraferðin** *(3:8)*
**21.40 Beint frá býli** *(3:7)*
**22.25 Hlemmavídeó** *(3:12)*
**23.00 Ameríski draumurinn**
**23.45 MasterChef Ísland**
**00.30 Spurningabomban**
**01.15 Svínasúpan**
**01.40 Ástríður**
**02.10 Steindinn okkar**
**02.30 Atvinnumennirnir okkar**
**03.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.55 Everything Must Go**
**12.30 Love and Other Drugs**
**14.20 Jane Eyre**
**16.20 Everything Must Go**
**18.00 Love and Other Drugs**
**19.55 Jane Eyre**
**22.00 Time Traveler's Wife**
**23.50 Day of the Dead**
**01.15 Underground. The Julian Assange Story**
**02.50 Time Traveler's Wife**

## RÚV

**16.20 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10 Úmísúmí**
**17.35 Jóladagatalið - Jólakóngurinn** *(17:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.59 Millý spyr**
**18.06 Skrípin**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Viðtalið** *(Robert Z. Aliber)*
**18.45 Geðveik jól - lögin** *(2013) (5:6)*
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.10 Jól með Price og Blomsterberg** *(Jul med Price og Blomsterberg)* Kökugerðarmeistarinn Mette Blomsterberg og sælkerinn James Price, handritshöfundur Hallarinnar, töfra fram girnilegar jólakræsingar.
**20.40 Hefnd** *(9:22) (Revenge III)* Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar. Meðal leikenda eru Emily Van Camp og Max Martini.
**21.25 Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Úlfakreppa** *(2:2) (A Mother's Son)* Móður grunar að sonur hennar hafi myrt stúlku sem fannst látin og veit ekki hvort hún á að segja til hans eða vernda hann.
**23.10 Dicte** *(3:10)*
**23.55 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr.Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Once Upon A Time**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Save Me**
**18.55 30 Rock**
**19.25 Cheers**
**19.50 Penguins - Spy in the Huddle** *(2:3)*
**20.40 Necessary Roughness** *(5:10)* Vinsæl þáttaröð um sálfræðinginn Dani sem aðstoðar marga af bestu íþróttamönnum Bandaríkjanna þegar andlega hliðin er ekki alveg í lagi.
**21.30 The 11th Victim** Hörkuspennandi mynd um saksóknara í Atlanta sem eltist við fjöldamorðingja.
**23.30 CSI. New York** *(15:17)*
**00.20 Scandal**
**01.10 Necessary Roughness**
**02.00 Law & Order UK**
**02.50 Excused**
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **10.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **13.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **16.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **19.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **22.00** Ryder Cup Official Film 2008 **23.15** Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# FISKIVIKA

**Eitt verð á öllum hvítum fiski og fiskréttum úr fiskborði.**

**Til dæmis:**
Gellur, Ýsa í raspi, Ýsuflök, Þorskhnakkar, Rauðsprettuflök, Steinbítur, Löngusteikur, Keilusteikur, Plokkfiskur, Fiskibollur, Marineraðar Löngusteikur og fleira og fleira.

# 1.390 kr.kg



## HOLLT, GOTT, ÓDÝRT OG FLJÓTLEGT

## Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

# LOK FYRIR HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR

**Vorum að fá fullan gám af lokum.**

Eigum til á lager:
Stærð: 200x200
Stærð: 210x210
Stærð: 220x220
Stærð: 235x235
Stærð: 217x235
Stærð: 217x187



Eigum einnig lok fyrir 8 hyrnda potta frá Trefjum og Normex. t.d. Unnarskel, Snorralaug og Blómaskel.

**Sterkustu lokin á markaðinum í dag**




## Billiardborð
Eigum til 2 stk af billiardborðum



Verð 800.000

**Tilboð núna**
**stgr. 350.000**
**með kúlum og dúk**

## HEITIRPOTTAR.IS
**Sölustaður**

**FISKIKÓNGURINN**
**SOGAVEGI 3**
**SÍMI: 777 2000**

## BESTI BITINN



**„Gaman að þú skulir spyrja að því. Ég er einmitt á Shalimar núna sem er uppáhaldsveitingastaðurinn minn. Ég fæ mér alltaf grænmetisréttinn á hádegishlaðborðinu. Hann er alltaf góður.“**

Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastjóri Listar án landamæra.

# „Eini svona gítarinn í heiminum“

Bubbi Morthens var að fá í hendurnar sérsmíðaðan gítar sem er ákaflega fagur.

„Þetta er eini svona gítarinn í heiminum,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens, sem fékk á dögunum í hendurnar gítar frá einum virtasta gítarframleiðanda í heimi, Martin & co, en hann er sérsmíðaður fyrir Bubba.

Um er að ræða einn fegursta kassagítar sem til er og er hljómur hljóðfærisins eftir útlitinu. Gítarinn er vel skreyttur og hvert einasta smáatriði úthugsað. „Hver hluti gítarsins er sérvalinn, viðartegundir og öll listaverkin eru öll úthugsuð. Það tók um eitt ár að smíða gítarinn,“ útskýrir Bubbi.

„Hann er úr nokkrum viðartegundum eins og „rosewood“ og „snakewood“ sem er í öllum bindingum. Skreytingarnar eru úr ekta perlumóðurskel og hálsinn úr „ebony“-við. Til að geta fengið nógu langan „ebony“-við í hálsinn þarf að nota allavega hundrað ára gamalt tré,“ útskýrir Andrés Helgason, eigandi verslunarinnar Tónastöðvarinnar, sem er umboðsaðili Martin & co á Íslandi.

Á hálsi gítarsins eru tvö falleg listaverk, annars vegar nafn Bubba og lax, sem er úr perlumóðurskel.

„Laxinn er ljósmynd úr breskri veiðibók en því miður veiddi ég hann ekki sjálfur. Ég spila mína fyrstu tónleika með hann núna á fimmtudaginn í Bíóhöllinni á Akranesi, það verður ákaflega gaman,“ bætir Bubbi við.

Fram undan eru tónleikar í Hofi á Akureyri á laugardag og svo verða hinir árlegu Þorláksmessutónleikar Bubba í Eldborgarsalnum í Hörpu á Þorláksmessukvöld. **- glp**



**SÁTTUR VIÐ GRIPINN** Bubbi Morthens er hæstánægður með nýja gítarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


MJÚKIR SÓFAR, STÓRIR SÓFAR, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR ...

**CLEVELAND** – 3JA SÆTA SÓFI



**CLEVELAND** 3ja sæta. Grátt slitsterkt áklæði
Stærð: 210 x 90 x H 80 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
84.990
FULLT VERÐ 94.990

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**
189.990
FULLT VERÐ 209.990

**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi. Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 225 x 225 H: 85 cm. Einnig fáanlegur í svörtu leðri.
309.990
FULLT VERÐ 359.990

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður allan hringinn. Stærð: 202 x 80 H: 80 cm.
329.990
FULLT VERÐ 389.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is




**ÞVÍLÍKT ÚTSÝNI** Söng- og leikkonan kleif Kilimanjaro á árinu.



**VEL ÚTBÚIN** Halla á Aconcagua í Suður-Ameríku.



**MIKILL FÖGNUÐUR** Halla fagnaði með stæl þegar hún komst á topp Aconcagua.



**HUGSUÐUR Í ÞOKU** Halla spáir og spekúlerar á Kilimanjaro.

# Búnaður týndist á leið á suðurskautið

Leik- og söngkonan Halla Vilhjálmsdóttir heldur til suðurskautsins í dag til að ganga á hæsta tind skautsins, Vinson Massif. Verður þetta þriðji tindurinn af tindunum sjö sem Halla klífur á þessu ári en ferðin hefur ekki verið hnökralaus.

„Ég þurfti að taka fimm flug til að komast á suðurskautið. Þegar ég lenti í Punta Arenas í Síle eftir þrjátíu tíma ferðalag var farangurinn minn og búnaður á einhverju allt öðru ferðalagi. En hann skilaði sér og ég er búin að vera í undirbúningi síðustu tvo daga fyrir gönguna,“ segir leik- og söngkonan Halla Vilhjálmsdóttir. Hún heldur til suðurskautsins í dag til að ganga á Vinson Massif, hæsta tindinn á suðurskautinu.

„Þetta verður þriðji tindurinn af tindunum sjö, þeim hæstu í hverri heimsálfu, sem ég geng á á einu ári. Ég er bæði búin að ná toppnum á Aconcagua og Kilimanjaro,“ segir Halla. Pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir er líka á suðurskautinu en óvíst verður hvort stöllurnar tvær hittast. „Ég las í fréttum að önnur íslensk stelpa yrði á sama tíma og ég á suðurskautinu. Þvílík tilviljun.“

Halla hefur gert ýmislegt til að undirbúa sig fyrir þrekraunirnar á árinu. „Undirbúningurinn fer eftir hinum mismunandi kröfum sem hver tindur gerir. Ég hef farið og æft og gist í Snowdonia í Wales til að prófa búnað, hef farið í klettaklifur innandyra, jöklaþjálfun í Ölpunum og stundað jóga. Það getur verið að ég klári tindana fyrst ég er nánast hálfnuð en ég tek eitt skref í einu og reyni að njóta hvers þrekraunaævintýris fyrir sig,“ segir Halla sem er búsett í London. Hún er hrifin af hvers kyns jaðaríþróttum og vekur mikla athygli í London.



**GLEÐILEG STUND** Í fylgd ferðafélaga á Kilimanjaro.

### ➜ Tindarnir 7 – hæsti tindur í hverri heimsálfu




> **Ég verð í gaddfreðnu tjaldi uppi á fjalli á suðurskautinu að gera hana móður mína brjálaða á aðfangadag og jóladag.**

„Ég er komin með fullt mótorhjólapróf og keyri stór hjól um alla London til og frá vinnu, sem gengur svakavel. Fólk heldur reyndar yfirleitt að hjálmurinn sé últranýtískulegt veski þegar ég geng inn því ég lít ekki beint út eins og hinn hefðbundni „biker“,“ segir Halla glöð í bragði, tilbúin fyrir suðurskautið. En hvernig verða jólin hjá þessari duglegu leik- og söngkonu?

„Hvað segirðu, eru jól? Ja, ekki hjá mér. Ég verð í gaddfreðnu tjaldi uppi á fjalli á suðurskautinu að gera hana móður mína brjálaða á aðfangadag og jóladag. Ekki er það nú jólalegt.“

liljakatrin@frettabladid.is


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflléttan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
FITON / SÍA
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna

Matreiðslubókin Í tilefni dagsins eftir sjónvarpskokkinn **Yesmine Olsson** hefur verið tilnefnd til tveggja verðlauna á Gourmand-verðlaunahátíðinni. Bókin er tilnefnd sem besta erlenda matreiðslubókin og besta sjónvarpsmatreiðslubókin í Evrópu. Verðlaunin hafa verið veitt árlega síðan árið 1995 og þykir það mikill heiður að hljóta tilnefningu – hvað þá tvær! - lkg



### Stiklan komin á netið

Fyrsta stiklan úr stórmyndinni Interstellar er komin á netið en henni er leikstýrt af Christopher Nolan. Hann er meðal annars þekktur fyrir nýjustu Batman-myndirnar og Inception. Tökulið myndarinnar kom til Íslands í haust til að taka upp hluta af myndinni en það var framleiðslufyrirtækið Sagafilm sem aðstoðaði tökuliðið. Meðal leikara í myndinni, sem heimsóttu einnig landið fyrr á árinu, eru Matthew McConaughey og **Anne Hathaway.** - lkg



### Mest lesið vísir

1 „Kóngurinn með kónginum“
2 Gleðileg jól, Sigmundur Davíð
3 Draumur fyrir Moyes og Drogba snýr heim / Þessi lið mætast í Meistaradeildinni
4 Stefán Logi á Facebook í fangelsi
5 Ósáttur við yfirlýsingar starfskonu Sólstafa




